

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 19. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, mánudaginn 9. maí 2011, kl. 08:30

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir og Ingvar Pétur Guðbjörnsson í forföllum Guðmundar Inga Gunnlaugssonar. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð, og Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi, undir liðum 1 og 2.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

#### Skipulagsmál og tengd erindi:

1. 44. fundur í Byggingarnefnd Rangárþings bs., dags. 27. apríl 2011.

580-2011 Svínhagi lóð RS9, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi.

Viðar Helgi Guðjohnsen, kt. 140158-4299, Hlíðargerði 20, 108 Reykjavík, sækir um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi á lóð sinni nr. RS9 úr landi Svínhaga, landnr. 196022, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

581-2011 Haukadalur, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir geymslum, gámum.

Ingólfur Steingrímsson, kt. 120369-5989, Lómasölum 3, 201 Kópavogi, sækir um leyfi til að setja niður þrjá gáma og nýta sem kaldar geymslur á landi sínu í Haukadal, landnr. 210911, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

582-2011 Gunnarsholt, Rangárþingi ytra – breytt notkun húsnæðis.

Sveinn Runólfsson sækir um fh. Landgræðslu ríkisins, kt. 710169-3659, Gunnarsholti, 851 Hellu, leyfi til að breyta hesthúsi í skrifstofu og gestastofu. Um er að ræða hús stóðhestastöðvarinnar sem heitir í dag Vesturgarður 1, landnr. 164499, sjá meðfylgjandi teikningar.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

583-2011 Selfjall, lóð 11, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

Halldór G. Eyjólfsson, kt. 270766-5289, Boðagrandu 18, 107 Reykjavík, sækir um byggingarleyfi fyrir sumarhúsi í Haga á lóð nr. 11 v/Selfjall í Rangárþingi ytra, landnr. 178410, skv. meðfylgjandi teikningum. Húsið verður flutt á staðinn.

Sótti áður um byggingarleyfi í maí 2008.

Samþykkt með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

584-2011 Hallstún, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir frístundahúsi.

Þorsteinn J. Karlsson, kt. 170855-3539, Bæjargili 110, 210 Garðabæ, sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahúsi á lóð sinni úr landi Hallstúns, landnr. 203907, í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

585-2011 Gaddstaðir, Rangárþingi ytra – leyfi fyrir hreinsivirki fráveitu.

Bjarni Jón Matthíasson sækir um fh. Rangárþings ytra, kt. 520602-3050, Suðurlandsvegi 1, 850 Hellu, leyfi til að reisa hús yfir hreinsivirki fráveitu. Um er að ræða bráðabirgða-staðsetningu hreinsivirkis, samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

586-2011 Geitasandur, Rangárþing ytra – stöðuleyfi

Magnús Jónsson kt. 250440-4489, Heiðarvegi 20, 230 Reykjanesbæ, sækir um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi á landi sínu að Geitasandi L-20, landnr. 215021 í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi gögnum

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

587-2011 Svínhagi, lóð H-40, í Rangárþingi ytra - byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

Guðjón Þórisson kt. 220370-3569, f.h. Kristins Bergssonar kt. 210661-2049, Sílatjörn 15, 800 Selfossi, sækir um leyfi til byggingar sumarhúss í landi Svínhaga, lóð H-40, landnr. 198140 í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

588 2011 Minni-Vellir, land 165043 - byggingarleyfi fyrir gestahúsi.

Karl Sigurðsson kt. 170542-4289, Bræðratungu 5, 200-Kópavogi, sækir um leyfi til byggingar á gestahúsi í landi Minni-Valla landnr. 165043 í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Samþykkt með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

589 2011 Oddspartur í Þykkvabæ, Rangárþingi ytra – leyfi fyrir klæðningu húss.

Dagrún Jónsdóttir kt. 131170-5569, Oddsparti 851 Hella, sækir um leyfi til að skipta um klæðningu á hlöðu og fjárhúsi, auk viðgerða á burðargrind, að Oddsparti, landnr. 204613, í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

## 2. 40. fundur í Skipulagsnefnd Rangárþings bs., dags. 3. maí 2011.

199 2011 Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna færslu á Búðarhálslínu.

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til breytingar á legu Búðarhálslínu 1 og nýs iðnaðarsvæðis fyrir tengivirki, þar sem Búðarhálslína 1 kemur að Hrauneyjafosslínu 1.

Þær breytingar sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, sem staðfest var 2. febrúar 2011 eru, að gerð er breyting á greinargerð, köflum 14.2 um iðnaðarsvæði og 16.1 um háspennulínur. Á afréttarupprátt sveitarfélagsins er sett inn nýtt iðnaðarsvæði og legu Búðarhálslínu 1 er breytt. Samsvarandi breyting á Búðarhálslínu 1 er gerð á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022.

Samsvarandi breyting verður gerð á gildandi deiliskipulagi fyrir Búðarhálsvirkjun og Búðarhálslínu 1 frá 2001.

Tilkynning um breytingu á línustæði hefur verið send Skipulagstofnun sem komst að þeirri niðurstöðu að breytingin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.

Lega Búðarhálslínu hefur ekki áhrif á svæðisskipulag miðhálandisins sbr. umsögn nefndarinnar dags. 12. maí 2010.

Skipulagsnefnd samþykkir framkomnar athugasemdir Skipulagsstofnunar, og hefur gögnum verið breytt til samræmis við ábendingar stofnunarinnar.

Skipulagsnefnd samþykkir að tillagan ásamt umhverfisskýrslu, verði auglýst samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

200 2011 Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna nýs þjónustu- og frístundasvæðis í landi Heysholts í Rangárþingi ytra.

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og tekur hún til breyttrar landnotkunar í landi Heysholts í Landsveit (landnr. 164975). Í gildandi aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er gert ráð fyrir landbúnaðarsvæði norðan Landvegur (nr. 26), þar er einnig hverfisverndarsvæðið H7, sem er mýri í landi Heysholts.

Gert er ráð fyrir að um 18 ha svæði úr jörðinni Heysholti verði breytt í svæði fyrir frístundabyggð. Á frístundasvæðinu er gert ráð fyrir allt að 36 lóðum. Gert er ráð fyrir að um 7 ha svæði úr jörðinni Heysholti verði breytt í svæði fyrir verslun- og þjónustu sem tengjast mun ferðaþjónustu. Hægt er að skipuleggja allt að 12 lóðir á svæðinu.

Þær breytingar sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem staðfest var 2. febrúar 2011 er að gerð er breyting á greinargerð, köflum 4.3 um frístundabyggð og 4.6 um verslunar- og þjónustusvæði og samsvarandi breyting á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins.

Skipulagsnefnd samþykkir framkomnar athugasemdir Skipulagsstofnunar, og hefur gögnum verið breytt til samræmis við ábendingar stofnunarinnar.

Skipulagsnefnd samþykkir að tillagan verði auglýst samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

201 2011 Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna

5. nýrra frístundasvæða. (Maurholt, Tjörfastaðir, Heklukot, Hallstún og Sælukot)

Þær breytingar sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem staðfest var 2. febrúar 2011, að gerð er breyting á greinargerð, kafla 4.3 um frístundabyggð og samsvarandi breyting á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins.

Maurholt: Rúmlega 40 ha landspildu (landnr. 165449) hefur verið skipt út úr jörðinni Ægissíðu I og heitir spildan Maurholt. Á um 4 ha verða skipulagðar 4 lóðir fyrir frístundabyggð. Aðkoma er af Suðurlandsvegi, um Bugaveg nr. 273 og þaðan um aðkomuveg inn á svæðið. Byggðin mun tengjast viðurkenndum veitum varðandi vatnsöflun og rafmagn og gert er ráð fyrir sameiginlegu hreinsivirki fyrir allar lóðirnar.

Tjörfastaðir: Um 4 ha frístundasvæði er afmarkað úr jörðinni Tjörfastöðum (landnr. 165013). Áætlað er að skipuleggja 4 lóðir á frístundasvæðinu. Byggðin mun tengjast viðurkenndum vatns- og rafmagnsveitum, og er gert ráð fyrir sameiginlegu hreinsivirki fyrir allar lóðirnar. Aðkoma er af Suðurlandsvegi, um Árbæjarveg (nr. 271), Bjallaveg (nr.272), Húsagarðsveg (nr. 2771) og þaðan um aðkomuveg að Tjörfastöðum.

Hallstún: Um 15 ha landspildu (landnr. 203907), hefur verið skipt út úr landi Hallstúns. Nýtt frístundasvæði, allt að 5 ha er afmarkað á spildunni og er heimilt að byggja þar allt að 6 hús. Aðkoma er af Suðurlandsvegi, um Landveg (nr. 26) og þaðan um aðkomuveg að Hallstúni. Byggðin mun tengjast viðurkenndum veitum varðandi vatnsöflun og rafmagn. Gert er ráð fyrir sameiginlegu hreinsivirki fyrir allar byggingar.

Heklukot: Afmarkað er frístundasvæði úr jörðinni Koti á Rangárvöllum á um 1,5 ha eignarlóð (landnr. 164718). Lóðin nefnist Heklukot og eru nú þegar 2 byggingar á henni. Lóðin er á vatnsverndarsvæði III skv. aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Áætlað er að hægt sé að byggja allt að 5 hús á lóðinni. Aðkoma að svæðinu er um Rangárvallaveg (nr. 264) og Heklubraut. Ekki er gert ráð fyrir að húsin tengist almennum veitukerfum. Gert er ráð fyrir sameiginlegu hreinsivirki fyrir öll húsin og þar sem lóðin er innan vatnsverndarsvæðis III verður útfærsla fráveitu unnin í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Sælukot: Í gildandi aðalskipulagi er afmarkað um 90 ha frístundasvæði (F18) í landi Haga í Holtum. Innan frístundasvæðisins er landspildan Sælukot, um 25 ha, sem skipt var út úr landi Haga. Frístundasvæði verður minnkað um 12 ha og breytt í landbúnaðarsvæði. Áætlað er að Sælukot verði sérstæð jörð og þar verði heimilt að stunda þá starfsemi sem heimilud er á landbúnaðarsvæðum, skv. kafla 4.1 í greinargerð aðalskipulags.

Skipulagsnefnd samþykkir framkomnar athugasemdir Skipulagsstofnunar, og hefur gögnum verið breytt til samræmis við ábendingar stofnunarinnar.

Skipulagsnefnd samþykkir að tillagan verði auglýst samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

210 2011 Melbær, Rangárþingi ytra, ósk um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Einnig er sett fram ósk um leyfi til að hefja vinnu við deiliskipulag fyrir einbýlishús, frístundahús, gestahús og skemmu.

Steinsholti sf, f.h. landeiganda Melbæjar, um 16 ha svæðis úr landi Hallstúns óskar heimildar til skipulagsvinnu á svæðinu.

Um er að ræða 14 ha landspildu 203908 – eigandi Ragnhildur Sigurðardóttir og 2 ha landspildu 203602 eigandi Halldór Karl Ragnarsson (kt. 050357-5119) og Ragnhildur Sigurðardóttir (kt. 080552-4759). Fyrir eru á spildunni 3 frístundahús.

Áætlað er að vinna deiliskipulag fyrir þrjú frístundahús, eitt einbýlishús, tvö gestahús og skemmu. Aðkoma að svæðinu verður áfram um heimreið að Hallstúni.

Með þessu er einnig óskað eftir að aðalskipulagi verði breytt, sett inn allt að tveggja ha svæði til frístundabyggingar, fyrir allt að 3 frístundahús, en áætlað er að annað svæði verði áfram landbúnaðarsvæði.

Skipulagsnefnd samþykkir að vinna tillögu að breyttu aðalskipulagi skv. 36 gr. laga nr. 123/2010, að hér sé um minni háttar breytingu að ræða. Þá heimilar nefndin að unnin verði tillaga að deiliskipulagi svæðisins skv. 1 mgr. 41. gr.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar og veitir heimild til að hefja vinnu við deiliskipulag.*

211 2011 Pula, Rangárþingi ytra, deiliskipulag 4 frístundalóða.

Verkfræðistofu Suðurlands f.h. landeiganda Ólafs Helgasonar kt. 270346-4219, óskar eftir að leggja fram deiliskipulagstillögu fyrir 4 frístundalóðir í landi Pulu, lóðirnar eru frá 2,8 – 3,8 ha. að stærð.

Heimilt verður að byggja 1 sumarhús á hverri lóð, allt að 120m<sup>2</sup> að stærð. Einnig verður leyft að byggja geymslu eða gestahús á hverri lóð allt að 25m<sup>2</sup>.

Aðkoma að svæðinu er um Hagabraut (nr.286) ca 760m frá gatnamótum Landvegjar.

Deiliskipulagssvæðið er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022, merkt sem F25.

Skipulagsnefnd samþykkir framkomna tillögu, þar sem hún samræmist megin stefnu aðalskipulags, og mælist til að tillagan verði auglýst í samræmi við 1.mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsnefnd telur ekki þörf á að kynna tillöguna skv. 40. gr. sömu laga, þar sem meginforsendur deiliskipulags liggja fyrir í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

212 2012 Glæsivellir í landi Reyðarvatns, Rangárþingi ytra, breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 og breyting á gildandi deiliskipulagi frístundasvæðis Reyðarvatns og Geitasands.

Steinsholti sf, f.h. leigutaka af landspildu úr landi Reyðarvatns, óskar heimildar til skipulagsvinnu á svæðinu. Skipulagið verður unnið í samvinnu við landeiganda (Landgræðslu ríkisins).

Um er að ræða breytingar á gildandi deiliskipulagi dags. 19. maí 2005 og staðfest í B-deild stjórnartíðina 14. des. 2007.

Afmörkun frístundasvæðis breytist og afmörkun opins svæðis minnkar lítillega. Samhliða er óskað eftir að sveitarfélagið breyti aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Gert er ráð fyrir að fjölga frístundalóðum, fjórar lóðir í stað einnar lóðar. Afmörkun frístundasvæðis breytist en heildarstærð þess minnkar úr 19,4 ha í um 8 ha. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja frístundahús og geymslu/gróðurhús á hverri lóð í samræmi við skipulagsskilmála. Nú þegar er frístundahús á lóð nr. 164769. Gert er ráð fyrir að vegtenging að lóð K1 verði nýtt sem vegtenging fyrir þessar fjórar lóðir.

Þá er óskað eftir að aðalskipulagi verði breytt, afmörkun opinna svæða verði breytt lítillega, svæðið minnkað og afmörkun frístundasvæðis verði breytt, það minnki úr um 19,4 ha í um 8 ha.

Einnig er óskað heimildar til breytingar á gildandi deiliskipulagi af svæðinu, fjölga frístundalóðum í svonefndu Kóngshrauni um þrjár lóðir. Einnig verður byggingaskilmálum í deiliskipulagi breytt. Óbreytt verður með heimild til að byggja allt að 150m<sup>2</sup> frístundahús og allt að 30m<sup>2</sup> gróðurhús. Í stað 30m<sup>2</sup> geymslu eins og nú er verður heimilt að byggja allt að 80m<sup>2</sup> geymslu.

Þá verður gert ráð fyrir breyttri aðkomu að lóð K2, sem verður sú sama og tenging að nýju lóðunum og mun samnýta tengingu sem er nú þegar að lóð K1.

Skipulagsnefnd samþykkir að vinna tillögu að breyttu aðalskipulagi skv 2. mgr. 36 gr. laga nr. 123/2010, um að hér sé um minni háttar breytingu að ræða. Þá heimilar nefndin að unnin verði tillaga að breytingu á deiliskipulagi svæðisins skv. 1 mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

213 2011 Lyngás, Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúsalóða.

Steinsholt sf. f.h. landeigenda Lyngáss leggur fram tillögu að deiliskipulagi sem nær til um 5 ha svæðis á Lyngási. Deiliskipulagið tekur til 10 íbúðarhúsalóða. Á fjórum lóðum hafa verið byggð íbúðarhús.

Aðkoma að svæðinu er af Suðurlandsvegi um Bugaveg (273) og aðkomuveg að lóðunum.

Skipulagsnefnd samþykkir framkomna tillögu, þar sem hún samræmist megin stefnu aðalskipulags, og mælist til að tillagan verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsnefnd telur ekki þörf á að kynna tillöguna skv. 40. gr. sömu laga, þar sem meginforsendur deiliskipulags liggja fyrir í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

214 2011 Svínhagi lóð RS 9, Rangárþingi ytra, deiliskipulag landbúnaðarspildu.

M2 Teiknistofa, f.h. landeigenda á lóð RS9 í landi Svínhaga, leggur fram deiliskipulagstillögu sem tekur til um 13ha spildu í landi Svínhaga, Rangárþingi ytra. Gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum, annar fyrir íbúðarhús og geymslu, hinn reiturinn fyrir 2-3 landbúnaðarbyggingar allt að 1000m<sup>2</sup>.

Aðkoma að svæðinu er um Rangárvallaveg (nr. 264) og um Þingskálaveg (nr. 268) og aðkomuveg inn á Svínhaga.

Skipulagsnefnd samþykkir framkomna tillögu, þar sem hún samræmist megin stefnu aðalskipulags, og mælist til að tillagan verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsnefnd telur ekki þörf á að kynna tillöguna skv. 40. gr. sömu laga, þar sem meginforsendur deiliskipulags liggja fyrir í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

215 2011 Heiðarbrún II, í Rangárþingi ytra, deiliskipulag tveggja sumarhúsa og skemmu. Sigrún Valdimarsdóttir kt. 110468-5479, f.h. landeigenda, leggur fram tillögu að deiliskipulagi sem tekur til tveggja sumarhúsalóða og lóðar fyrir skemmu í landi Heiðarbrúnar, landnr. 165089, í Rangárþingi ytra. Á lóð F1, verður heimilt að byggja allt að 150 fm<sup>2</sup> sumarhús, á F2 verður heimilt að byggja allt að 80m<sup>2</sup> frístundahús og á byggingarreit fyrir skemmu er heimilt að byggja allt að 400m<sup>2</sup> skemmu. Aðkoma að svæðinu er um Suðurlandsveg, þá um Árbærjarveg (nr. 271) og aðkomuveg inn að Heiðarbrún.

Skipulagsnefnd telur að tillagan samræmist megin stefnu aðalskipulags, og mælist til að tillagan verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsnefnd telur ekki þörf á að kynna tillöguna skv. 40. gr. sömu laga, þar sem meginforsendur deiliskipulags liggja fyrir í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

Skipulagsnefnd setur fyrirvara um að landskipti verði samþykkt áður en deiliskipulag verði auglýst.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

216 2011 Lýtingur, Rangárþingi ytra, deiliskipulag 7 frístundahúsalóða.

Steinsholts sf, f.h. landeigenda óskar eftir heimild til að vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir um 10 ha spildu sem hefur landnr. 165243 og er upprunalega tekin úr landi Marteinstungu. Spildan er merkt í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem F12, en þar sem húsin verða 7 í stað 5 skv. aðalskipulagi, er einnig óskað eftir breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

Skipulagsnefnd samþykkir að vinna tillögu að breyttu aðalskipulagi skv. 36 gr. laga nr. 123/2010, að hér sé um minni háttar breytingu að ræða. Þá heimilar nefndin að unnin verði tillaga að deiliskipulagi svæðisins skv. 1 mgr. 41. gr. Skipulagsnefnd telur ekki þörf á að kynna tillöguna skv. 40. gr. sömu laga, þar sem meginforsendur deiliskipulags liggja fyrir í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

220 2011 Áfangagil, Rangárþingi ytra, ósk um leyfi til skipulagsgerðar

Steinsholt sf. f.h. Áfanga ehf. óskar eftir leyfi til deiliskipulagsgerðar í og við Áfangagil í Rangárþingi ytra.

Deiliskipulagið tekur til tjaldsvæðis og þjónustuhúsa, og er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022.

Skipulagsnefnd samþykkir að unnin verði deiliskipulagstillaga í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr.123/210.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

*Sveitarstjórn áréttar að samkvæmt nýjum skipulagslögum innheimtist kostnaður, sem til fellur hjá embætti skipulags- og byggingafultrúa við alla skipulagsvinnu og vegna auglýsinga, af þeim aðilum sem óska eftir þeirri vinnu. Sveitarstjórn beinir þeim tilmælum til skipulags- og byggingafultrúa að öllum þeim sem eftir slíkri vinnu óska verði þetta kynnt.*

### **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

3. Málefni einkahlutafélagsins Suðurlandsvegur 1-3 ehf. skv. minnisblaði frá LEX Lögmannsstofu dags. 22. mars 2011 og bókun sveitarstjórnar á 16. fundi, dags. 7. apríl 2011.

Vísað er til fyrri bókana sveitarstjórnar um sama efni sú síðasta á fundi sveitarstjórnar þann 5. maí 2011. Í fyrri bókunum hefur sveitarstjórn samþykkt að vinna að endurskipulagningu fjármála Suðurlandsvegur 1-3 ehf. í samræmi við minnisblað frá LEX Lögmannsstofu dags. 22. mars. 2011. Í bókun sveitarstjórnar á 15. fundi dags. 28. mars 2011 var aðferðarfræði endurskipulagningarinnar lýst eins og hún kemur fram í minnisblaðinu. Á 16. fundi dags. 7. apríl 2011 er framgangi málsins lýst og áréttað að sveitarstjórn taki málið til endanlegrar afgreiðslu þegar aðilar sem standa að Verkalýðshúsinu hafa samþykkt að fara þá leið sem lýst er í minnisblaðinu og sátt er um meðal allra hluthafa í Suðurlandsvegi 1-3 ehf. Á 17. fundi dags. 28. apríl 2011 samþykkti sveitarstjórn lokaútgáfu af hluthafasamkomulagi því sem var meginforsenda fyrir áframhaldandi vinnu við endurskipulagninguna.

*Nú liggur fyrir að allir hluthafar í Suðurlandsvegi 1-3 ehf. hafa samþykkt að fara þá leið sem tilgreind er í minnisblaðinu frá LEX Lögmannsstofu og yfirfarin er af KPMG með tilliti til 65. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjórn samþykkir að fasteignin að Suðurlandsvegi 1, fastanúmer 219-6174, sem er í 100% eigu Rangárþings ytra, verði færð inn í Suðurlandsveg 1-3 ehf. og samþykkir sveitarstjórn að breyta kröfum Rangárþings ytra á hendur Suðurlandsvegi 1-3 ehf. í hlutafé, í samræmi við það sem fram kemur í minnisblaðinu frá LEX Lögmannsstofu. Þetta er samþykkt með þeim fyrirvara að þeir aðilar sem standa að Verkalýðshúsinu á Hellu ráðstafi sinni fasteign að Suðurlandsvegi 3 og kröfum á hendur Suðurlandsvegi 1-3 ehf. með sama hætti, þ.e. í samræmi við það sem fram kemur í minnisblaðinu frá LEX Lögmannsstofu.*

*Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra, Gunnsteini R. Ómarssyni, fullt umboð til að undirrita afsal fasteignarinnar að Suðurlandsvegi 1 frá Rangárþingi ytra til Suðurlandsvegur 1-3 ehf., í samræmi við bókun þessa, ásamt því að undirrita öll nauðsynleg skjöl vegna endurskipulagningarinnar, s.s. vegna afsals á kröfum þeim sem nefndar eru hér að ofan. Þetta umboð er þó með þeim fyrirvara að samningar náist við verktaka byggingarinnar, Selhús ehf., um verksamning og lokauppgjör. Sveitarstjórn heimilar sveitarstjóra að leita aðstoðar lögmanns sveitarfélagsins varðandi málið og ljúka því.*

*Sveitarstjórn óskar eftir því að stjórn Suðurlandsvegur 1-3 ehf. kynni hönnuðum og eftirlitsaðilum, Arkform – TGM ráðgjöf ehf. og Verkís hf., óháða úttekt sem gerð var á hönnunar- og eftirlitskostnaði vegna byggingarinnar. Sveitarstjórn, beinir því til stjórnar að áskilja sér allan rétt varðandi leiðréttingu á hönnunar- og verkfræðikostnaði við bygginguna og leita samninga við hlutaðeigandi aðila.*

Bókun Á-lista:

Einkahlutafélagið Suðurlandsvegur 1-3 ehf. í eigu Rangárþings ytra og aðila sem standa að Verkalýðshúsinu hefur átt í mjög erfiðum fjárhagsvandræðum og ekki hefur verið hægt að útvega lánsfjármagn til framkvæmdanna miðað við óbreyttar forsendur.

Nú hefur orðið forsendubreyting þar sem eigendur hafa komist að samkomulagi um endurskipulagningu félagsins. Fasteignirnar Suðurlandsvegur nr. 1 og nr. 3 verða lagðar inn í félagið og kröfum breytt í hlutafé. Það er gert til að styrkja það og skapa hagstæðari rekstrarskilyrði og veðrými fyrir eininguna. Að auki liggur vilyrði fyrir hjá Arion banka um áframhaldandi lánveitingu. Ef samningar takast fljótlega við verktaka og aðra kröfuhafa um framhaldið má búast við að framkvæmdir hefjist að nýju fljótlega. Einungis einn annar möguleiki var í spílunum, en hann var að taka félagið til gjaldþrotaskipta. Sú hefði verið þrautalendingin ef ekki hefði náðst samkomulag um þennan samruna.

Ráðstöfun eigna á þennan hátt og skuldsetning sveitarfélagsins með enn frekari lántökum er ekki óskastaða, en nýr meirihluti sveitarstjórnar stendur frammi fyrir gerðum hlut og þarf að ljúka því verki sem hafið var. Með stuðningi okkar meirihlutafulltrúa við þessa leið, lágmörkum við það tjón sem staðið er frammi fyrir svo

sem frekast er kostur. Með þessari aðferð er þess freistað að bjarga verðmætum og fjármunum sem greiddir hafa verið inn í félagið úr sveitarsjóði í sumum tilfellum umfram fjárhagsáætlun sveitarfélagsins á fyrri stígum málsins og ljúka við byggingu hússins þannig að það komist í notkun. Þess ber að geta að öll vinna við gerð samkomulagsins hefur verið unnin í nánú samráði við lögmennt sveitarfélagsins LEX lögmannsstofu og KPMG endurskoðanda.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson.

Bókun D-lista vegna bókunar Á-lista við 3. lið á fundi sveitarstjórnar Rangárbings ytra, 9. maí 2011:

Fulltrúar D-listans fagna því að samstaða hefur náðst í sveitarstjórn um þá leið sem hér er farin, sem má verða til þess að byggingin verði tekin í notkun. Tilgangur samstarfsaðila að byggingunni var í upphafi að hún yrði samfélaginu til góðs og er því fagnaðarefni að nú sé fundin lausn allra aðila um að svo megi verða. Að öðru leyti áskilur D-listinn sér rétt til að bregðast frekar við bókun Á-listans á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar í júní.

Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir og Ingvar P. Guðbjörnsson.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 10:35.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 20. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 9. júní 2011, kl. 15:00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir og Katrín Sigurðardóttir í fjarveru Þorgils Torfa Jónssonar. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Kynning vegna fyrirhugaðra framkvæmda við heilsuþorp við hjúkrunar- og dvalarheimilið Lund á Hellu.

THG arkitektar kynntu hugmyndir um uppbyggingu á þjónustusvæði í nágrenni Lundar þar sem gert er ráð fyrir hjúkrunareiningu, þjónustuíbúðum, öryggisíbúðum og raðhúsum. Nýlega veitti Framkvæmdasjóður aldraðra 88,5 m.kr. til byggingar á heilabilunardeild við Hjúkrunarheimilið Lund en umsóknin var unnin af THG arkitektum.

Til að af þessum hugmyndum geti orðið og mögulegt sé að hefja framkvæmdir við heilabilunardeildina þarf að gera nýtt deiliskipulag á svæðinu umhverfis Lund. Ef til kemur nýtt deiliskipulag mun gildandi skipulag falla úr gildi, en um leið mun framboð á lóðum til bygginga aukast.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. 12. fundur hreppsráðs Rangárþings ytra, dags. 19. maí 2011.

Afgreiðsla varðandi 1. lið í fundargerð 12. fundar hreppsráðs; 8. fundur fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, dags. 11. maí 2011

Til umfjöllunar er fyrirhuguð stytting skólaársins í grunnskólunum í sveitarfélaginu næstu tvö ár í hagræðingarskyni.

*Þar sem um verulega breytingu er að ræða á tilhögun skólafarfa, leggur sveitarstjórn áherslu á að áður en skóladagatal 2012-2013 verði staðfest, verði gerð könnun á álit og upplifun foreldra og forráðamanna á breytingunni með sambærilegum hætti fyrir báða skólana. Eins verði gerð úttekt á fjárhagslegum ávinningi breytingarinnar.*

Bókun Magnúsar H. Jóhannssonar:

Þó að langflestir foreldrar og forráðamenn séu jákvæðir gagnvart þessari breytingu, hefur það verið gagnrýnt hvernig staðið var að samráði við foreldra og forráðamenn um hana. Hugmyndir um þessa breytingu voru kynntar á fundum skólaráða beggja skóla og á foreldrafundi í Grunnskólanum á Hellu. Rafræn skoðanakönnun var gerð meðal foreldra og forráðamanna barna í Laugalandsskóla og var ákvörðunin kynnt af skólastjórum á skólaslitum beggja skóla. Taka ber fram að um tímabundna ákvörðun er að ræða, e.k. tilraun, þar sem verið er að leita leiða til sparnaðar í rekstri skólanna. Kennslustundum verður fjölgað um tvær á viku, þannig að kennslumagn minnkar ekki.

Magnús H. Jóhannsson

Afgreiðsla varðandi 8. lið í fundargerð 12. fundar hreppsráðs; Samþykkt um hunda- og kattahald ásamt gjaldskrá

*Sveitarstjórn vísar drögum að samþykkt og gjaldskrá til umsagnar samgöngu-, hálendis- og umhverfisnefndar.*

Afgreiðsla varðandi 11. lið í fundargerð 12. fundar hreppsráðs; Málefni heimasíðu Rangárþings ytra

Fram kemur í skýrslu, sem sveitarstjóri og formaður atvinnu- og menningarmálanefndar hafa unnið vegna málefna heimasíðu, að 14 tilboð hafa borist í heimasíðugerð fyrir sveitarfélagið en auglýst var eftir tilboðum í Dagskránni þann 1. júní síðastliðinn. Helst er litið til uppsetningarkostnaðar, rekstrarkostnaðar og gæða vefumsjónarkerfis ásamt öðrum þáttum í þarfalýsingu. Fram kemur í skýrslunni að vefumsjónarkerfið sem Emstrur ehf. bjóða uppá hefur fengið mjög góða dóma og er það m.a. í notkun hjá vefdeild Háskóla Íslands. Kerfið er "opinn staðall" og rekstrarkostnaður þess enginn. Þess má geta til samanburðar að núverandi vefumsjónarkerfi sveitarfélagsins kostar um 240.000 kr. m/vsk á ári.



*Sveitarstjórn samþykkir tillögu skýrsluhöfunda um að ganga að tilboði Emstra ehf. Sveitarstjóra er falið að ganga frá samningi og móta stefnu varðandi ritstjórn síðunnar í samvinnu við formann atvinnu- og menningarmálanefndar.*

*Að öðru leyti er fundargerðin staðfest.*

2. 9. fundur samgöngu-, hálandis- og umhverfisnefndar, dags. 19. maí 2011.

*Fundargerðin staðfest.*

3. 9. fundur fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, dags. 6. júní 2011.

*Fundargerðin staðfest.*

#### **Skipulagsmál og tengd erindi:**

4. 45. fundur í Byggingarnefnd Rangárþings bs., dags. 31. maí 2011.

597-2011 Heiðarbrún, Rangárþingi ytra – stöðuleyfi fyrir vinnuskúr.

Gunnar Valdimarsson, kt. 151062-3349, Dvergabakka 26, 109 Reykjavík, óskar eftir stöðuleyfi fyrir vinnuskúr á landi Heiðarbrúnar II, Rangárþingi ytra, landnr. 165089, samkvæmt meðfylgjandi gögnum. Með fylgjandi er samþykki landeiganda.

Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

598-2011 Ketilhúshagi lóð 23, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir viðbyggingu.

Ólafur Gunnarsson, kt. 061245-2949, Berjarima 4, 112 Reykjavík, óskar eftir byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við sumarhús sitt í landi Ketilhúshaga lóð 23, í Rangárþingi ytra, landnr. 164701, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

599-2011 Króktún, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

Halldór Þráinn Sigfússon, kt. 120937-3329, Móvaði 41, 110 Reykjavík, óskar eftir byggingarleyfi fyrir sumarhúsi á landi sínu í Króktúni, landnr. 197568, í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum. Húsið verður flutt á staðinn.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

600-2011 Svínhagi, lóð R-41, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir gestahúsi.

Sigurfinna Pálmarsdóttir, kt. 220683-5169, Goðaborgum 8, Reykjavík, óskar eftir byggingarleyfi fyrir gestahúsi á lóð sinni nr. R-41 í landi Svínhaga í Rangárþingi ytra, landnr. 198085, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

601-2011 Selalækur 4, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir viðbyggingu.

Guðjón Egilsson, kt. 180969-5519, Selalæk 4, Rangárþingi ytra, óskar eftir byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við íbúðarhús sitt að Selalæk 4 í Rangárþingi ytra, lnr. 219996, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

602-2011 Fjallasel úr Efra-Seli, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sumarhúsi.

Bára Agnes Ketilsdóttir kt. 210268-4059, Viðarrima 52, 112 Reykjavík, óskar eftir byggingarleyfi fyrir sumarhúsi á lóðinni Fjalla-seli, landnr. 220225, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

603-2011 Guttormshagi Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir viðbyggingu.

Pétur Sigurðsson kt. 020248-2465 Greniteig 28, 230 Reykjanesbæ, óskar eftir byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við sumarhús sitt að Guttormshaga í Rangárþingi ytra, lnr. 191691, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

604-2011 Gunnarsholt, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir sofnhúsi.

Landgræðsla ríkisins, kt. 710169-3659, Gunnarsholti, 851 Hellu, sækir um byggingarleyfi fyrir sofnhúsi í Gunnarsholti, landnr. 164499, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

Að öðru leyti er fundargerðin til kynningar.

5. 41. fundur í Skipulagsnefnd Rangárþings bs., dags. 1. júní 2011.

210 / 216 2011 Hallstún – Lýtingur, Rangárþingi ytra, óveruleg breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

Steinsholt sf, f.h. landeigenda leggur fram tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra í landi Hallstúns og landi Marteinstungu. Breytingin felst annars vegar í fjölgun frístundalóða í landi Marteinstungu, Lýtingi. Í gildandi aðalskipulagi er um 10 ha svæði skilgreint til frístunda-byggðar úr landi Marteinstungu og þar er heimilt að byggja allt að 5 frístundahús. Breytingin felst í að heimila allt að 10 húsa byggð á umræddu svæði. Afmörkun frístundasvæðis er óbreytt.

Hins vegar er sett inn allt að 5 ha frístundasvæði í Melbæ, landspildu úr landi Hallstúns og gert ráð fyrir allt að 6 frístundahúsum. Fyrir eru á svæðinu 2 frístundahús. Með breytingunni er verið að færa aðalskipulagið að núverandi stöðu á svæðinu og samhliða að heimila fjölgun húsa um fjögur hús.

Skipulagsnefnd telur að um óverulega breytingu sé að ræða og samþykkir því breytingartillöguna í samræmi við 2. mgr, 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

220 2011 Áfangagil, Rangárþingi ytra, lýsing vegna deiliskipulags:

Steinsholt sf, fyrir hönd Áfanga ehf. leggur fram lýsingu vegna skipulags í Áfangagili. Áfangagil liggur inn í norðvesturhlíðar Valafells og er nokkuð vel gróið. Ágætar akstursleiðir eru að Áfangagili, annars vegar af Dómadalsleið, um 4 km en af Landvegi er afleggjari, um 8 km langur. Ætla má að Áfangagil geti þjónustað ferðafólk lengri tíma ársins en aðrir staðir á hálendinu, bæði vegna nálægðar við Landveg og þess að svæðið er í um 300 m hæð.

Markmið með deiliskipulagi af svæðinu er að geta sinnt þeirri fjölgun ferðafólks sem nú þegar er orðin á svæðinu og einnig gera menn ráð fyrir fjölgun ferðafólks næstu 3-5 árin.

Það er stefnt að því að vinna deiliskipulag af svæðinu þar sem gert verði ráð fyrir rýmilegri uppbyggingu til næstu ára. Gert er ráð fyrir að öll hús verð samræmd í útliti og verði látin taka sem mest mið af elsta húsinu á staðnum. Áfram verður hægt að tjalda heima við Gamla-skála en megin uppbygging svæðisins verði norðar, á svæði austan lækjar. Gert verður ráð fyrir að byggja upp allt að 100 gistipláss í húsum og auk þess verður byggt þjónustuhús til að sinna húsum og tjaldsvæðum. Áætlað er að hafa ágæta aðstöðu fyrir hesta, enda mun ferðaþjónusta á þessum stað taka mið af þjónustu við hestamenn og göngufólk.

Með vísan í 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkir skipulagsnefnd Rangárþings bs., meðfylgjandi lýsingu vegna fyrirhugaðrar skipulagsvinnu við Áfangagil, og mælist til að lýsingin verði send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar og kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

226 2011 Lýtingur, Rangárþingi ytra, deiliskipulag 7 frístundahúsaloða.

Steinsholts sf, f.h. landeigenda leggur fram tillögu að deiliskipulagi fyrir um 10 ha spildu, Lýtingi, landnr. 165243. Spildan er upprunalega tekin úr landi Marteinstungu og er skilgreind til frístundabyggðar í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem F12.

Deiliskipulagið tekur til 7 lóða fyrir frístundahús og er heimilt að byggja allt að 120 m<sup>2</sup> frístundahús, allt að 50 m<sup>2</sup> gestahús og allt að 30 m<sup>2</sup> geymslu á hverri lóð. Aðkoma að svæðinu er um Landveg (nr. 26) og þaðan um aðkomuveg að lóðum. Byggðin tengist viðurkenndum veitum og verður sameinast um hreinsivirki eftir því sem kostur er.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna í samræmi við 1 mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2011 og mælist til að hún verði auglýst með áberandi hætti.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

227 2011 Melbær, Rangárþingi ytra, deiliskipulag landspildu úr landi Hallstúns.

Steinsholti sf, f.h. eiganda Melbæjar leggur fram tillögu að deiliskipulagi 2 ha svæðis, Melbæjar sem er um 17 ha landspilda úr landi Hallstúns. Um er að ræða 15 ha landspildu, landnr. 203908 og 2 ha landspildu 203602, eigandi Ragnhildur Sigurðardóttir kt. 080552-4759, og auk þess er Halldór Karl Ragnarsson (kt. 050357-51199) einnig skráður fyrir 2 ha. spildunni í skrá FMR.

Deiliskipulagið tekur til íbúðarlóðar og tveggja frístundalóða þar sem heimilt verður að byggja allt að 120 m<sup>2</sup> frístundahús og allt að 50 m<sup>2</sup> gestahús á hvorri lóð. Á íbúðarlóð verður heimilt að stækka núverandi hús, sem íbúðarhús, í allt að 150 m<sup>2</sup> og allt að 150m<sup>2</sup> skemmu. Fyrir er á lóðinni gestahús, um 36m<sup>2</sup>. Húsin munu tengjast viðurkenndum veitum og frárennsli verður sameiginlegt fyrir öll húsin.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna í samræmi við 1 mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2011 og mælist til að hún verði auglýst með áberandi hætti.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

229 2011 Hella, Rangárþingi ytra, lýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

Steinsholt, f.h. Rangárþings ytra, leggur fram lýsingu vegna skipulags á Hellu í Rangárþingi ytra.

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 á Hellu. Breytingin tekur til gatnakerfis innan Hellu og breyttrar landnotkunar á iðnaðarsvæðinu I2, austan við Reykjagarð.

Austurhluta iðnaðarsvæðisins I2 verður breytt í athafnasvæði, A4. Eftir breytinguna verður iðnaðarsvæðið um 3 ha og athafnasvæðið um 3 ha að stærð. Gerð verður breyting á greinargerð, kafla 8.3 um iðnaðarsvæði og 8.4 um athafnasvæði. Samsvarandi breyting verður gerð á þéttbýlisupprætti af Hellu.

Á athafnasvæði / verslunar- og þjónustusvæði, Þ4, er gert ráð fyrir nýrri götu austan við núverandi Suðurlandsveg 2 og 4 (Pakkhúsið) með tengingu við Suðurlandsveg.

Gert er ráð fyrir nýrri götu af Suðurlandsvegi til austurs inn á núverandi veg niður að Gaddstaðflötum og mun hún liggja um frárein af Suðurlandsvegi, rétt austan nýrrar vegtengingar inn á Rangárbakka, inn á verslunar- og þjónustusvæðið Þ6. Vegur þessi mun tengja nýjar lóðir sem verða munu á þessu svæði. Einstefna verður vestast, frá Suðurlandsvegi en meginaðkoma inn á svæðið og allur akstur út af þjónustusvæðinu verður um vegtengingu um núverandi veg niður að Gaddstaðflötum.

Gert er ráð fyrir að sunnan bygginga við Suðurlandsveg 1-3 verði núverandi vegur frá Þrúðvangi til austurs lengdur og tengdur inn á núverandi Dynskála við Dynskála 10 (Kanslarann). Samhliða verður sett inn tenging af þessum nýja vegi inn á núverandi veg við Dynskála og þaðan áfram upp Freyvang. Þá verður tenging af þessum vegi um núverandi tengingu út á Suðurlandsveg við Kanslarann. Einnig verður gert ráð fyrir frárein af Suðurlandsvegi, (úr austri) inn á lóð Dynskála 10, Kanslarans.

Með vísan í 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkir skipulagsnefnd Rangárþings bs., meðfylgjandi lýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna ofangreindra svæða á Hellu, og mælist til að lýsingin verði send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar og kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum með áberandi hætti.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

230 2011 Verklýsing fyrir skipulagsferli vegna Hvamms- og Holtavirkjana, og umsókn um heimild til að hefja skipulagsvinnu.

Helgi Bjarnason verkefnisstjóri f.h. Landsvirkjunar, leggur fram verklýsingu skipulagsferils vegna fyrirhugaðra Holta- og Hvammsvirkjana og óskar heimildar til að hefja skipulagsvinnu á svæðinu.

Gert er ráð fyrir að verkefnið verði kynnt sveitarstjórnnum fyrir sumarfrí. Lýsing verkefnis verði lögð fyrir skipulagsnefnd í ágúst og síðan send umsagnaraðilum og kynnt almenningi. Deiliskipulag og

umhverfisskýrsla verði kynnt sveitarstjórnnum og almenningi í lok september og stefnt að því að hægt verði að auglýsa tillögu að deiliskipulagi um mánaðarmótin nóv./des.

Skipulagsnefnd tekur jákvætt í fyrirætlanir Landsvirkjunar, og samþykkir að hafin verði skipulagsvinna vegna ofangreindra vatnsfalls virkjana og vísar erindinu áfram til afgreiðslu hreppsnefnda Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Til kynningar.

231 2011 Framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar ljósleiðarastrengs milli Sultartanga og Hrauneyja, Rangárþingi ytra.

Benedikt Haraldsson verkefnisstjóri, f.h. Fjarska, óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar á ljósleiðara á milli Sultartanga og Hrauneyja, ca 3,3 km að lengd. Núverandi strengur liggur gegn um væntanlegt námasvæði og því þarf að endurleggja strenginn á um 3,3 km kafla. Áætlað er að ný lega verði að mestu í veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar meðfram Landvegi. Strengurinn verður að mestu leyti plægður beint í jörð.

Skipulagsnefnd samþykkir í samræmi við 13. gr skipulagslaga nr. 123/2010, að veita framkvæmdaleyfi fyrir endurnýjun ljósleiðarastrengs á milli Sultartanga og Hrauneyja. Fyrir liggja jákvæðar umsagnir Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

232 2011 Framkvæmdaleyfi vegna ljósleiðarastrengs frá Búðarhálsvirkjun að Ísakoti (Ásahreppi og Rangárþingi ytra)

Benedikt Haraldsson verkefnisstjóri, f.h. Fjarska, óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna lagningar á nýjum ljósleiðara frá Búðarhálsvirkjun að Ísakoti og að blása ljósleiðara frá Ísakoti að Klifri í fyrirbyggjandi rör. Lagnaleið verður að miklu leyti innan veghelgunar-svæðis Vegagerðarinnar út frá Landvegi. Strengurinn verður að mestu leyti plægður í jörð. Framkvæmdin snertir Ásahrepp og Rangárþing ytra en einnig Skeiða- og Gnúpverjahrepp og það hefur einnig verið sent erindi til Skipulagsfulltrúa uppsveitanna.

Skipulagsnefnd samþykkir í samræmi við 13. gr skipulagslaga nr. 123/2010, að veita framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðarastrengs frá Búðarhálsvirkjun, að Ísakoti og að Klifri. Fyrir liggur jákvæð umsögn Umhverfisstofnunar.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

233 2011 Beiðni um landskipti í Efra-Seli III, Rangárþingi ytra.

Þórður Þórðarson frá Landlínum ehf. f.h. landeigenda í Efra-Seli 3 landnr. 199262, sækir um staðfestingu á meðfylgjandi landskiptum.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við landskiptin.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

234 2011 Beiðni um staðfestingu landskipta í landi Svínhaga, lóðir SH 18 og SH 2, Rangárþingi ytra.

Stefán Arnalds kt. 190772-3149, f.h. Ás-10 ehf. kt. 550509-0750, að Svínhaga lóð SH 18, landnr. 218365, óskar eftir staðfestingu á meðfylgjandi landskiptum.

Um er að ræða 2,6 ha. lóð með heitið Svínhagi SH-21, landnr. 220234 tekna úr lóðinni

Svínhagi SH-18, landnr. 218365.

Einnig eru breyttar stærðir lóða þ.e. lóðir SH-16, SH-19 og SH-20 stækka allar, þar sem landamerki færast á miðlínu aðkomuvega inn á ofangreindar spildur.

Skipulagsnefnd samþykkir landskiptin með fyrirvara um samþykki og undirskriftir landeigenda Selsunds.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

235 2011 Beiðni um staðfestingu landskipta í landi Ölversholts, í Rangárþingi ytra. Þórunn Benjamínsdóttir kt. 170245-5989, Eiríkur Benjamínsson kt. 240446-5889, Einar H. Benjamínsson kt. 290848-7849, Sólveig Benjamínsdóttir kt. 210452-3389 og Guðbjörg Benjamínsdóttir kt. 030258-6579, óska eftir staðfestingu á landskiptum í landi Ölversholts landnr. 165168, í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Landinu verður skipt upp í 5. spildur sem eru frá 54 ha til 240 ha að stærð.

Skipulagsnefnd samþykkir landskiptin.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

236 2011 Byggingar á landbúnaðarsvæðum í Rangárvallasýslu.

Skipulagsfulltrúi leggur fram tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélaga með það að markmiði að skýra betur heimildir til bygginga íbúðar- og frístundahúsa á landbúnaðarlandi. Breytingin felst í því að í stað þess að heimilt verði að byggja allt að 3 íbúðarhús og allt að 3 frístundahús á lögbylum og/eða jörðum stærri en 50 ha þá verði heimildin stígskipt eftir stærð landeigna og heimildin verði ekki bundin sérstaklega við lögbyli. Einnig verði heimilað að nýta megi byggingar, allt að 1500m<sup>2</sup> fyrir léttan iðnað en ekki bara til þjónustu eins og nú er í aðalskipulag þeirra.

Skipulagsfulltrúi kynnti hugmyndir um byggingar á landbúnaðarsvæðum.

208 2011 Norðurnes, Rangárþingi ytra deiliskipulag 3ja sumarhúsalóða.

Deiliskipulagið nær til þriggja sumarhúsalóða, sem hver um sig er um 1 ha að stærð. Aðkoma að Norðurnesi er um Hagabraut(nr. 286) , inn á Kvíarholtsveg (nr.2863) og um aðkomuveg inn að Norðurnesi.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma og telst því deiliskipulagstillagan samþykkt.

209 2011 Skotsvæði, deiliskipulag Skotveiðifélagsins Skyttunnar, Rangárþingi ytra. Í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er skilgreint 50 ha svæði sem opið svæði til sérstakra nota og er þar gert ráð fyrir skotæfingasvæði.

Deiliskipulag fyrir svæðið var auglýst þar sem gert er ráð fyrir skotbrautum fyrir riffil- haglabyssu og skammbyssuskotfimi, skothúsa og skotturra auk húss til félagsaðstöðu.

Athugasemd barst frá eigendum aðliggjandi jarða, dagsett 22. maí 2011.

Undir hana rita:

Kolbrún Jónsdóttir og Bæring Sigurbjörnsson, Stóra-Hofi

Svanlaug Adolfsdóttir og Ingvar Magnússon, Minna-Hofi

Unnur Óskarsdóttir og Ágúst Sigurðsson, Kirkjubæ

María Elínborg Ingvadóttir, Akurbrekku

Ingibjörg Ásta og Pétur Hafstein, Stokkalæk

Athugasemd barst frá ábúendum aðliggjandi jarða varðandi skotsvæði á Geitasandi, annars vegar á tillöguna sjálfa og hins vegar vegna þeirra minnispunkta sem sendir voru, ásamt skipulagsgögnum, til landeigenda aðliggjandi jarða.

Athugasemdir við tillöguna voru efnislega þrenns konar:

- Hljóðmengun frá svæðinu og sérstaklega bent á áhrif skothvella á skepnur og að hross séu sérstaklega viðkvæm gagnvart skothvillum og því geti skapast stórhætta í nágrenninu þegar riðið sé á viðkvæmum, lítt tömdum hestum.
- Svæðið var á sínum tíma tekið eignarnámi til uppgræðslu og það samrýmist ekki markmiðum þess að leggja svæði til skotæfinga né frístundabyggðar, auk þess sem uppgræðsla svæðisins hafi gengið hægt.
- Bent er á að skotæfingasvæði hafi neikvæð áhrif á annars konar útivist og umferð um Geitasand.

Þá kemur fram gagnrýni á orðalag í minnispunktum þar sem minnt er á að svæðið liggi milli tveggja flugvalla, í Stórubót og á Geitamel og telja ábúendur ólíku saman að jafna, óverulegri flugumferð og hávaða frá skotæfingasvæði.

Ábúendur telja að neikvæð áhrif skipulagsins umtalsverð og að stærstum hluta neikvæð. Verði af þessum framkvæmdum lýsa ábúendur bótaábyrgð vegna tjóns og slysa sem af skipulaginu kunna að hljóta, á hendur sveitarfélagi Rangárþings ytra.

Skipulagsnefnd vísar afgreiðslu málsins til sveitarstjórnar Rangárþings ytra.

Sveitarstjórn tók fyrir erindi frá Skotfélaginu Skyttur á fundi sínum 2.september 2010 sbr. bókun fundargerðar:

„Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfis fyrir skotsvæði á umræddu svæði með fyrirvara um athugasemdarlausar umsagnir annarra umsagnaraðila“

Á sveitarstjórnarfundi 7. apríl sl. var deiliskipulagstillagan samþykkt til auglýsingar. Byggingar- og skipulagsfulltrúi vann þá að grenndarkynningu samkvæmt afgreiðslu skipulagsnefndar. Fram hafa komið athugasemdir við deiliskipulagstillöguna eftir auglýsingu og er það ljóst að ekki er sátt um hana og alvarlegar athugasemdir gerðar er varðar hljóðmengun.

Hvað varðar athugasemdir landeigenda tekur sveitarstjórn ekki afstöðu til eignarhalds á svæðinu eða hvernig það er til komið. Þá vill sveitarstjórn benda á að skotsvæðið er innan afgirts landgræðslusvæðis og það sé því ekki almennt útivistarsvæði.

Vegna athugasemda landeigenda varðandi hugsanleg áhrif hávaðamengunar á skepnur þá vill sveitarstjórn fá frekari gögn um hljóðstig við jarðamörk. Því beinir sveitarstjórn því til Skotfélagsins að skila inn ítarlegri gögnum hvernig staðið verði að mótvægisáðgerðum varðandi hljóðvist svæðisins.

Tillaga um að sveitarstjórn fresti afgreiðslu málsins þar til frekari gögn liggja fyrir.

*Samþykkt með 6 atkvæðum einn situr hjá (ST).*

Að öðru leyti er fundargerðin til kynningar.

6. Pétur Hafstein; Gildi skipulags- og byggingarskilmála, skv. erindi dags. 17. maí 2011.

Í erindinu er það gagnrýnt að skipulags- og byggingarskilmálar séu ekki virtir í frístundabyggð á Geitasandi. Hjólhýsi, gámar og skúrar í skærum litum valdi umhverfisspjöllum og sjónmengun. Því er beint til sveitarstjórnar að hún sjái til þess að farið sé eftir þeim skilmálum sem hún sjálf hefur sett og að sú umhverfisstefna sé höfð í heiðri sem m.a. var notuð til rökstuðnings umdeildrar skipulagstillögu á svæðinu.

*Sveitarstjórn þakkar ábendingarnar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kanna málið í samvinnu við sveitarstjóra og bréfitara.*

#### **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

7. Oddafélagið; Framtíðarumhverfi Odda á Rangárvöllum, skv. bréfi dags. 20. maí 2011.

Í erindinu kemur fram að sveitarstjórn er hvött til að leggja áherslu á verndun svæðis umhverfis Odda á Rangárvöllum með það í huga að byggja upp framtíðarumhverfi fyrir fræðasetur, Sæmundarvelli sbr. áður sent erindi frá félaginu. Með erindinu er ekki átt við að krafist verði breytinga á því sem þarna er nú fyrir hendi, en allir sem nærri koma yrðu hvattir til að taka þátt í því að hefja hinn sögufræga stað aftur til vegs og virðingar.

*Sveitarstjórn óskar eftir því við skipulags- og byggingarfulltrúa að hann skili inn greinargerð til sveitarstjórnar vegna þeirra hugmynda sem fram koma í erindinu, að höfðu samráði við landeigendur og hagsmunaaðila, svo hægt sé að taka afstöðu til þess.*

8. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli; Beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi fyrir veitingastað í flokki III að Þrúðvangi 34 á Hellu, skv. erindi dags. 24. maí 2011.

Skv. erindinu er verið að sækja um breytingu á gildandi leyfi þar sem óskað er eftir heimild til útveitinga til kl. 20:30. Sýslumaður óskar umsagnar sveitarstjórnar á grundvelli laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem og reglugerðar nr. 585/2007.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við umsóknina.*

9. Jón Þórðarson; Eftirlitsmyndavélar, skv. erindi dags. 2. júní 2011.

Í erindinu kemur fram ósk um að komið verði upp eftirlitsmyndavélum á völdum stöðum, í þéttbýli og dreifbýli í sveitarfélaginu vegna tíðra gripdeilda innan sveitarfélagsins. Fyrir liggur erindi hjá Héraðsnefnd að málið verði skoðað á sýslugrunni og verður það á dagskrá fundar 22. júní. nk.

*Forstöðumanni eignaumsjónar Rangárþings ytra er falið að fá verðtilboð í eftirlitsmyndavélakerfi í samráði við oddvita fyrir næsta fund sveitarstjórnar.*

10. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli; Beiðni um umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi fyrir útihátíð og tímabundið áfengisleyfi á Gaddstaðaflötum, skv. erindi dags. 6. júní 2011.

Skv. erindinu hefur Útihátíðin ehf. sótt um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi hjá Sýslumanni vegna fyrirhugaðrar tónleikahátíðar á Gaddstaðaflötum 8. – 10. júlí 2011. Sýslumaður óskar umsagnar sveitarstjórnar á grundvelli laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem og reglugerðar nr. 585/2007.

Skv. 10. gr. laganna ber sveitarstjórn m.a. að staðfesta að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um. Skv. 20 gr. reglugerðarinnar gefa sýslumenn út rekstrarleyfi, tækifærisleyfi og tímabundin áfengisveitingaleyfi hver í sínu umdæmi að undanskildum sýslumanninum í Reykjavík en lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gefur út leyfi í umdæmi hans.

Á fundinn mættu íbúar með undirskriftalista, sem fór í gang kl. 22 miðvikudaginn 8. júní, með nöfnum 76 einstaklinga sem rituðu undir eftirfarandi áskorun:

„Undirritaðir íbúar sveitarfélagsins Rangárbings ytra, skora á Hreppsnefnd að veita forsvarsmönnum „Bestu útihátíðarinnar“ EKKI leyfi til hátíðahalda á Gaddstaðafliötum nú í sumar. Borið hefur á mikilli óánægju meðal íbúa vegna þessa og fólk er hreinlega uggandi um börn sín og bú. Ljóst er að hátíð þessi, sem haldin var í Galtalækjaskógi í fyrrasumar fór mjög illa úr böndunum og vitað er um þónokkurn fjölda barna undir löfgaldri sem þar voru, illa til reika vegna eiturlyfjanoðkunar og drykkju. Einnig var mjög illa staðið að gæslu og ljóst að þar réði enginn við neitt. Að auki er það svæði svo illa farið eftir þessa hátíða að það mun taka mörg ár fyrir gróður og annað að jafna sig að nokkru ráði. Við neitum að hleypa inn á gafi hjá okkur stóði af solumönnum dauðans og bendum á að þó að sveitarfélagið okkar sé illa statt fjárhagslega og þurfi að vera með allar klær úti til að næla sér í aura, þá gerum við það ekki á kostnað barnanna okkar!“

GIG leggur fram tillögu þess efnis að þessari umsagnarbeiðni verði frestað meðan aflað verði frekari upplýsinga um fyrirhugað tónleikahald og fyrirkomulag þess.

Tillagan borin undir atkvæði.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjú sitja hjá (GP, ST, AMK)*

Bókun Steindórs Tómassonar:

Sem eindreginn stuðningsmaður einstaklingsfrelsis og minni afskipta opinberra aðila þá sé ég það ekki að það sé hlutverk mitt sem sveitarstjórnarmanns að standa í rannsóknum á einstaklingum, sem ætla að standa að viðburðum sem þessum eða af öðru tagi.

Steindór Tómasson

11. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli; Beiðni um umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi fyrir útihátíð og tímabundið áfengisleyfi í Galtalæk, skv. erindi dags. 6. júní 2011.

Skv. erindinu hefur Lexi ehf. sótt um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi hjá Sýslumanni vegna fyrirhugaðrar tónleikahátíðar í Galtalæk 24. – 26. júní 2011. Sýslumaður óskar umsagnar sveitarstjórnar á grundvelli laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem og reglugerðar nr. 585/2007.

Skv. 10. gr. laganna ber sveitarstjórn m.a. að staðfesta að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um. Skv. 20 gr. reglugerðarinnar gefa sýslumenn út rekstrarleyfi, tækifærisleyfi og tímabundin áfengisveitingaleyfi hver í sínu umdæmi að undanskildum sýslumanninum í Reykjavík en lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gefur út leyfi í umdæmi hans.

*Sveitarstjórn óskar eftir frekari upplýsingum frá mótshaldara um fyrirhugað tónleikahald og fyrirkomulag þess.*

Bókun:

Í ljósi afgreiðslu á tillögu GIG í lið 10 hér að framan samþykkjum við afgreiðsluna til að gæta jafnræðis.

Steindór Tómasson

Guðfinna Þorvaldsdóttir

Anna María Krisjánisdóttir

12. Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands og starfsstöð á Hellu.

Sveitarstjórn hafa borist upplýsingar um það að Atvinnuþróunarfélag Suðurlands hafi sagt upp leigusamningi við Verkalýðshúsið á Hellu en ráðgjafi félagsins hefur haft þar aðsetur síðustu misseri.

*Sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með forsvarsmönnum APS og fá nánari upplýsingar um stöðu mála.*

13. Málefni upplýsingamiðstöðvar.

Á fundi 7. apríl 2011 fól sveitarstjórn sveitarstjóra í samvinnu við formann atvinnu- og menningamálanefndar að kanna með fyrirkomulag upplýsingamiðstöðvar og auglýsa eftir rekstraraðilum ef

starfsemin rúmaðist ekki í húsakynnum sveitarfélagsins. Niðurstaðan varð sú að auglýst var eftir rekstraraðila í Búkollu og á heimasíðu sveitarfélagsins. Umsóknarfrestur var gefinn til 15. maí 2011. Ein umsókn barst innan auglýsts umsóknarfrests og var hún frá Heklu Handverkshúsi, þar sem upplýsingamiðstöð hefur verið starfrækt síðustu ár.

*Sveitarstjórn samþykkir að þessu sinni að veita 250.000 kr. styrk til Heklu Handverkshúss til reksturs upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn sumarið 2011. Upplýsingamiðstöð skal opin meðan opið er í handverkshúsinu sumarið 2011 og krafa er gerð um að grunnupplýsingar séu ávallt aðgengilegar á staðnum, utan opnunartíma, í formi upplýsingaskilta.*

*Því er beint til atvinnu- og menningarmálanefndar að hún komi með tillögu að fyrirkomulagi reksturs upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn á árinu 2012 eins fljótt og auðið er.*

14. Kynning á drögum að kjörum kjörinna fulltrúa í Rangárþingi ytra.

Til kynningar.

15. Bókun fulltrúa D-listans vegna afgreiðslu á ársreikningi Rangárþings ytra fyrir árið 2010.

Bókun fulltrúa D-listans í sveitarstjórn Rangárþings ytra vegna afgreiðslu á ársreikningum fyrir árið 2010 á fundi hreppsnefndar 5. maí 2011, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 9. júní 2011:

Eins og fram kemur í ársreikningi er niðurstaða í rekstri sveitarsjóðs og samstæðu Rangárþings ytra jákvæð á árinu 2010. Fulltrúar D-listans fagna þessari niðurstöðu og líta á hana sem fyrsta áfanga í átt að viðunandi árangri í rekstri sveitarfélagsins eftir áföll árána 2008 og 2009 ef áfram verður unnið markvisst að vandaðri áætlunargerð og að henni verði fylgt eftir í raun. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2010 náðist góð samstaða með þáverandi oddvitum listanna um áætlunavinnuna. Árangur af þessu samstarfi leit dagsins ljós í vandaðri áætlun sem lagði grunninn að rekstrarniðurstöðu ársins 2010. Rík ástæða er til þess að þakka starfsfólki sveitarfélagsins fyrir þeirra þátt í bættri rekstrarniðurstöðu og má segja að á þeirra vettvangi og í hverri vinnustöð hafi grunnurinn verið lagður að þeim árangri sem náðist. Starfsfólk sveitarfélagsins hefur þurft að taka á sig skerðingar á tekjumöguleikum og einnig hafa t.d. akstursgreiðslur vegna fjarlægðar heimilis frá vinnustöð verið teknar af. Ljóst er einnig að hærri tekjur og lægri fjármagnsgjöld sem nema samtals kr. 78 milljón krónum frá því sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2010, hafa afgerandi áhrif á endanlega rekstrarniðurstöðu.

Í bókun Á-listans á hreppsnefndarfundi þ. 5. maí sl. eru nefndir tölusettir liðir nr. 1 - 5 sem eiga að vera til marks um aðgerðir meirihlutans til þess að vinna að bættri rekstrarniðurstöðu á árinu 2010. Virðist sem þar sé um einhvern misskilning að ræða. Liður 1 fjallar um vandræði við byggingu tengibyggingar milli Suðurlandsvegur 1 og 3. Sú bygging hafði mest áhrif á lausafjárstöðu sveitarfélagsins og gerði hana erfiða. Þessi þáttur hafði ekki stór áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins en þó er þar mínus upp á kr. 5,6 mkr. Ekki verður séð að stöðvun framkvæmda hafi haft nokkur áhrif á þá niðurstöðu. Aðrir liðir nr. 2 - 5 eru atriði sem fyrst byrja að hafa teljandi áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins 2011 og koma lítt við rekstrarárangur ársins 2010.

Ljóst er að þrátt fyrir jákvæða heildarniðurstöðu í rekstri sveitarsjóðs og samstæðu Rangárþings ytra eru nokkrir rekstrarþættir sem fóru út fyrir heimildir sínar samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun. Rík ástæða hefði verið til þess að farið væri yfir þessa rekstrarþætti sérstaklega og að endurskoðandi hefði skýrt sérstaklega frávikgreiningu vegna þeirra. Þetta var ekki gert og verður að ætlast til þess að úr slíku verði bætt við næstu uppgjör á rekstri sveitarfélagsins gefist tilefni til.

Á-listinn hefur kosið að hafa takmarkað samráð innan sveitarstjórnarinnar um gerð fjárhagsáætlana og ársreikninga. Hreppsráðið hefur ekki tekið þátt í vinnu við þessi málefni þó áskilið sé í Sveitarstjórnarlögum og í Samþykkt um stjórn og fundarsköp Rangárþings ytra að hreppsráðið skuli vinna að þessum þáttum ásamt framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Þetta eru ekki ásættanleg vinnubrögð og lýsir D-listinn þeirri von sinni að þetta hafi verið mistök sem ekki verði endurtekin. Í upphafi árs 2010 var ákveðið að framkvæmdastjóri sveitarfélagsins legði fram upplýsingar mánaðarlega úr fjárhagsbókhaldu til upplýsingar fyrir sveitarstjórnarfulltrúa og til þess að gera þeim kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu. Þetta hefur ekki verið unnt að uppfylla það sem af er þessu kjörtímabili og fer D-listinn fram á að úr verði bætt og að eftirleiðis komi þessar upplýsingar fram. Fulltrúar D-listans lýsa því yfir, að þeir telja það sjálfsagt verkefni sitt að vinna að áætlanagerð og verkefnum tengdum fjárhagslegum rekstri sveitarfélagsins með bestan hag þess að leiðarljósi og að unnið verði markvisst að lækkan á skuldastöðu sveitarsjóðs á þessu ári og komandi árum.

Fulltrúar D-listans í sveitarstjórn Rangárþings ytra

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir, Katrín Sigurðardóttir

Bókun fulltrúa Á-lista:



Fulltrúar Á-lista áskilja sér rétt til að bóka, vegna bókunar fulltrúa D-lista, á næsta fundi sveitarstjórnar.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson

16. Bókun fulltrúa D-listans vegna málefna Suðurlandsvegur 1 - 3 ehf.

Bókun fulltrúa D-listans í sveitarstjórn Rangárbings ytra sem er svar við bókun Á-listans við 3. lið á 19. fundi hreppsnefndar, 9. maí sl., lögð fram á fundi hreppsnefndar þ. 9. júní 2011:

Fulltrúar D-listans fagna því að nú séu framkvæmdir að hefjast að nýju við tengibygginguna milli Suðurlandsvegur 1 og 3 eftir stöðvun þeirra um miðjan júlí s.l. sumar. Það hefur tekið meirihlutann 11 mánuði að komast að niðurstöðu í málinu eftir að hafa að lítt hugsuðu máli afturkallað afgreiðslu fyrrverandi meirihluta um aukið hlutfélag til Suðurlandsvegur 1-3 ehf. til að styrkja eiginfjárstöðu félagsins og til þess að gera félagið lánshæfara. Meirihluti Á-listans hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að binda mun meira af opinberu fjármagni í hlutfélaginu en ákvörðun fyrrverandi meirihluta gerði ráð fyrir. Því hefur líka verið haldið fram af meirihluta Á-listans í þessa 11 mánuði, að einungis einn annar möguleiki hafi verið í stöðunni, sem væru gjaldprotaskipti, en slíkt hefði ekki verið raunhæft ef ákvörðun fyrri meirihluta hefði fengið að standa.

Sá dráttur sem hefur orðið á framkvæmdinni hefur leitt til þess að íbúar sveitarfélagsins misstu sennilega af langþráðu tækifæri til að fá lágvöruverðisverslun síðasta sumar. Einnig hefur verið tilkynnt um að Heilsugæslustöðinni að Suðurlandsvegi 3 verði lokað í þrjá mánuði nú í sumar og gætu tafirnar á framkvæmdum við tengibygginguna verið ein ástæða þeirrar ákvörðunar HSu. Þá hefur einnig með þessum hringlandahætti skapast umtalsverð óvissa um aðra þjónustuþætti í húsnæðinu. Því til viðbótar er rétt að halda til haga að einn megin tilgangurinn með byggingunni var að bæta aðgengi fyrir fatlaðra að þjónustu í húsnæðinu, sem var verulega ábótavant.

Í bókun Á-listans fer lítið fyrir framtíðarsýn eða jákvæðni í garð tengibyggingarinnar. D-listinn vonast til þess að sveitarstjórn geti sameinast um þau sóknarfæri sem lagt var af stað með í upphafi við framkvæmdina. Fulltrúar D-listans eru sannfærðir um að húsnæðið eigi eftir að þjóna samfélaginu vel og að þangað geti íbúar og gestir sveitarfélagsins sótt nauðsynlega þjónustu af ýmsu tagi. D-listinn mun af heilum hug taka þátt í því að efla þjónustugildi í húsinu og hvetur Á-listann til að koma samstiga að því verkefni.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir, Katrín Sigurðardóttir

Bókun fulltrúa Á-lista:

Tillaga Á-lista:

Undirritaðir fulltrúar leggja til að leitað verði til innanríkisráðuneytisins til að kanna hvort að fyrrverandi meirihluti sveitarstjórnar Rangárbings ytra (kjörtímabilið 2006-2010) hafi staðið lagalega rétt að afgreiðslu mála sem snúa að einkahlutfélaginu Suðurlandsvegur 1-3 ehf. Sveitarstjóra er falið að taka saman gögn varðandi málið í samráði við óháða fagaðila og lögmann sveitarfélagsins.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson

Tillagan borin undir atkvæði:

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjár sitja hjá (GIG, AMK, KS)*

17. Kjör oddvita og varaoddvita og kosning hreppsráðs til eins árs, skv. l. nr. 45/1998.

Kjör oddvita:

Tillaga um að Guðfinna Þorvaldsdóttir, Saurbæ, 851 Hellu verði oddviti 2011 - 2012.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjár sitja hjá (GIG, AMK, KS).*

Kjör varaoddvita:

Tillaga um að Magnús Hrafn Jóhannsson, Freyvangi 22, 850 Hellu verði varaoddviti 2011 - 2012.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrjár sitja hjá (GIG, AMK, KS).*

Kosning hreppsráðs til eins árs:

Tillaga um að eftirladdir hreppsnefndarmenn skipi hreppsráð 2011 - 2012:

Aðalmenn:

Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Bolöldu 4, 850 Hellu.

Steindór Tómasson, Bergöldu 2, 850 Hellu.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Laufskálum 4, 850 Hellu.

*Samþykkt samhljóða.*

Varamenn:

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Saurbæ, 851 Hellu.

Magnús Hrafn Jóhannsson, Freyvangi 22, 850 Hellu.

Þorgils Torfi Jónsson, Freyvangi 6, 850 Hellu.

*Samþykkt samhljóða.*

Kjör formanns og varaformanns hreppsráðs til eins árs:

Tillaga um að Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir verði formaður hreppsráðs 2011 – 2012.

*Samþykkt samhljóða.*

Tillaga um að Steindór Tómasson verði varaformaður hreppsráðs 2011 - 2012.

*Samþykkt samhljóða.*

Guðfinna Þorvaldsdóttir vikur af fundi.

#### **Fundargerðir til umsagnar og kynningar:**

18.4. stjórnarfundur á Lundi, dags. 10. mars 2011.

19.1. fundur verkefnisstjórnar um eflingu sveitarfélaga á Suðurlandi, dags. 8. apríl 2011.

20.2. fundur verkefnisstjórnar um eflingu sveitarfélaga á Suðurlandi, dags. 18. apríl 2011.

21.3. fundur verkefnisstjórnar um eflingu sveitarfélaga á Suðurlandi, dags. 5. maí 2011.

22.5. stjórnarfundur á Lundi, dags. 5. maí 2011.

23.203. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 10. maí 2011.

24. Upplýsinga- og samráðsfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 10. maí 2011.

25.443. fundur stjórnar SASS, dags. 20. maí 2011.

26.127. fundur í stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., dags. 24. maí 2011.

Fram kemur í fundargerðinni að samþykkt er að fresta blátunnvæðingu vegna heimilissorphirðu. Ástæðan er sú að núverandi þjónustuaðili hefur ekki yfir þeim búnaði að ráða sem nauðsynlegur er til verkefnisins. Ákveðið hefur verið að bjóða út alla þjónustu vegna umsýslu sorps á samstarfssvæði Sorpstöðvarinnar og lagt er til að blátunnvæðingu verði frestað þar til ljóst er hver kemur til með að sjá um þjónustuna.

*Sveitarstjórn þykir miður að ekki skuli hafa fundist lausn sem leitt hefði til þess að komið hefði verið á nýju kerfi sorphirðu á þeim tímapunkti sem upphaflega var stefnt að.*

27.7. fundur stjórnar Suðurlandsvegar 1-3 ehf., dags. 26. maí 2011.

28.787. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. maí 2011.

29.133. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 29. apríl 2011.

30.8. fundur stjórnar Suðurlandsvegar 1-3 ehf., dags. 1. júní 2011.

31.108. fundur barnaverndarnefndar Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, dags. 1. júní 2011.

#### **Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:**

32. Fornleifavernd ríkisins – Minjavörður Suðurlands; Heiðarbrún II, Rangárþingi ytra – dskl, dags. 10. maí 2011.

33. Náttúruverndarsamtök Suðurlands; Ályktun um Friðland að fjallabaki og verndun Torfajökulssvæðisins, dags. 16. maí 2011.

34. Afrit af bréfi Fjölbrautarskóla Suðurlands til skólastjórnenda; Próf í einstökum áföngum við FSu á haustönn 2011, dags. 18. maí 2011.

35. Áheitasund starfsmanna íþróttamiðstöðvar, skv. tölvupósti dags. 5. júní 2011.

Í erindinu kemur fram að sl. vetur tók starfsfólk sundlaugarinnar þátt í lffshlaupi Í.S.Í sem gekk mjög vel og urðu þau þar í 6 - 11 sæti. Í kjölfarið ákváðu þau af setja af stað áheitasund og synda 100 km sem hófst 21. mars og lauk miðvikudaginn fyrir páska. Vegalengdin endaði í 214 km og mikill áhugi var fyrir áheitasundinu, börn og fullornir streymdu í sund og syntu starfsfólki til stuðnings.

Sveitarstjórn þakkar framtak starfsmanna íþróttamiðstöðvarinnar á Helli sem vakið hefur verðskuldaða athygli.

*Sveitarstjórn ákveður að sýna framtakinu stuðning og bætir við söfnunina framlagi að fjárhæð kr. 150.000.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 18:59.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 21. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, þriðjudaginn 14. júní 2011, kl. 16:30

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson og Anna María Kristjánsdóttir. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Óskað er breytinga á boðaðri dagskrá og er það samþykkt. Á dagskrá bætist liður 1 sem varðar skipulagsmál.

#### Skipulagsmál og tengd erindi:

1. 40. fundur í Skipulagsnefnd Rangárþings bs., dags. 3. maí 2011, áður á dagskrá sveitarstjórnar á 19. fundi dags. 9. maí 2011.

Samkvæmt 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010, var auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur.

193 2011 Hjarðarbrekka Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss, sumarhúss og útihúsa.

Deiliskipulagið nær til um 2 ha svæðis í landi Hjarðarbrekku, landnr. 164516 sem er í heild um 182 ha að stærð. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, frístundahúss auk bílskúra og byggingarreits fyrir útihús. Aðkoma að Hjarðarbrekku er af Suðurlandsvegi (nr. 1) niður Oddaveg (nr. 266) og um heimreið að Hjarðarbrekku.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því deiliskipulagið samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73 1997 var auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur.

174 2010 Galtalækur 2, deiliskipulag frístundabyggðar, Rangárþingi ytra.

Deiliskipulagið nær yfir 76 frístundahúsalóðir á um 60 ha spildu, Heiðarlönd landnr. 209858 úr landi Galtalækjar 2. Deiliskipulagið samræmist aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Lóðirnar eru frá 0,5-1,3 ha að stærð. Aðkoma að svæðinu er um Landveg nr. 26 og um nýjan aðkomuveg.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því deiliskipulagið samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

#### Erindi til umsagnar og afgreiðslu:

2. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli; Beiðni um umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi fyrir útihátíð og tímabundið áfengisleyfi á Gaddstaðafloötum, skv. erindi dags. 6. júní 2011, áður tekið fyrir á 20. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2011.

Skv. erindinu hefur Útihátíðin ehf. sótt um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi hjá Sýslumanni vegna fyrirhugaðrar tónleikahátíðar á Gaddstaðafloötum 8. – 10. júlí 2011. Sýslumaður óskar umsagnar sveitarstjórnar á grundvelli laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem og reglugerðar nr. 585/2007.

Skv. 10. gr. laganna ber sveitarstjórn m.a. að staðfesta að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um. Skv. 20 gr. reglugerðarinnar gefa sýslumenn út rekstrarleyfi, tækifærisleyfi og tímabundin áfengisveitingaleyfi hver í sínu umdæmi að undanskildum sýslumanninum í Reykjavík en lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu gefur út leyfi í umdæmi hans.

*Umsögn sveitarstjórnar:*

*Umsagnarbeiðnin var tekin fyrir á 20. fundi sveitarstjórnar dags. 9. júní 2011 og var þar samþykkt að fresta afgreiðslu málsins á meðan aflað væri frekari upplýsinga um mótshaldið.*

*Frá þeim tíma hefur verið rætt við sýslumann og upplýsingar fengnar frá hans starfsfólki. Þá hefur einnig verið rætt við staðarhaldara og fengnar frá þeim upplýsingar.*

*Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanni verður öflug löggæsla á hátíðinni til verndar gestum og íbúum á svæðinu. Mótshaldarar greiða fyrir slíka gæslu og er hún forsenda þess að leyfi verði gefið út af sýslumanni. Mótshaldarar leggja áherslu á að vandað verði til allra verka, s.s. til öryggis- og sjúkragæslu auk almennrar gæslu og að allt kapp verði lagt á fyrirmyndar umgengni á svæðinu.*

*Hefð er fyrir samkomuhaldi á svæðinu og er það í samræmi við gildandi skipulag svæðisins. Ekki er gerð athugasemd af hálfu sveitarstjórnar.*

Umsögnin borin undir atkvæði:

*Samþykkt með 6 atkvæðum, einn er á móti (MÝS)*

Bókun Margrétar Ýrr Sigurgeirsdóttur

Í ljósi þess að íbúar sveitarfélagsins eru margir ósáttir við að hátíðin verði haldin á Hellu og að útihátíð sem þessi muni valda íbúum óþægindum getur undirrituð ekki tekið undir jákvæða umsögn sveitarstjórnar. Hætta á unglíngadrykkju á svæðinu er mikil og börnin okkar munu ekki geta gengið óhult um sína heimabyggð á löglegum útivistartíma þessa helgi. Töluverður kostnaður mun leggjast á sveitarfélagið vegna hátíðarinnar þar sem almenn umhirða og hreinsun í þorpinu lendir á starfsmönnum sveitarfélagsins.

Nauðsynlegt hefði verið að kanna hug íbúa og að leitað hefði verið álits forvarnarhóps áður en nokkur ákvörðun væri tekin. Börnin okkar og unglíngarnir eru að mínu mati margfalt meira virði heldur en hugsanlegar tekjur einkaaðila sem eru ekki í hendi.

Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir

3. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli; Beiðni um umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi fyrir útihátíð og tímabundið áfengisleyfi í Galtalæk, skv. erindi dags. 6. júní 2011, áður tekið fyrir á 20. fundi sveitarstjórnar 9. júní 2011 og erindi dags. 14. júní 2011.

Skv. erindinu, dags. 6. júní 2011, hefur Lexi ehf. sótt um tækifærisleyfi hjá Sýslumanni vegna fyrirhugaðrar tónleikahátíðar í Galtalæk 24. – 26. júní 2011. Skv. erindinu, dags. 14. júní 2011, hefur Hressingarskálinn ehf. sótt um tímabundið áfengisleyfi hjá Sýslumanni vegna sömu hátíðar. Sýslumaður óskar umsagnar sveitarstjórnar á grundvelli laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sem og reglugerðar nr. 585/2007.

Skv. 10. gr. laganna ber sveitarstjórn m.a. að staðfesta að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um. Skv. 20 gr. reglugerðarinnar gefa sýslumenn út rekstrarleyfi, tækifærisleyfi og tímabundin áfengisveitingaleyfi hver í sínu umdæmi að undanskildum sýslumanninum í Reykjavík en lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu gefur út leyfi í umdæmi hans.

*Umsögn sveitarstjórnar:*

*Umsagnarbeiðnin var tekin fyrir á 20. fundi sveitarstjórnar dags. 9. júní 2011 og var þar samþykkt að fresta afgreiðslu málsins á meðan aflað væri frekari upplýsinga um mótshaldið.*

*Frá þeim tíma hefur verið rætt við sýslumann og upplýsingar fengnar frá hans starfsfólki. Þá hefur einnig verið rætt við staðarhaldara og fengnar frá þeim upplýsingar.*

*Samkvæmt upplýsingum frá sýslumanni verður öflug löggæsla á hátíðinni til verndar gestum og íbúum á svæðinu. Mótshaldarar greiða fyrir slíka gæslu og er hún forsenda þess að leyfi verði gefið út af sýslumanni. Mótshaldarar leggja áherslu á að vandað verði til allra verka, s.s. til öryggis- og sjúkragæslu auk almennrar gæslu og að allt kapp verði lagt á fyrirmyndar umgengni á svæðinu.*

*Hefð er fyrir samkomuhaldi á svæðinu og er það í samræmi við gildandi skipulag svæðisins. Ekki er gerð athugasemd af hálfu sveitarstjórnar.*

*Samþykkt samhljóða.*

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 7. júlí 2011 kl. 15 og verður það síðasti fundur sveitarstjórnar fyrir sumarleyfi.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 17:10.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 22. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 7. júlí 2011, kl. 15:00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Steindór Tómasson, Ólafur Júlíusson í fjarveru Magnúsar H. Jóhannssonar, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson og Anna María Kristjánsdóttir. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. 13. fundur hreppsráðs Rangárþings ytra, dags. 23. júní 2011.

Varðandi lið 1; Samstarfssamningur við KFR. Nefndin felur formanni nefndarinnar að kynna erindi formanns KFR fyrir sveitarstjórn.

*Sveitarstjórn mælist til þess að formaður KFR kynni erindið og starfsemi félagsins fyrir hreppsráði á næsta fundi þess sem haldinn verður 20. júlí nk.*

*Fundargerðin að öðru leyti staðfest.*

2. 10. fundur samgöngu-, hálendis- og umhverfisnefndar, dags. 21. júní 2011.

Til kynningar.

3. 5. fundur Atvinnu- og menningarmálanefndar, dags. 22. júní 2011.

Varðandi lið 2; Erindisbréf nefndarinnar.

*Skýra þarf betur 12. gr. erindisbréfsins áður en sveitarstjórn getur veitt samþykki sitt. Erindisbréfi er vísað til Atvinnu- og menningarmálanefndar til nánari vinnslu.*

Varðandi lið "Önnur mál"; 17. júní og Töðugjöld.

*Atvinnu- og menningarmálanefnd er falið að móta tillögu að stefnu varðandi þær hátiðir sem nefndar eru í fundargerðinni og skila til sveitarstjórnar.*

Fundargerðin að öðru leyti til kynningar.

#### Skipulagsmál og tengd erindi:

4. Kynning á fyrirhuguðum framkvæmdum LV vegna virkjana í Þjórsá.

Gísli Gíslason og Ásgeir Jónsson, Steinsholti sf., f.h. Landsvirkjunar, kynntu verkáætlun skipulagsferils fyrirhugaðra framkvæmda við Hvamms- og Holtavirkjanir.

*Sveitarstjóra og oddvita falið að óska eftir fundi, eins fljótt og mögulegt er, með forsvarsmönnum Landsvirkjunar vegna málefnsins.*

5. Kynning Steinholts sf. á hugmyndum vinnuhóps um deiliskipulag á Hellu.

Gísli Gíslason og Ásgeir Jónsson, Steinsholti sf., kynntu hugmyndir vinnuhóps um deiliskipulag á Hellu fyrir sveitarstjórn.

*Vinnuhópi um deiliskipulagsmál falið að vinna áfram að málinu í góðri samvinnu við lóðarhafa og hagsmunadila á svæðunum.*

6. 46. fundur í Byggingarnefnd Rangárþings bs., dags. 30. júní 2011.

613-2011 Akbraut, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir dæluhúsi.

Daníel Magnússon, kt. 130353-2749, Akbraut, Rangárþingi ytra, sækir um byggingarleyfi fyrir dæluhúsi á jörðinni Akbraut, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki landeiganda

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

614-2011 Hrólfstaðahellir, Rangárþingi ytra – stöðuleyfi fyrir gestahúsi.

Anna Björg Stefánsdóttir, kt. 090862-5619, Hrólfstaðahelli, Rangárþingi ytra, óskar eftir stöðuleyfi fyrir vinnuskúr/gestahús, að Hrólfstaðahelli, samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Byggingarfulltrúa falið að afgreiða málið, eftir skoðun á húsi og aðstæðum.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

615-2011 Ársel, Rangárþingi ytra – stöðuleyfi fyrir gámi.

Sæmundur Eiríksson sækir um fh. Þorsteins Aðalsteinssonar, kt. 120348-3539, Reykási 24, 110 Reykjavík, stöðuleyfi fyrir gámi í Árseli, Rangárþingi ytra, landnr. 199844, samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

616-2011 Reynifell lóð 14B, Rangárþingi ytra – stöðuleyfi fyrir vinnuskúr.

Þóra Jóhanna Jónasdóttir, kt. 140765-3689, Stigahlið 82, 105 Reykjavík, óskar eftir stöðuleyfi fyrir vinnuskúr á lóð sinni í Reynifelli, lóð 14B, landnr. 164808, samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

617-2011 Jarlsstaðir, Rangárþingi ytra – stöðuleyfi fyrir húsi.

Þór Þorsteinsson kt. 210469-4869, óskar eftir stöðuleyfi fyrir sumarhúsi í landi Jarlsstaða í Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi gögnum.

Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

618-2011 Hallstún, Rangárþingi ytra – byggingarleyfi fyrir skemmu.

Ragnhildur Sigurðardóttir, kt. 080552-4759, Reykjavíkurvegi 52a, 220- Hafnarfirði, sækir um byggingarleyfi fyrir skemmu á landi sínu að Hallstúni, landnr. 200602, Rangárþingi ytra, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

619- 2011 Veiðivötn, Rangárþingi ytra – Byggingarleyfi fyrir skemmu.

Kjartan Magnússon kt. 271153-5709, f.h. Veiði- og fiskiræktarfélags Landmannaafreittar kt. 630580-0999 í Rangárþingi ytra, sækir um leyfi til byggingar skemmu við Tjaldvatn í Veiðivötnum, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

620-2011 Hrafnatóftir, Rangárþingi ytra, - byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi

Gylfi Jónsson kt. 150658-3149 Jónsgeisla 45 í Reykjavík, sækir um endurnýjun á byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi í landi Hrafnatófta landnr. 165392, samkvæmt meðfylgjandi teikningum.

Samþykkt, með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggingarnefndar.*

Að öðru leyti er fundargerðin til kynningar.

7. 42. fundur í Skipulagsnefnd Rangárþings bs., dags. 30. júní 2011.

239 2011 Ósk um framkvæmdaleyfi vegna efnisnámu við Jarlsstaði, í Rangárþingi ytra.

Þór Þorsteinsson kt. 210469-4869, f.h. Rangárflúða kt. 430996-2829, óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna efnistöku í og við Ytri-Rangá.

Um er að ræða efnistöku til eigin nota á svæði sem ekki nýtur sérstakrar verndar. Þar sem efnistakan er í ánni að hluta hefur landeigandi látið afla upplýsinga um lífríki hennar á viðkomandi svæði og aflað umsagna Veiðimálastofnunar, sbr. meðfylgjandi bréf dags. 8. júní 2011, Landgræðslunnar, sbr. meðfylgjandi bréf dags. 6. maí 2011 og Veiðifélags Ytri- Rangár og vesturbakka Hólsár, sbr. meðfylgjandi ódagsett bréf. Jafnframt hefur Fiskistofa veitt leyfi fyrir framkvæmdinni fyrir sitt leyti með vísan til 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsvæði, sbr. meðfylgjandi erindi dags. 20. júní 2011.

Áætlað er að vinna samtals 1000 m<sup>3</sup> efnis á árinu 2011 innan þess svæðis sem lýst er í meðfylgjandi vinnsluáætlun. Óskað er eftir því að leyfi sé veitt til vinnslu 1000 m<sup>3</sup> á árinu 2011, með vísan í að um minniháttar efnistöku sé að ræða, sem fengið hefur umsögn og leyfi þar til bærri aðila.

Til framtíðar hefur landeigandi í hyggja að vinna í heildina 5000 m<sup>3</sup> á fimm ára tímabili. Meðfylgjandi umsagnir og leyfi Fiskistofu sem tilgreindar eru hér að ofan miðast við það magn. Landeigandi hefur í hyggju á fá umrædda námu setta inn á

aðalskipulag sveitarfélagsins, ásamt annarri námu í landi Jarlsstaða og er undirbúningsvinna hafin . Meðfylgjandi erindinu er vinnslu- og frágangsaætlun fyrir efnistökusvæðið í samræmi við VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Áætlunin miðast við 5000 m<sup>3</sup> efnistöku á næstu 5 árum.

Skipulagsnefnd telur að breyta verði aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, áður en framkvæmdaleyfi fyrir efnisnámu verði veitt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

240 2011 Jarlsstaðir, Rangárþingi ytra, ósk um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna náma og frístundasvæðis, og heimild til deiliskipulagsgerðar.

Þór Þorsteinsson kt. 210469-4869, f.h. Rangárflúða kt. 430996-2829, óskar eftir leyfi til að breyta aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna námusvæða, og vegna fyrirhugaðrar frístundabyggðar í landi Jarlsstaða. Einnig óskar Þór eftir leyfi til að hefja deiliskipulagsvinnu vegna frístundabyggðarinnar samfara breytingu á aðalskipulagi.

Skipulagsnefnd samþykkir beiðni Þórs Þorsteinssonar um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna náma og fyrirhugaðs frístundasvæðis. Einnig er heimilað að hefja vinnu við deiliskipulagsgerð samfara aðalskipulagsbreytingunni.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

241 2011 Steinkusel, Rangárþingi ytra, ósk um landskipti.

Ketill Arnar Hannesson, kt. 041237-3689, óskar eftir því að skipta 4 lóðum úr landi sínu Steinkuseli, landnr. 165021.

Lóðirnar heita Mosasel, lóð F2, landnr. 220223, stærð 5000fm. Kötlusel, lóð F3, landnr. 220224, stærð 5000fm. Fjallasel, lóð F4, landnr. 220225, stærð 5000fm. og Rangársel, lóð F5, landnr. 220226, stærð 5000fm.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við landskiptin.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

242 2011 Vörður, Rangárþingi ytra, samruni tveggja lóða.

Guðmundur Björnsson, kt. 030537-3199 og Guðrún L. Kristinsdóttir, kt. 270139-2809, óska eftir því að sameina tvær lóðir. Lóðirnar eru Vörður, landnr. 215960, stærð 36,9ha og Vörður, landnr. 216520, stærð 30ha. Eftir samruna verður heitið Vörður, landnr. 215960, stærð 66,9ha.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við landskiptin.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

243 2011 Minni-Vellir, Rangárþingi ytra, ósk um landskipti.

Sigríður Th. Kristinsdóttir, kt. 100277-3019 og Fjóla Runólfsdóttir, kt. 070251-4699, óska eftir leyfi til landskipta á einni lóð úr Minni-Völlum, landnr. 164995.

Lóðin heitir Minni-Vellir, spilda, landnr. 220262, stærð 10,00ha.



Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við landskiptin.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

244 2011 Heiðarbrún, Rangárþingi ytra, skipting jarðar.

Eigendurnir að Heiðarbrún, landnr. 165089, Rangárþingi ytra, óska eftir leyfi til að skipta jörðinni í tvo jafna hluta. Nýi hlutinn fær heitið Heiðarbrún II, landnr. 220265, stærð 73,8ha.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við landskiptin.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

245 2011 Litli-Klofi, Rangárþingi ytra, ósk um landskipti.

María Antonsdóttir, kt. 240847-3619, óskar eftir leyfi til landskipta á lóð sinni Litla-Klofa, landnr. 205145. Nýja lóðin verður með heitið Litli-Klofi lóð C-2 og verður hún 17,3 ha. að stærð.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við landskiptin, þó með fyrirvara um undirskriftir frá aðliggjandi lóðareigendum.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

*Afgreiðslu frestað þar sem undirskriftir frá öllum aðliggjandi lóðareigendum liggja ekki fyrir.*

199 2011 Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 ásamt umhverfisskýrslu, vegna færslu á Búðarhálslínu. Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til breytingar á legu Búðarhálslínu 1, og nýs iðnaðarsvæðis fyrir tengivirki, þar sem Búðarhálslína 1, kemur að Hrauneyjafosslínu 1.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið umhverfisskýrslu vegna breytingarinnar og gerir ekki efnislegar athugasemdir.

Engar aðrar efnislegar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

200 2011 Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna nýs þjónustu- og frístundasvæðis í landi Heysholts í Rangárþingi ytra.

Gert er ráð fyrir að um 18 ha. svæði úr jörðinni Heysholti verði breytt í svæði fyrir frístundabyggð auk verslunar- og þjónustusvæðis.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

201 2011 Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, vegna frístundasvæða. Þær breytingar sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem staðfest var 2. febrúar 2011, að gerð er breyting á greinargerð, kafla 4.3 um frístundabyggð og samsvarandi breyting á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulagsins. Um er að ræða eftirfarandi svæði: Heklukot, Maurholt, Tjörfastaði, Hallstún, og Sælukot.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

164 2010 Heklukot, Rangárþingi ytra, deiliskipulag frístundalóðar.

Deiliskipulagið nær yfir frístundalóðina Heklukot sem er um 1,5 ha úr landi Kots á Rangárvöllum. Landið er á skilgreindu vatnsverndarsvæði í III flokki. Deiliskipulagið

tekur til byggingar frístundahúss og 2ja gestahúsa. Fyrir er á lóðinni lítið frístundahús og skemma.

Deiliskipulagið er í samræmi við breytingatillögu að Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Aðkoma að Heklukoti er af Rangárvallavegi nr 264, um Heklubraut og núverandi aðkomuveg að lóðinni.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

165 2010 Maurholt, deiliskipulag frístundalóða úr landi Ægissíðu, Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið nær yfir Maurholt landnr. 165449 sem er um 43 ha. Deiliskipulagið tekur til byggingar fjögurra frístundahúsa og gestahúsa ásamt skemmu. Deiliskipulagið er í samræmi við breytingatillögu að Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Aðkoma er um Suðurlandsveg, Bugaveg nr. 273, og aðkomuveg inn á svæðið.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

158 2010 Tjörfastaðir í Rangárþingi ytra, deiliskipulag 4 frístundahúsalóða.

Deiliskipulagið nær yfir um 4 ha svæði af landi Tjörfastaða (landnr. 165013). Deiliskipulagið tekur til fjögurra frístundalóða, F1-F4 sem allar eru 1 ha að stærð. Áætlað er að byggja frístundahús og gestahús/geymslu á hverri lóð. Aðkoma að svæðinu er af Suðurlandsvegi vestan Hellu, um Bjallaveg (nr. 272), Húsagarðsveg (nr. 2771) og nýjan afleggjara frá aðkomuvegi að Tjörvastöðum.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

160 2010 Heysholt Rangárþingi ytra deiliskipulag frístundahúsa-, verslunar- og þjónustubygginga.

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir frístundabyggð með 24 lóðum og 48 byggingum. Verslun og þjónustu á tveimur lóðum með 2 byggingum þar sem önnur lóðin er til framtíðarþarfa svæðisins. Deiliskipulagið er syðst í landi Heysholts og er með aðkomu um Suðurlandsveg, Landveg nr. 26 og um aðkomuveg inn á svæðið.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

172 2010 Hallstúns deiliskipulag 2 sumarhúsa og skemmu, Rangárþingi ytra.

Deiliskipulagið nær yfir 14,9 ha spildu í landi Hallstúns landnr. 203907. Deiliskipulagið tekur til byggingarreita fyrir tvö frístundahús auk byggingarreits fyrir skemmu. Aðkoma að Hallstúni er um Landveg nr. 26, um aðkomuveg að Hallstúni og um aðkomuveg að spildunni.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

202 2011 Sælukot við Gíslholtsvatn, Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss, frístundahúsa og reiðskemmu.

Um er að ræða deiliskipulag á 25,1ha landi Sælukots sem er norðaustan við Eystra

Gíslholtsvatn og vestan við Þjóðveg 286. Skipulag frá 20. júlí 1992, Sumarhús úr landi Haga í Rangárvallasýslu mun falla úr gildi þegar nýtt deiliskipulag tekur gildi. Innan deiliskipulagsreits eru nú þegar komin eitt íbúðarhús, eitt frístundahús og eitt hesthús. Fyrirhugað er að reisa þar að auki reiðskemmu við hesthúsið og 2 frístundahús í suðausturhorni landsins

Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

211 2011 Pula, Rangárþingi ytra, deiliskipulag 4 frístundalóða.

Deiliskipulagið tekur til 4 frístundalóða í landi Pulu, og eru frá 2,8 – 3,8ha að stærð.

Heimilt verður að byggja 1 sumarhús á hverri lóð, allt að 120m<sup>2</sup> að stærð. Einnig verður leyft að byggja geymslu eða gestahús á hverri lóð allt að 25m<sup>2</sup>. Aðkoma að svæðinu er um Hagabraut (nr.286) ca 760m frá gatnamótum Landvegjar.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

213 2011 Lyngás, Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúsalóða.

Deiliskipulagið tekur til 10 íbúðarhúsalóða. Á fjórum lóðum hafa verið byggð íbúðarhús. Aðkoma að svæðinu er af Suðurlandsvegi um Bugaveg (273) og aðkomuveg að lóðunum.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

214 2011 Svínhagi lóð RS 9, Rangárþingi ytra, deiliskipulag landbúnaðarspildu.

Gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum, annar fyrir íbúðarhús og geymslu, hinn reiturinn fyrir 2-3 landbúnaðarbyggingar allt að 1000m<sup>2</sup>. Aðkoma að svæðinu er um Rangárvallaveg (nr. 264) og um Þingskálaveg (nr.268) og aðkomuveg inn á Svínhaga.

Engar athugasemdir hafa borist og telst því tillagan samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

Að öðru leyti er fundargerðin til kynningar.

Sveitarstjórn áréttar að breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulagsgerð eru hvorar tveggja á kostnað þeirra aðila sem eftir framkvæmdinni óska.

8. Jón Ágúst Reynisson; Gata í íbúðahverfi í Holtum, erindi dags. 4. júlí 2011.

Í erindinu afhendir bréfitari sveitarfélaginu Rangárþingi ytra endurgjaldslaust land undir götu og götuna sem á landinu er í skipulagðri íbúðabyggð við Selás, land úr Pulu í Holtum. Jafnframt afsalar bréfitari allri ábyrgð um umsjón á götunni frá landeiganda, Kubbar ehf., yfir á sveitarfélagið Rangárþing ytra. Ekki er farið fram á endurgreiðslu kostnaðar við lagningu götunnar heldur er góðfúslega farið fram á að götunni verði komið í nothæft ástand með malaríburði og heflun.

*Sveitarstjórn þakkar bréfitara erindið og felur sveitarstjóra að kanna lögformlegan grundvöll þess í samvinnu við lögræðisvið Sambands íslenska sveitarfélaga eða lögfræðing sveitarfélagsins, ef þurfa þykir, áður en afstaða verður tekin til þess.*

*Afgreiðslu frestað.*

9. Skotfélagið Skyttumar; Greinargerð vegna fyrirhugaðs skotsvæðis á Geitasandi, dags. 5. júlí 2011.

Í greinargerðinni kemur m.a. fram að þann 22. júní síðastliðinn mældi Vinnueftirlit ríkisins að beiðni Skotfélagsins Skyttur hljóðstyrk frá fyrirhuguðu skotsvæði þegar hleypt var af haglabyssu annarsvegar og riffli hinsvegar. Notaður var riffill af 7mm REM Magnum kaliberi sem er með stærstu kaliberum sem leyfð eru á Íslandi. Haglabyssan var af sömu hlaupvídd og haglabyssur sem notaðar eru í skotíþróttum. Skotið var með báðum byssunum í fyrirhugaða skotstefnu skotsvæðisins. Engar hljóðvarnir voru til staðar á skotsvæðinu. Eins og kemur fram í meðfylgjandi skýrslu frá Vinnueftirlitinu er hljóðstyrkur 120 db fimm metra til hliðar við riffilinn og því áætlaður hljóðstyrkur um 150 db við hlaupenda. Í deiliskipulagi fyrir skotsvæðið er gert ráð fyrir að hljóðstyrkur við hlaupenda sé 160 db og ekki gert ráð fyrir áhrifum landslags og skotstefnu á hljóðstyrk með það að leiðarljósi að á engan hátt sé verið að draga úr umhverfisáhrifum frá skotsvæðinu. Mælingar Vinnueftirlitsins sýna að skotstefna og landslag hafa afgerandi áhrif til lækkunar á hljóðstyrk miðað við hljóðkort í deiliskipulaginu og með frekari aðgerðum sem fyrirhugaðar eru mun draga enn meira úr hljóðstyrk frá skotsvæðinu. Geta má þess að þegar mælt var næst Minna Hofi þá heyrði mælingarmaðurinn ekki skothvellinginn þó mælitækið næmi hann. Ljóst er samkvæmt mælingum Vinnueftirlitsins og fyrirhuguðum aðgerðum til hljóðvarna að hljóðstyrkur frá skotsvæðinu mun verða undir viðmiðunarmörkum.

Sveitarstjórn tók fyrir erindi frá Skotfélaginu Skyttur á fundi sínum 2. september 2010 sbr. bókun fundargerðar:

„Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfis fyrir skotsvæði á umræddu svæði með fyrirvara um athugasemdarlausar umsagnir annarra umsagnaraðila“

Á sveitarstjórnarfundi 7. apríl 2011 var deiliskipulagstillagan samþykkt til auglýsingar. Byggingar- og skipulagsfulltrúi vann þá að grenndarkynningu samkvæmt afgreiðslu skipulagsnefndar.

Fram komu athugasemdir við deiliskipulagstillöguna eftir auglýsingu og á sveitarstjórnarfundi 9. júní 2011 var eftirfarandi m.a. bókað:

„Fram hafa komið athugasemdir við deiliskipulagstillöguna eftir auglýsingu og er það ljóst að ekki er sátt um hana og alvarlegar athugasemdir gerðar er varðar hljóðmengun.“

Hvað varðar athugasemdir landeigenda tekur sveitarstjórn ekki afstöðu til eignarhalds á svæðinu eða hvernig það er til komið. Þá vill sveitarstjórn benda á að skotsvæðið er innan afgirts landgræðslusvæðis og það sé því ekki almennt útivistarsvæði.

Vegna athugasemda landeigenda varðandi hugsanleg áhrif hávaðamengunar á skepnur þá vill sveitarstjórn fá frekari gögn um hljóðstig við jarðamörk. Því beinir sveitarstjórn því til Skotfélagsins að skila inn ítarlegri gögnum hvernig staðið verði að mótvægisáðgerðum varðandi hljóðvist svæðisins.

Tillaga um að sveitarstjórn fresti afgreiðslu málsins þar til frekari gögn liggja fyrir.

Samþykkt með 6 atkvæðum einn situr hjá (ST).“

Með ýtarlegri greinargerð frá Skotfélaginu fylgir skýrsla frá Vinnueftirlitinu með niðurstöðum hávaðamælinga við skotsvæðið á Rangárvöllum, unnin fyrir Skotfélagið Skyttur, dags. 22. júní 2011.

*Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að svara innsendum athugasemdam um deiliskipulagið.*

*Sveitarstjórn staðfestir deiliskipulag fyrir skotsvæði Skotfélagsins Skyttunnar á Geitasandi í Rangárþingi ytra.*

#### **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

10. Tónsmiðja Suðurlands; Ósk um samstarf sveitarfélagsins við Tónkjallarann ehf. v. Tónsmiðju Suðurlands, erindi dags. 21. júní 2011.

Í erindinu leggja bréfritarar til að Rangárþing ytra feti í fótspor nærliggjandi sveitarfélaga og viðurkenni starf Tónsmiðju Suðurlands til jafns við Tónlistarskóla Rangæinga. Jafnframt kemur fram það álit bréfrítara að um leið styrki sveitarfélagið grunnþjónustu sína fyrir íbúa sína og veiti Tónlistarskóla Rangæinga nauðsynlegt aðhald í formi heilbrigðrar samkeppni.

Sveitarstjórn þakkar innsent erindi og áhuga Tónsmiðju Suðurlands á samstarfi. Sveitarstjórn er mikið í mun að styrkja grunnþjónustu við íbúa en sér ekki færi á að verða við óskum bréfrítara að sinni. Sveitarfélagið mun marka stefnu vegna stuðnings við tónlistarkennslu.

*Erindinu hafnað.*

11. Jón Ragnar Björnsson; Vegna tilboðs í vef Rangárþings ytra, erindi dags. 22. júní 2011.

Í erindi bréfrítara kemur fram óánægja með það hvernig staðið var að málum við öflunar tilboða í gerð nýrrar heimasíðu fyrir sveitarfélagið Rangárþing ytra.

*Sveitarstjórn þakkar bréfrítara sýndan áhuga á málefnum og ábendingarnar.*

12. Rally Reykjavík - 32. alþjóðarallið á Íslandi; Beiðni um leyfi til notkunar vega innan sveitarfélagsins til rallaksturs, skv. tölvupósti dags. 4. júlí 2011.

*Erindinu vísað til Samgöngu-, hálendis- og umhverfisnefndar til umsagnar og er því jafnframt beint til nefndarinnar að samráð verði haft við Vegagerðina og sýslumann og hagsmunaaðila á svæðinu við undirbúning umsagnarinnar. Sveitarstjórn leggur áherslu á að ekki er viðunandi að akstursþróttir af þessum toga séu stundaðar í byggð, þ.m.t. sumarhúsa byggð.*

13. Tillaga Á-lista um húsnæðismál Grunnskólans á Hellu, dags. 5. júlí 2011.

Sameiginleg tillaga sveitarstjórnar um húsnæðismál Grunnskólans á Hellu, lögð fram á 22. fundi sveitarstjórnar Rangárþings ytra 7. júlí 2011:

Samkvæmt greinargerð skólastjórnenda, dags. 1. júní 2011, er brýn þörf á að auka skólahúsnæði Grunnskólans á Hellu. Skoðaðar hafa verið ýmsar hugmyndir um úrbætur þar á meðal að kaupa eða leigja færanlegar einingar til þess að leysa mesta vandann. Það er þó ljóst að slíkar lausnir eru kostnaðarsamar og til bráðabirgða. Sveitarstjórn telur að forðast eigi bráðabirgðalausnir og beina eigi frekar sjónum að framtíðarlausnum í húsnæðismálum Grunnskólans á Hellu.

Lagt er til að skipaður verði starfshópur um framtíðaruppbyggingu grunnskólamannvirkja á Hellu. Í honum sitji sveitarstjóri, oddviti, formaður fræðslunefndar, fulltrúi minnihluta í sveitarstjórn, skólastjóri, fulltrúi kennara og fulltrúi foreldra.

Sveitarstjórn hvetur starfshópinn til þess að skoða heildstætt sem besta nýtingu skólahúsnæðis alls sveitarfélagsins og samvinnu milli skólanna. Starfshópnum er ætlað að skila tillögum til sveitarstjórnar svo fljótt sem verða má.

Fulltrúar sveitarstjórnar í starfshópnum eru: Guðfinna Þorvaldsdóttir, Anna María Kristjánsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Sigurgeir Guðmundsson og Gunnsteinn R. Ómarsson. Auk þeirra sitja í nefndinni einn fulltrúi kennara og einn fulltrúi foreldra barna við Grunnskólann á Hellu.

Tillagan borin undir atvæði:

*Samþykkt samhljóða.*

14. Orlof sveitarstjórnar og umboð hreppsráðs til fullnaðarafgreiðslu mála.

Tillaga um að hreppsnefnd geri hlé á reglulegum fundum á tímabilinu frá 7. júlí til 1. september 2011.

Jafnframt er lagt til að hreppsráð fái umboð til fullnaðarafgreiðslu mála á meðan hreppsnefnd er í fundarhléi.

*Samþykkt samhljóða.*

**Fundargerðir til umsagnar og kynningar:**

15. 6. stjórnarfundur á Lundi, dags. 9. júní 2011.
16. Sameiginlegur fundur Héraðsnefndar Rangæinga og Héraðsnefndar V-Skaftafellssýslu haldinn í Skógum, dags. 22. júní 2011.
17. 6. fundur Héraðsnefndar Rangæinga, dags. 22. júní 2011.
18. 788. fundur stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga, dags. 24. júní 2011.
19. 129. fundur í stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., dags. 27. júní 2011.
20. 7. stjórnarfundur á Lundi, dags. 29. júní 2011.

Varðandi lið 2; Mötuneyti – leikskóli.

Fram kemur að viðræður hafa verið á milli starfsfólks mötuneytis Lundar og leikskólastjóra Heklukots um möguleika á því að Lundur selji leikskólanum Heklukoti hádegismat.

*Sveitarstjóra falið að gera gæðasamanburð og reikna út hagræn áhrif þess að kaupa mat af Lundi fyrir leik- og grunnskólabörn á Hellu og leggja fyrir hreppsráð.*

21. 9. fundur stjórnar Suðurlandsvegur 1-3 ehf., dags. 30. júní 2011.

**Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:**

22. Vegagerðin; Afgreiðsla styrkumsókna – Styrkvegir í Rangárþingi ytra, dags. 21. júní 2011.

Til kynningar.

Í bréfinu kemur fram að Rangárþingi ytra hefur verið úthlutað kr. 3.000.000,- til endurbóta á ýmsum vegum í sveitarfélaginu.

*Samgöngu-, hálendis- og umhverfisnefnd falið að ráðstafa fjármagninu í samráði við sveitarstjóra.*

23. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands; Eftirlit í Íþróttamiðstöð Hellu, dags. 23. júní 2011.
24. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli; Beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi fyrir fjölskylduhátíð í Oddsparti, skv. erindi dags. 27. júní 2011. Erindi áður afgreitt af sveitarstjórn í tölvupósti.  
Sveitarstjórn hefur þegar veitt athugasemdaleusa umsögn í tölvupósti til sveitarstjóra.
25. Áhugahópur um Töðugjöldin á Hellu; Beiðni um styrk, dags. 28. júní 2011.  
Í erindinu kemur fram greinargóð lýsing áhugahóps um Töðugjöld á fyrirhugaðri framkvæmd þessarar fjölskylduhátíðar. Jafnframt er óskað eftir fjárstuðningi sveitarfélagsins sambærilegum þeim sem veittur var sl. ár. Að endingu er hvatt til þess að sveitarstjórn ásamt menningarmálanefnd marki stefnu um framtíð Töðugjalda.  
*Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að fjárhæð kr. 500.000,- til framkvæmdar fjölskylduhátíðarinnar Töðugjöld árið 2011 skv. erindinu.*  
*Sveitarstjórn felur atvinnu- og menningarmálanefnd að taka til umfjöllunar ósk áhugahópsins um framtíðar stefnumörkun fyrir Töðugjöld sbr. bókun við 3. lið hér að ofan.*
26. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli; Beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi fyrir dansleik í Íþróttahúsinu á Hellu, skv. erindi dags. 29. júní 2011. Erindi áður afgreitt af sveitarstjórn í tölvupósti.  
Sveitarstjórn hefur þegar veitt athugasemdaleusa umsögn í tölvupósti til sveitarstjóra.
27. Sýslumaðurinn á Hvolsvelli; Beiðni um umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi fyrir veitingasölu á útihátíð á Gaddstaðflötum, skv. erindi dags. 29. júní 2011.  
Sveitarstjórn hefur þegar veitt athugasemdaleusa umsögn í tölvupósti til sveitarstjóra.
28. Umhverfisráðuneytið; Þátttaka ungmenna í VII. Umhverfisþingi 14. október 2011, dags. 30. júní 2011.
29. Styrktarsamningur vegna menningar-, mannúðar- og félagsstarfs milli Rangárþings ytra, Ásahrepps og Oddasóknar, dags. 30. júní 2011.

Til kynningar.

30. Ginnir ehf., f.h. True North; Afrit af erindi til sýslumanns og Heilbrigðiseftirlits vegna umsóknar um leyfi til sprenginga vegna kvikmyndatöku, skv. tölvupósti dags. 5. júlí 2011.

Í fyrirbyggjandi gögnum kemur fram að sýslumaður og Heilbrigðiseftirlit hafa fyrir sitt leyti veitt leyfi til sprenginga í tengslum við kvikmyndatöku á Landmannaafretti, n.t.t. Dómadalsleið. Leyfið gildir frá 5. júlí til 1. ágúst 2011 en jafnframt kemur fram að aðeins verður sprengt 3 daga innan þess tímaramma.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu slíkra leyfa.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 18:11.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 23. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 1. september 2011, kl. 15:00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnúsar H. Jóhannsson, Steindór Tómasson, Ólafur E. Júlíusson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir og Katrín Sigurðardóttir í forföllum Ingvars Péturs Guðbjörnssonar. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. 14. fundur hreppsráðs Rangárþings ytra, dags. 20. júlí 2011.

Til kynningar.

2. 15. fundur hreppsráðs Rangárþings ytra, dags. 10. ágúst 2011.

Til kynningar.

3. 10. fundur fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, dags. 22. ágúst 2011.

Um 4. dagskrárlið „Mötuneytismál Heklukots“

Lögð fram tillaga þess efnis að sveitarstjórn samþykki breytingar á tilhögun mötuneytismála í Heklukoti til eins árs frá og með 1. okt. 2011. Sveitarstjórn tekur undir með fræðslunefnd að mikilvægt sé að eftir 6 mánuði skili leikskólastjóri skýrslu um málið til fræðslunefndar. Sveitarstjóra er falið að ganga frá samningi við Hjúkrunarheimilið Lund f.h. sveitarfélagsins.

Tillagan borin undir atkvæði, 6 samþykkja og einn situr hjá (ÓEJ).

*Tillagan samþykkt.*

Um 5. dagskrárlið „Vistunartími barna í Heklukoti“

Tillaga skólustjóra Grunnskólans á Hellu og leikskólustjóra Heklukots er að einn starfsmaður skóladagheimilisins fari með börn skóladagheimilisins sem eru í vistun frá kl.16:15-17:15 yfir í leikskólann og klári daginn með leikskólabörnunum með einum starfsmanni leikskólans. Með þessum hætti lækkar kostnaður vegna yfirvinnu þar sem færri starfsmenn þarf til að sinna umönnun barnanna.

*Sveitarstjórn leggur áherslu á að málið verði strax kynnt foreldrum viðkomandi barna. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna til reynslu og óskar eftir greinargerð skólustjóra og leikskólustjóra um þessa nýju tilhögun fyrir 1. nóv. 2011, þar sem m.a. skal komið fram hvaða áhrif þessar breytingar hafa á liðan barnanna. Ákvörðun um framhaldið verði tekin á hreppsnefndarfundi í nóvember.*

*Fundargerðin er að öðru leyti staðfest.*

#### Skipulagsmál og tengd erindi:

4. Norðurnes, Rangárþingi ytra deiliskipulag 3ja sumarhúsalóða, áður á dagskrá sveitarstjórnar 9. júní 2011.

208 2011 Norðurnes, Rangárþingi ytra deiliskipulag 3ja sumarhúsalóða, tekið fyrir á fundi Skipulagsnefndar Rangárþings bs., dags. 1. júní 2011.

Deiliskipulagið nær til þriggja sumarhúsalóða, sem hver um sig er um 1 ha að stærð. Aðkoma að Norðurnesi er um Hagabraut (nr. 286), inn á Kvíarholtsveg (nr. 2863) og um aðkomuveg inn að Norðurnesi.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma og telst því deiliskipulagstillagan samþykkt.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

5. Beiðni frá Valsteini Stefánssyni um að byggja hesthús á Gaddstaðflötum, skv. tölvupósti dags. 27. júlí 2011.

Á árunum 2005-2006 var unnið deiliskipulag af hesthúsabygð á Gaddstaðflötum af þeim Reyni Vilhjálmssyni og Dagnýju Bjarnadóttur hjá Landslagi ehf. Jafnframt voru unnar teikningar af nokkrum

húsagerðum af Guðjóni Magnússyni hjá Arkform ehf. Bera þessi gögn vott um mikla bjartsýni sem ríkti í samfélaginu á þessum tíma. Rétt er að taka þessi gögn til endurskoðunar og meta þörfina fyrir umfangi og áfangaskiptinu á hverfi sem slíku og endurskoða jafnframt húsagerðir með tilliti til aðstæðna og efnahags.

*Sveitarstjórn frestar afgreiðslu á erindi Valsteins Stefánssonar þar til endurskoðuð markmið og áform um uppbyggingu hesthúshverfis að Gaddstaðaflötum liggja fyrir. Sveitarstjórn skipar Steindór Tómasson, Ólaf E. Júlíusson og Katrínu Sigurðardóttur í vinnuhóp sem ætlað er að fara yfir málið og skila hugmyndum til sveitarstjórnar.*

6. Beiðni um nafngift á spildu, skv. tölvupósti frá Huldu Gústafsdóttur dags. 12. ágúst 2011.

Í erindinu kemur fram að ósk er um að kalla búgarðaspildu Skot. Spildan er nr. 214348 og stærð 5,85 ha. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nafngiftina fyrir sitt leyti.

7. Hlymdalir ehf.; Umsókn Hlymdala um lóðina Seltún 6-12, dags. 14. ágúst 2011.

Í erindinu kemur fram að bréfitari hefur áður sótt um lóð við Seltún.

Umrædd lóð er á deiliskipulagi sem var gert 2006-2010 og hefur ekki farið í auglýsingu til úthlutunar.

Sveitarstjóra og oddvita er falið að fá fund með stjórn Lundar til að kanna landþörf Lundar með hliðsjón af þeirri uppbyggingu sem fyrirhuguð er varðandi heilabilunardeild. Einnig til að kanna framtíðaráform hvað viðkemur stækkun á húsnæði Lundar til lengri tíma lítið.

Tillaga að bókun:

Afgreiðslu erindisins er frestað þar til búið er að funda með stjórn Lundar.

Tillagan borin undir atkvæði, 6 samþykkja og einn situr hjá (ST).

*Tillagan samþykkt.*

8. Breyting á samþykktum embættis skipulags- og byggingarfulltrúa, skv. tölvupósti dags. 24. ágúst 2011.

Á listinn leggur til að skipaður verði vinnuhópur um framtíðar fyrirkomulag embættis skipulags og byggingarfulltrúa með áherslu á hagræði og skilvirkni embættisins. Í þeim vinnuhóp eigi sæti sveitarstjóri, oddviti og oddviti minnihluta sveitarstjórnar. Þar verður meðal annars ákvarðað nánar með tilhögun og heimildir byggingarfulltrúa til að afgreiða mál sem komin eru í gegnum skipulagsferli.

*Samþykkt samhljóða.*

9. Beiðni Kristbjargar Ingvarsdóttur um skráningu lögheimilis að Rangárstíg 6 í Rangárþingi ytra, dags. 26. ágúst 2011.

Fyrir liggur að umrætt svæði er skipulagt sem orlofsbyggð, endurskírt sem ferðapjónustuhús og skráð sem sumarhús hjá Fasteignaskrá Íslands.

Húsin uppfylla ekki reglugerðir hvað varðar; gerð og frágang undirstaða, rýmisstærðir né einangrunargildi byggingarhluta til að flokkast undir og verða skráð sem íbúðarhúsnæði. Til að svo megi verða þarf að breyta aðalskipulagi, deiliskipulagi og endurbyggja húsin frá grunni skv. byggingarreglugerð.

*Sveitarstjórn hafnar því beiðni Kristbjargar Ingvarsdóttur á fyrrgreindum forsendum.*

#### **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

10. Vinnuhópur vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar heilsuþorps við Lund; Möguleg þátttaka Rangárþings ytra og Ásahrepps í stofnun einkahlutafélags um byggingu og umsjón með þjónustumiðstöð ásamt öryggis- og þjónustuíbúðum sem tengist Lundi, hjúkrunar- og dvalarheimili á Hellu, dags. 4. ágúst 2011.

*Sveitarstjórn fagnar framtakinu og er sveitarstjóra og oddvita falið að óska eftir fundi með stjórn Neslundar.*

11. Orkustofnun; Svar vegna beiðni um frest til umsagnar vegna umsóknar um nýtingarleyfi í landi Stóra Klofa, dags. 8. ágúst 2011, frestað mál frá 14. fundi hreppsráðs, tl. 9, dags. 20. júlí 2011.

Sveitarstjóra og oddvita var falið að vinna að málinu fyrir 1. sept. 2011. Vegna þess að óljóst var um ýmis atriði m.a. um nýtingarréttinn var ákveðið að leita til lögfræðings með málið.

Eftirfarandi er umsögn sveitarstjórnar vegna umsóknar Þórs Þorsteinssonar um nýtingarleyfi unnin í samráði við LEX lögmannsstofu / Dýrleifu Kristjánsdóttur hdl. / Þorstein Magnússon hdl.:



Með umsókn Þórs Þorsteinssonar, sem dagsett er 30. júní 2011, óskar hann eftir að gera dæluþrúfanir úr holu sem merkt er Sk-1. Reynist þær jákvæðar óskar hann eftir nýtingarleyfi í allt að 50 ár á 35 l/sek. Reynist holan ekki nýtanleg óskar hann eftir að fá að nýta 35 l/sek. úr holu Sk-2 svo lengi sem hægt sé að sýna fram á með dæluþrúfun að ekki sé gengið á þegar gerða samninga um nýtingu holunnar. Verði Sk-1 nýtt óskar Þór eftir að fá að byggja allt að 25 fm dæluþrúfur og lagningu lagnar um land Stóra Klofa.

Í umsókninni vísar Þór m.a. til þess að Leirubakki hafi á sínum tíma fengið aðgang að heitu vatni úr borholunum. Þar með sé komið fordæmi fyrir því að aðilum sé gert kleift að nýta vatnið þó svo að þeir hafi ekki verið aðilar að upphaflega samningnum um nýtingu vatnsins úr holunum. Þá getur hann þess að Landgræðsla ríkisins, sem hafi forráð yfir jörðinni, hafi þegar mælst til þess að Þór fái afnot af vatninu.

Áður en lengra er haldið er rétt að rekja stuttlega sögu orkunýtingar á Baðsheiði. Hinn 18. október 1985 gerðu annars vegar Landgræðslan vegna Stóra-Klofa og hins vegar Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahreppar samning sem fól í sér að hreppunum væri heimilt að bora eftir heitu vatni á Baðsheiði sem þá var talin í óskiptri sameign jarðanna Litla- og Stóra-Klofa. Færi borunin fram til öflunar á heitu vatni í þágu Klakstöðvar sem verið var að koma á fót á vegum hreppanna í landi Fellsmúla í Landmannahreppi. Í samningnum kom fram að hreppunum væri heimilt að koma fyrir í landinu dæluþrúfaði og því sem honum tilheyrði, auk raflagnar að honum og vatnslagnar frá honum að klakstöðinni. Auk þess væri þeim heimill umferðarréttur vegna byggingar téðra mannvirkja og eftirlits með þeim og gerð nauðsynlegs vegslóða í því skyni. Tekið var fram að umrædd mannvirki og réttindi væru eign hreppanna og yrðu hluti klakstöðvarinnar við Fellsmúla sem Landsvirkjun væri að byggja og myndi afhenda hreppunum til eignar og reksturs, samkvæmt nánara samkomulagi þeirra í millum.

Í samningnum, dags. 18. október 1985, var kveðið á um að eigendum klakstöðvarinnar væri heimilt að nota orkumagn sem svaraði til allt að 20 lítrum/sek. af 60° C heitu vatni, sem fást kynni í Baðsheiði, til að fullnægja þörfum klakstöðvarinnar á hverjum tíma. Yrði frekari árangur af borun væri landeigendum heimilt að nýta alla þá orku sem umfram væri án sérstaks endurgjalds, enda bæru hrepparnir ekki kostnað af þeirri nýtingu og hún færi fram án áhættu fyrir nýtingu í þágu klakstöðvarinnar. Þá kom fram að hrepparnir væru tilbúnir til að heimila eftir nánara samkomulagi bæjunum Fellsmúla, Skarði, auk kirkjunnar þar og Stóra-Klofa að tengja heimæðar við stofnlögnina að klakstöðinni, til eigin þarfa vegna heimilis- og búrekstrar enda gæfi holan nægilegt vatnsmagn að lokinni tilraunadælingu. Sama gilti um Litla-Klofa ef byggt yrði á jörðinni. Teldist þessi notkun hluti af ofangreindu orkumagni og gæti numið allt að 2,0 lítrum/sek. samanlagt. Klakstöðin hefði þó ætíð forgangsrétt að fyrstu 10 lítrum/sek. sem fást kynni á hverjum tíma. Samningurinn er til 50 ára en endumýjast sjálfkrafa verði honum ekki sagt upp.

Áform um borun gengu eftir og á næstu árum á eftir voru gerðir samningar við tiltekna eigendur fasteigna um afnot af vatni úr holunum. Þannig gerðu hrepparnir í nóvember 1993 samninga við eiganda Leirubakka þar sem honum var heimilað að leggja tengja hitaveituæð að Leirubakka við stofnlögnina og nota orkumagn sem svaraði til 3 lítra/sek. Fiskeldisstöðin í Fellsmúla hf. hefði þó ætíð forgangsrétt að fyrstu 10 lítrum/sek. sem fást kynni á hverjum tíma. Breytingar voru gerðar á samningnum við eigendur Leirubakka árið 1997, m.a. á þann veg að ef til þess kæmi að rekstri Fiskeldisstöðvarinnar við Fellsmúla hf. yrði hætt, stöðin hætti allri vatnsnotkun eða ekki þætti lengur hagkvæmt að halda uppi dælingu um vatnslögnina með núverandi hætti, muni hrepparnir stuðla að stofnun sjálfstæðrar hitaveitu á svæðinu eða halda áfram dælingu á heitu vatni um vatnslögnina til Leirubakka og annarra notenda heita vatnsins.

Þá var þann 22. maí 1998 undirritaður samningur við eigendur Skarðs um rétt þeirrar jarðar til 0,75 l/sek. af heitu vatni úr borholunni á Baðsheiði. Sami fyrirvari var gerður og í fyrri samningum, um forgangsrétt klakstöðvarinnar að fyrstu 10 sekúndulítrum. Fram kemur að verði rekstri Fiskeldisstöðvarinnar við Fellsmúla hf. hætt skuli hrepparnir stuðla að stofnun hitaveitu um hitavatnsnotkunina „svo að réttindi þeirra sem þá þegar hafa fengið heitt vatn haldist áfram án þess að til breytinga á þá þegar gerðum samningum þurfi til að koma.“ Síðan segir að samkomulag sé um að slík hitaveita taki við þær aðstæður við réttindum og skyldum hreppanna. Þá hafa hrepparnir gert samninga við eigendur sumarhúsa um afhendingu vatns, með sambærilegum skilmálum. Umræddir samningar voru gerðir með samþykki Landgræðslunnar og í krafti þess nýtingarréttar að vatnsréttindunum sem sveitarfélagnum var veittur með samningnum frá 18. október 1985.

Samkvæmt framansögðu hefur sveitarfélagið rétt til nýtingar á umræddum vatnsréttindum, allt að 20 l/sek., með þeirri kvöð að klakstöðin hefur forgangsrétt að fyrstu 10 sekúndulítrum. Þá hefur sveitarfélagið skuldbundið sig til að tryggja afhendingu á vatni til eigenda tiltekinna fasteigna á svæðinu. Við blasir að til að sveitarfélagið geti efnt þessar skyldur þarf á hverjum tíma að vera nægt vatn til staðar í holunum. Sveitarfélagið getur því ekki undir neinum kringumstæðum mælt með því að utanaðkomandi aðilum verði veitt leyfi til nýtingar á vatnsréttindum í borholunum nema fyrst liggi fyrir viðhlítandi rannsóknir sem eindregið gefi til kynna að afkastageta holnanna sé næg til að umrædd nýting ógni með engum hætti afhendingaröryggi til umræddra aðila. Sveitarfélagið telur því nauðsynlegt að slíkar rannsóknir fari fram og

niðurstöður þeirra liggja fyrir áður en nýtingarleyfi er veitt. Þær rannsóknir þurfa að mati sveitarfélagsins að fela í sér mun meira en eingöngu þær dæluþrófanir sem Þór nefnir í umsókn sinni. Þar sem Suðurlandsskjálftinn árið 2000 kann að hafa breytt ýmsu um afkastagetu holnanna telur sveitarfélagið heldur ekki tækt að byggja á rannsóknum sem kunna að hafa verið gerðar fyrir þann tíma.

Þá bendir sveitarfélagið á að borholurnar sem slíkar, sem og ýmis önnur mannvirki sem reist voru í tengslum við þá nýtingu sem fram fer á Baðsheiði, eru væntanlega í eigu þess félags sem nú rekur eldisstöðina í Fellsmúla. Þær yrðu þannig ekki nýttar án samþykkis félagsins. Forsvarsmenn félagsins hafa nú þegar komið á fund sveitarstjórnar og kynnt áform um frekari uppbyggingu í Fellsmúla. Þau áform kalla á tryggt sé meira vatnsmagn en 10 sekúndulítrar.

Sveitarfélagið gerir athugasemd við þá fullyrðingu Þórs að samningur við eigendur Leirubakka um afhendingu á heitu vatni hafi fordæmisgildi varðandi áform hans. Þar var um að ræða heimild til að tengja hitaveituað við stofnlögn hreppanna og fá með því 3 l/sek. af heitu vatni meðan nægjanlegt vatn fengist úr borholu sem þegar var í notkun. Þar var því ekki um að ræða nýja virkjun heldur nýtingu á vatni sem þegar rann úr viðkomandi borholu, vegna reksturs sem stofnað var til á vegum sveitarfélaganna, auk þess sem sú nýting var af mun minni stærðargráðu en sú sem Þór hyggur á.

Sveitarfélagið gerir einnig athugasemd við þá fullyrðingu Þórs að borholurnar hafi á sínum tíma verið boraðar fyrir íbúa hinnar gömlu Landsveitar. Hið rétta er að ráðist var í framkvæmdirnar vegna klakstöðvarinnar sem Ása-, Djúpár-, Holtamanna- og Landmannahreppar komu sameiginlega á fót í landi Fellsmúla. Þó svo að eigendur tiltekinna nærliggjandi jarða í Landsveit hafi fengið að njóta góðs af því vatni sem kom úr holunum, umfram þarfir klakstöðvarinnar, var það ekki ástæðan fyrir því að holurnar voru boraðar. Í þessu sambandi má geta þess að Jarlsstaðir liggja í tuga kílómetra fjarlægð frá holunum. Margir bæir og sumarhús liggja mun nær þeim án þess þó að hafa aðgang að heitu vatni úr holunum.

Eins og fram kemur hér að framan getur komið til þess að sveitarfélagið verði að koma á fót hitaveitu til að efna samningsbundnar skyldur sínar. Það á m.a. við um skyldur gagnvart eigendum Leirubakka og Skarðs auk eigenda tiltekinna sumarhúsa í sveitarfélaginu. Raunar hefur sveitarfélagið, burtséð frá þeim skyldum, til athugunar kosti þess að koma á fót hitaveitu sem sinnt gæti fleiri notendum í Landsveit en þeim sem nú þegar nýta vatn úr borholunum á Baðsheiði. Eins og yður er að sjálfsögðu kunnugt um mælir 13. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, fyrir um að sveitarfélag skuli hafa forgangsrétt til nýtingarleyfa vegna jarðhita innan marka sveitarfélagsins vegna þarfa hitaveitu sem rekin er í sveitarfélaginu. Almannahagsmunir ganga þannig framar einkahagsmunum þegar afstaða er tekin til þess hverjum er úthlutað nýtingarleyfum. Æskilegra væri, m.t.t. hagsmuna íbúa Rangárþings ytra, að beðið yrði með að veita einkaaðilum leyfi til frekari nýtingar jarðhita á Baðsheiði, þar til fyrir liggur niðurstaða um hvort vænlegt er að koma á fót hitaveitu í sveitarfélaginu.

*Með vísan til framangreinds er það afstaða Rangárþings ytra að hafna beri umsókn Þórs Þorsteinssonar um nýtingarleyfi vegna vatnsréttinda í landi Stóra Klofa.*

12. Rannveig Guðmundsdóttir og Sverrir Jónsson; Kauptilboð í lóð nr. 178641 í Merkiholli, dags. 16. ágúst 2011.

Fram kemur að umrædd lóð er um 1,3ha og verðtilboð kr. 500.000.

*Tilboðinu er hafnað.*

*Sveitarstjóra er falið að fara yfir lóðamál í Merkiholtslandi og skila tillögu um ráðstöfun til sveitarstjórnar.*

13. Lundur; Beiðni um ábyrgð fyrir hækkun yfirdráttarheimildar, skv. tölvupósti dags. 22. ágúst 2011.

Í erindinu kemur fram að yfirdráttarheimild Lundar hjá Arion banka er kr. 10.000.000. Óskað er eftir að yfirdráttarheimildin verði hækkuð í kr. 15.000.000. Þetta er tilkomið vegna þess að Velferðarráðuneytið tók af eitt hjúkrunarrými sem þýðir tekjurýrnun um kr. 662.062 á mánuði. Einnig er rekstrarvandinn tilkominn vegna hækkana á launum starfsmanna vegna nýrra kjarasamninga. Lögð er áhersla á við hjúkrunarforstjóra og stjórn Lundar að leitað verði allra leiða til að ná aftur sama fjölda hjúkrunarrýma, þar sem það er auðséð að endar ná ekki saman miðað við núverandi tekjustofna Lundar.

*Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra, fyrir sitt leyti, heimild til að árita ábyrgð vegna hækkunar yfirdráttarheimildar Lundar hjá Arion banka í 15 mkr.*

14. Málefni íþróttasamfellu, m. tilv. í tl. 7 frá 15. fundi hreppsráðs dags. 10. ágúst 2011; Fundargerð umsagnarhóps dags. 18. ágúst 2011 og greinargerð varaformanns hreppsráðs og sveitarstjóra, dags. 25. ágúst 2011.

Greinargerð varaformanns hreppsráðs og sveitarstjóra byggð á fundi hagsmunaaðila um málið:

Á vegum Grunnskóla Hellu verður samfella á mánudögum og miðvikudögum fyrir 1. – 4. bekk þar sem flestar greinar íþróttta og tómsunda verða kynntar í n.k. námskeiðum í stað þess að vera í gangi allan veturinn. Þannig tekur eitt námskeið við af öðru. Knattspyrman er þó inni í einn klukkutíma hvorn dag vegna fjölda barna á þessum aldri sem æfa hana.

- Með þessu móti er náð fram einum megintilgangi með samfellunni, að bjóða yngstu börnunum – 1.- 4.bekk – að kynnst sem flestum íþróttum, leikjum, leiklist, dansi og öðrum möguleikum tómsunda. Einnig er auðveldara að fá leiðbeinendur í stuttan tíma frekar en að binda sig allan veturinn. Markmiðið er að þegar skóla lýkur þessa daga sé tómsundastarfi barnanna einnig lokið.
- Forráðamenn barna greiða ekki sérstaklega fyrir samfelli 1. – 4. bekkjar líkt og verið hefur heldur verði hún rekin sem hluti af skólalagheimili, til að ná fram auknu hagræði.
- Þau börn sem af einhverjum ástæðum hafa hvorki verið á skólalagheimili eða í samfelli verða í gjaldfrjálsri gæslu á skólalagheimili á samfellutíma.
- Þau börn sem hvorki hafa tekið þátt í samfelli eða skólalagheimili, heldur verið í skólanum, verði þá vistuð á skólalagheimili þegar samfelli er þar sem starfsfólk nýtist þá mun betur og börnin verða þá á tveimur stöðum á samfellutíma, en ekki þremur eins s.l. skólaár, einnig ef megnið af börnum á skólalagheimilinu fer í tómsundastarfið þá fylgir starfsmaður börnunum þannig að með þessu sparast væntanlega talsvert fé og starfsfólk nýtist betur.
- Skólastjórnendur hafa tilkynnt að ekki verður boðið uppá tvöfaldan skólaakstur vegna samfelli.
- Tómsundastarf barna og unglinga eldri en 4. bekk er ekki á ábyrgð skólans heldur viðkomandi aðila sem skipuleggur það starf. Til að mæta kostnaði við starfið er félögum heimilt að innheimta gjald af þeim sem nýta sér þá þjónustu líkt og verið hefur.
- Til að lágmarka akstur og óþægindi forráðamanna barna á grunnskólaaldri (5-10. bekk) í tómsundastarf er það eindreginn vilji forráðamanna íþróttafélaga og annara að bjóða upp á íþróttta og tómsundastarf fyrir þann hóp í beinu framhaldi af skóla þannig að íbúar í dreifbýli þurfi aðeins að ná í börn og ungmenni. Einnig væri það til bóta fyrir nýtingu íþróttahúss þar sem mikil ásókn er í tímann frá kl.17- 20 að sögn forráðamanns.

*Bókun sveitarstjórnar; Skólastjórnendum er falið að vinna að skólasamfellunni fyrir 1.- 4.bekk samkvæmt þessari samantekt en íþróttastarf 5.-10. bekkjar verði í höndum Umf. Heklu og KFR eða annarra eins og verið hefur.*

#### 15. Skipan í hreppsráð og tímabundið leyfi frá störfum sveitarstjórnar.

Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir hefur hafið töku fæðingarorlofs og hefur farið í leyfi frá sveitarstjórnarstörfum. Margrét mun eftir sem áður sitja sem formaður stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs. og varamaður í Héraðsnefnd. Ólafur E. Júlíusson tekur sæti Margrétar í hreppsnefnd á meðan leyfi hennar varir.

Þorgils Torfi Jónsson, fulltrúi D-lista í hreppsnefnd og fulltrúi Rangárþings ytra í Héraðsnefnd Rangæinga, hefur fengið leyfi frá störfum í sveitarstjórn og Héraðsnefnd frá 1. sept. 2011 til 1. mars 2012.

Eftirfarandi breyting verður á skipan hreppsráðsins:

Steindór Tómasson, fulltrúi Á-lista, verður formaður hreppsráðs.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, oddviti og varafulltrúi Á-lista í hreppsráðinu, verður fulltrúi í stað Margrétar í hreppsráðinu og jafnframt varaformaður þess.

Aðrir fulltrúar Á-lista í hreppsnefnd verða varafulltrúar í hreppsráðinu.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson, varafulltrúi D-lista í hreppsnefnd, verður varafulltrúi fyrir D-lista í hreppsráði í stað Þorgils Torfa Jónssonar.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson, varafulltrúi D-lista, tekur sæti Torfa í hreppsnefndinni á meðan leyfi hans varir.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, fulltrúi D-lista í hreppsnefnd og varafulltrúi Rangárþings ytra í Héraðsnefnd Rangæinga, gegnir störfum í Héraðsnefndinni á meðan leyfi Torfa varir og Anna María Kristjánsdóttir, fulltrúi D-lista í hreppsnefnd, verður varafulltrúi Guðmundar Inga í Héraðsnefnd á tímabilinu. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson verður jafnframt varamaður í skipulagsnefnd Rangárþings bs. á meðan leyfi Torfa varir.

*Samþykkt samhljóða.*

### Fundargerðir til umsagnar og kynningar:

16. Fundur með aðstandendum Bestu útihátíðarinnar, dags. 18. júlí 2011.

17. 42. fundur stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 29. júlí 2011.

18. 205. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 10. ágúst 2011.

19. 445. fundur stjórnar SASS, dags. 12. ágúst 2011.

20. 25. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs., dags. 17. ágúst 2011.

*Sveitarstjórn beinir því til stjórnar Brunavarna að gæta þess að starfsmenn fái reglubundna þjálfun sem lögbundin er til að viðhalda réttindum t.d. vegna reykköfunar.*

*Sveitarstjórn telur að skoða þurfi starfsemi Brunavarna í heild sinni m.t.t. öryggis íbúa og slökkviliðsmanna auk hagkvæmni rekstrar sveitarfélagsins.*

21. 131. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands, dags. 18. ágúst 2011.

22. Fundur vinnuhóps um deiliskipulag á Hellu, minnisblað, dags. 18. ágúst 2011.

23. Stofnfundur einkahlutafélagsins Neslundar ehf., dags. 24. ágúst 2011.

*Liður 7. Í fundargerð: „7. Fundarstjóri kynnti að stjórn Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis beindi þeim tilmælum til þessa nýja félags og Rangárþings ytra, að við deiliskipulagsgerð í framtíðinni verði tekið tillit til framtíðarþarfa stofnunarinnar fyrir byggingarsvæði sunnan við núverandi heimili.“*

*Samþykkt að fá fund með stjórn Lundar sbr. lið 7 að ofan.*

24. 11. stjórnarfundur Suðurlandsvegur 1-3 ehf., dags. 29. ágúst 2011.

### Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:

25. Sjóvá; Vátryggingar sveitarfélagsins, dags. 6. júní 2011, mótt. í tölvupósti dags. 24. ágúst 2011.

*Sveitarstjóra falið að leita tilboða í vátryggingar sveitarfélagsins, en nauðsynlegt er að kanna hvort þau mál séu með hagkvæmasta hætti á hverjum tíma.*

26. Nefnd um eflingu sveitarstjórnarstigsins; Gátlisti og umræðuskjal, dags. ágúst 2011.

27. UMFÍ; Forvarnamál, dags. 15. ágúst 2011.

*Í bréfinu kemur fram að UMFÍ gefur sveitarfélögum kost á að setja upp forvarnaskilti í og við íþróttamannvirki sín vegna síaukinnar neyslu ungs fólks á munntóbaki. Mögulegt er að bæta nafni og merki sveitarfélags og viðkomandi héraðssambands á skiltið.*

*Sveitarstjórn samþykkir að láta gera skilti til uppsetningar í íþróttahúsum sveitarfélagsins.*

28. Skógræktarfélag Rangæinga; Styrkumsókn, dags. 16. ágúst 2011.

*Í erindinu kemur fram að helstu verkefni þessa árs eru að; bera á eldri sáningar, nýplöntun og uppgræðslusvæði, plöntun á 20.000 plöntum, viðhald girðinga, m.a. að Tjörvastöðum á Landi, vegagerð á svæðum félagsins, s.s. í Aldamótaskógi við Hellu og Bolholti á Rangárvöllum, vinna við að bæta enn frekar aðgengi almennings að skógræktarsvæðum félagsins með áframhaldandi uppsetningu borða og bekkja, göngustígagerð og koma upplýsingaskiltum á fleiri staði svo eitthvað sé nefnt.*

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að funda með bréfrítara og fara yfir stöðu verkefna og skila álitni til sveitarstjórnar fyrir næsta fund í byrjun októbermánaðar.*

29. Iðnaðarráðuneytið; Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Samráðs og kynningarferli, bréf dags. 19. ágúst 2011.

*Sveitarstjórn skipar Magnús H. Jóhannsson, Ólaf E. Júlíusson og Katrínu Sigurðardóttur í vinnuhóp til að skoða málið í heild og koma á framfæri umsögn og athugasemdum vegna tillögunnar í samráði við oddvita listanna og mögulega hagsmunasveitarfélög á svæðinu.*

30. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands; Niðurstöður sýnatöku, dags. 22. ágúst 2011.

31. Suðurlandsvegur 1-3 ehf.; Aðalfundarboð, dags. 23. ágúst 2011.

*Guðfinna Þorvaldsdóttir, oddviti, fer með umboð Rangárþings ytra á fundinum.*

*Tilnefndir fyrir hönd Rangárþings ytra í stjórn Suðurlandsvegur 1-3 ehf. eru Gunnsteinn R. Ómarsson, Gunnar Aron Ólason og Ingvar Pétur Guðbjörnsson.*

*Tilmæli til stjórnar eru að Gunnsteinn R. Ómarsson verði formaður stjórnar og að Gunnar Aron Ólason verði ritari stjórnar.*

*Varamenn tilnefndir eru Indriði Indriðason, Klara Viðarsdóttir og Anna María Kristjánsdóttir.*

32. Iðnaðarráðuneyti; Afrit af bréfi til Orkuveitu Reykjavíkur vegna gjaldskrárhækkana, dags. 23. ágúst 2011.
33. Samningur um netaveiðirétt í Veiðivötnum, dags. 24. ágúst 2011.
34. Afrit af tölvupósti Hellismanna til Vegagerðar; Rallý og heflun á Dómadalsleið – ofl. hugleiðingar, dags. 24. ágúst 2011.

*Sveitarstjórn veitir hreppsráði, á næsta fundi þess, heimild til fullnaðarafgreiðslu fundargerðar 43. fundar skipulagsnefndar Rangárþings bs., dags. 31. ágúst 2011, og fundargerðar 48. fundar byggingarnefndar Rangárþings bs., dags. 31. ágúst 2011.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 17:45.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 24. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, fimmtudaginn 6. október 2011, kl. 15:00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnúsar H. Jóhannsson, Steindór Tómasson, Ólafur E. Júlíusson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Katrín Sigurðardóttir í forföllum Önnu Maríu Kristjánsdóttur. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. 16. fundur hreppsráðs Rangárþings ytra, dags. 16. sept. 2011.

Varðandi tl. 6 í fundargerðinni er vísað í tl. 9 hér á eftir.

Varðandi tl. 11 í fundargerðinni:

Eftirfarandi tillögu var vísað til sveitarstjórnar: Lagt er til að skipaður verði vinnuhópur til að móta tillögur um hvernig mætti bjóða upp á íþrótt- og tómstundasamfellu fyrir börn í 5.-10. bekk Grunnskólans á Hellu.

*Sveitarstjórn samþykkir að skipa vinnuhóp sem geri tillögur að því hvernig megi bjóða upp á íþrótt- og tómstundasamfellu fyrir börn í 5.-10. bekk. Mikilvægt er að niðurstaða liggi fyrir fljótt barnanna vegna. Vinnuhópurinn skipa Steindór Tómasson, formaður hreppsráðs, Magnús H. Jóhannsson, formaður fræðslunefndar og Sigríður Th. Kristinsdóttir. Steindóri Tómassyni er falið að kalla saman hópinn auk fag- og hagsmunaaðila til að vinna í málinu.*

*Fundargerðin að öðru leyti staðfest.*

2. Fundur í fjallskiladeild Holtamannafréttar, dags. 31. ágúst 2011.

*Fundargerðin staðfest.*

3. 8. fundur íþrótt- og tómstundaneftdar Rangárþings ytra, dags. 28. sept. 2011.

Varðandi tl. 3 í fundargerðinni:

*Sveitarstjórn Rangárþings samþykkir að veita mfl. KFR styrk að fjárhæð kr. 250.000 vegna þess glæsilega árangurs þeirra að komast upp um deild í fyrsta skipti í sögu félagsins. Um leið er öllum sem koma að starfinu færðar innilegar hamingjuóskir.*

*Fundargerðin er að öðru leyti til kynningar.*

#### Skipulagsmál og tengd erindi:

4. 44. fundur í skipulagsnefnd Rangárþings bs., dags. 3. okt. 2011.

220 2011 Áfangagil í Rangárþingi ytra, afstaða skipulagsnefndar í kjölfar athugasemda Skipulagsstofnunar á lýsingu með deiliskipulagi Áfangagils.

Hreppsnefnd Rangárþings ytra staðfesti á fundi sínum 9. júní s.l. fundargerð Skipulagsnefndar Rangárþings bs. frá 1. júní s.l., afgreiðslu lýsingar vegna fyrirhugaðrar deiliskipulagsvinnu við Áfangagil í Rangárþingi ytra. Samþykkt var að senda Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum lýsinguna til umsagnar, og einnig var samþykkt að kynna íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Kynning á lýsingunni var gerð með auglýsingu í Búkollu (staðarblað í Rangárvallasýslu) og Morgunblaðinu 29. júní s.l.

Skipulagsstofnun hefur í bréfi dags. 6. júlí 2011, lýst því yfir að deiliskipulagið fyrir Áfangagil samræmist ekki skilgreiningu aðalskipulags Rangárþings ytra 2010-2022, á fjallaseli, en svæðið er skilgreint í aðalskipulagi sem verslunar- og þjónustusvæði/fjallasel.

Skipulagsnefnd vísar málinu til hreppsnefndar Rangárþings ytra til afgreiðslu.

*Sveitarstjórn fer fram á að Skipulagsstofnun, í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í Skipulagslögum nr. 123/2010, breyti skilgreiningu í Áfangagili á Landmannafrétti. Í svæðisskipulagi miðhálandis Íslands til*

2015 er það skilgreint sem fjallasel, en farið er fram á að það verði skilgreint sem skálasvæði. Í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem staðfest var í febrúar 2011 er svæðið skilgreint í landnotkunarflokknum verslunar- og þjónustusvæði og er gert ráð fyrir að það verði óbreytt. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir aukinni uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu og að skilgreiningu svæðisins verði breytt úr fjallaseli í skálasvæði við endurskoðun Svæðisskipulags miðhálandis.

Fyrir liggja drög að bréfi til Skipulagsstofnunar. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að senda til Skipulagsstofnunar ósk um breytingu á skilgreiningu svæðisins sbr. bókun sveitarstjórnar.

253 2011 Holtsmúli 4, Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss, tveggja frístundahúsa, gesthúsa, gripahúss, skemmu og vélaskemmu.

Deiliskipulagið nær til 52,8ha spildu sem hefur landnr. 219495 og er upprunalega úr landi Holtsmúla 2, landnr 164980, í Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið tekur til einnar lóðar fyrir íbúðarhús, tveggja lóða fyrir sumarhús og gestahús, auk einnar lóðar fyrir gripahús, skemmu og vélageymslu. Aðkoma að Holtsmúla 4, er um Landveg (26) og síðan um Holtsmúlaveg (2777).

Skipulagsnefnd samþykkir framkomna tillögu, þar sem hún samræmist meginstefnu aðalskipulags Rangárþings ytra 2010-2022, og mælist til að tillagan verði auglýst í samræmi við 1.mgr. 41 gr. skipulagslaga nr.123/2010. Skipulagsnefnd telur ekki þörf á gerð lýsingar né að kynna tillöguna sérstaklega skv. 40.gr laga, þar sem meginforsendur deiliskipulags liggja fyrir í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

256 2011 256 2011 Hraunhóll, landnr. 177568 í Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss, geymslu, hesthúss og skemmu.

Steinsholt sf., f.h. Ómars Halldórssonar kt.220254-2839 leggur fram tillögu að deiliskipulagi fyrir lögbýlið Hraunhól, landnr. 177568, í Rangárþingi ytra.

Deiliskipulagið nær yfir um 12 ha svæði af 26 ha heildarstærð svæðisins.

Deiliskipulagið tekur til byggingarreits fyrir íbúðarhús, geymslu og hesthús ásamt skemmu. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022, og er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Aðkoma að Hraunhóli er um Suðurlandsveg, þá um Landveg nr.26 og um núverandi aðkomuvegi.

Skipulagsnefnd samþykkir framkomna tillögu, þar sem hún samræmist meginstefnu aðalskipulags Rangárþings ytra 2010-2022, og mælist til að tillagan verði auglýst í samræmi við 1.mgr. 41 gr. skipulagslaga nr.123/2010. Skipulagsnefnd telur ekki þörf á gerð lýsingar né að kynna tillöguna sérstaklega skv. 40. gr. laga, þar sem meginforsendur deiliskipulags liggja fyrir í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

259 2011 Lýsing vegna Holta- og Hvammsvirkjunar í Rangárþingi ytra.

Steinsholt sf. f.h. Landsvirkjunar leggur fram lýsingu vegna fyrirhugaðs deiliskipulags fyrir Holtavirkjun og Hvammsvirkjun sem verða reistar í Rangárþingi ytra.

Í meðfylgjandi lýsingu fyrir ofangreindar virkjanir kemur m.a. fram verkáætlun skipulagsferlis, framsetning á skipulagsgögnum, lýsing framkvæmdar á hvorri virkjun fyrir sig, umhverfismat, matsskylda, efnistöð umhverfisskýrslu og að lokum samráð og kynning í skipulagsferli.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við lýsinguna, en vísar henni til afgreiðslu Hreppsnefndar Rangárþings ytra.

*Sveitarstjórn frestar afgreiðslu erindisins og óskar eftir kynningu á framkvæmdaáformum Landsvirkjunar vegna áðurnefndra virkjana.*

260 2011 Óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi í Mið-Seli, Rangárþingi ytra.

Steinsholt sf. f.h. landeiganda leggur fram beiðni um óverulega breytingu á gildandi deiliskipulagi í Mið-Seli, Rangárþingi ytra. Breytingin felur í sér að gerð er lóð umhverfis gestahús og byggingarreitur gestahúss færður lítilega til suð, suð-vesturs.

Skipulagsnefnd samþykkir tillögu að breyttu deiliskipulagi skv. 2.mgr 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Það er mat skipulagsnefndar að breytingin sé það óveruleg að ekki sé sérstök ástæða til grenndarkynningar, þar

sem tillagan víki ekki frá meginatriðum fyrri tillögu er varðar notkun, nýtingarhlutfall, útlit og form svæðisins.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

261 2011 Beiðni um heimild til deiliskipulagsgerðar á landnr. 165008, í landi Snjallsteinshöfða, Rangárþingi ytra.

Steinsholt sf. að beiðni Jóns. H. Skúlasonar, óskar heimildar til að vinna deiliskipulag 25 ha landspildu úr landi Snjallsteinshöfða (landnr. 165008) og er svæðið skilgreint sem F9 – frístundabyggð í aðalskipulagi Rangárþings ytra.

Áætlað er að skipuleggja lóðir fyrir frístundahús og skemmu og munu stærðir og skilmálar verða í fullu samræmi við Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022.

Skipulagsnefnd samþykkir beiðni um leyfi til skipulagsvinnu í Snjallsteinshöfða.

Skipulagsnefnd telur að allar meginforsendur fyrir svæðið liggja fyrir í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, og er því mælt til að skipulagsferlið verði í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

262 2011 Vörður-Heysholt, Rangárþingi ytra, ósk um samruna lands.

Hér með óska Guðmundur M. Björnsson, kt. 030537-3199 og Guðrún Lóa Kristinsdóttir, kt. 270139-2809, eftir staðfestingu skipulagsnefndar á meðfylgjandi samruna lóða úr Vörðum.

Lóðirnar, Vörður lóð 2, stærð 4,00 ha. (216516), Vörður lóð 3, stærð 5,30 ha. (216517), Vörður lóð 4, stærð 5,02 ha. (216518 og Vörður lóð 5, stærð 5,03ha. (216519), óskast sameinaðar í eina lóð með heitið Vörður land, landnr. 216516, stærð 19,3 ha.

Einnig er óskað eftir að sameina Vörður land 2, stærð 39,7 ha. (215960) og Heysholt, stærð 13.0 ha. (164975) í eitt land undir heitinu Heysholt, landnr. 164975, stærð 52,7 ha.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við ofangreindan samruna lóða.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

5. Umsókn um lögbylisstofnun skv. erindi frá Unnsteini Gísla Oddssyni og Þórdísi Sigríði Hannesdóttur mótt. 21. sept. 2011.

Bréfritarar, þinglýstir eigendur land í Landssveit með landnúmer 214209 úr landi Stóru-Vallar í Rangárþingi ytra, óska eftir samþykki sveitarstjórnar vegna fyrirhugaðrar lögbylisstofnunar á framangreindu landi.

*Svo hægt sé að taka afstöðu til erindisins óskar sveitarstjórn eftir hnitsettri loftmynd af því landi sem um ræðir.*

*Afgreiðslu erindisins er frestað.*

6. Hlymdalir ehf.; Umsókn Hlymdala um lóðina Seltún 6-12, frestað mál frá 23. fundi sveitarstjórnar dags. 1. sept. 2011, tl. 7.

Á stjórnarfundi Lundar 8. sept. sl. var eftirfarandi bókað í 5. lið fundargerðar:

„Stjórn Lundar bendir á að ekki sé hægt að úthluta lóðum sem svo sannarlega séu á landi Lundar og að Lundur þurfi þessar lóðir til áframhaldandi uppbyggingar og stækkunar hjúkrunarheimilisins. Þessar lóðir séu skilgreindar sem óráðstöfuðum lóðum“.

Tillaga að bókun:

*Sveitarstjórn getur ekki orðið við umsókn Hlymdala með vísan í framangreinda bókun stjórnar Lundar.*

Tillagan borin undir atkvæði og eru 6 samþykkir, einn situr hjá (ST)

*Tillagan er samþykkt.*

7. Neslundur; Möguleg þátttaka Rangárþings ytra í stofnun hlutafélagsins, m.t.t. 23. fundar sveitarstjórnar, dags. 1. sept. 2011, tl. 10.

Neslundur er heiti félags sem brátt verður skráð sem einkahlutafélag. Félaginu er ætlað að byggja og hafa umsjón með þjónustumiðstöð ásamt öryggis- og þjónustuíbúðum sem tengjast munu Lundi, hjúkrunar- og dvalarheimili á Hellu. Stofnfundur einkahlutafélagsins var haldinn miðvikudaginn 24. ágúst 2011 og skráði þar fjöldi einstaklinga sig fyrir hlutafé auk stofnana.



Bókun Guðmundar Inga Gunnlaugssonar:

Til að taka af allan vafa um hæfi vík ég sæti við afgreiðslu tillögunnar vegna aðstoðar minnar við stofnun félagsins.

*Sveitarstjórn samþykkir að leggja til kr. 500.000, sem hlutfjárframlag til Neslundar. Framlagið verður greitt við formlega skráningu félagsins.*

8. Stjórn Neslundar; Umsókn um land til deiliskipulagningar, dags. 29. sept. 2011.

*Sveitarstjórn Rangárþings ytra veitir stjórn Neslundar heimild til útfærslu deiliskipulags á svæðinu sem afmarkast af níverandi lóð Lundar og reit sem merktur er Í11 (Nes I) á þéttbýlisuppdrætti af Hellu í aðalskipulagi 2010-2020.*

9. Afsal; Dæluhús Stóra-Klofa, frestað mál frá 16. fundi hreppsráðs, dags. 16. sept. 2011, tl. 6.

Leitað var til Lex lögmannsstofu með málið þar sem misræmi var í eignarskráningu fyrirleggjandi gagna sem varða dæluhúsið.

„Könnuð var skráning í Fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Dæluhúsið hefur fastanúmerið 219-6903 og eigendur eru skráðir Ásahreppur, með 25% eignarhlut, og Rangárþing ytra, með 75% eignarhlut. Fram kemur í Fasteignaskrá að húsið stendur á lóð með landnúmerinu 165054 og er Ríkissjóður Íslands eigandi en Landgræðsla ríkisins umráðandi. Fram kemur í álitum lögmannsstofunnar að svo virðist sem láðst hafi að skrá dæluhúsið á sveitarfélögin lögformlega en sveitarfélögin hafi verið skráð í fasteignaskrá og í ljósi þeirra ganga sem eru fyrirleggjandi þá bendir ekkert annað til þess en að sveitarfélögin eigi dæluhúsið.“

*Í ljósi ábendinga frá LEX Lögmannsstofu, skv. bréfi dags. 3. okt. 2011, er sveitarstjóra falið að leita til Landgræðslu ríkisins svo setja megi af stað ferli til að leiðrétta eignarhald dælustöðvarinnar og færa það lögformlega til Rangárþings ytra og Ásahrepps.*

#### **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

10. Drög að gjaldskrá skólalagheimilis Grunnskólans á Hellu.

*Sveitarstjórn samþykkir drög að gjaldskrá skólalagheimilis Grunnskólans á Hellu og skal hún gilda frá 1. september 2011. Greiðslur þjómstukaupa í september og október skulu þó aldrei verða hærrí en skv. fyrri gildandi gjaldskrá. Sveitarstjórn leggur ríka áherslu á að framvegis verði uppfærð gjaldskrá skólalagheimilisins frágengin og afgreidd af sveitarstjórn áður en næsta skólaár hefst.*

11. Tillögur og umræðuefni sett fram af fulltrúum Á-lista.

- a. Öryggismál íbúa á Bakkabæjum og í Þykkvabæ er varðar Kötlugos og hugsanlegar afleiðingar fyrir íbúa svæðanna.

Í ljósi aukinnar jarðskjálftavirkni í Kötlu undanfarnar vikur og mögulega auknum líkum á eldgosi telur Á-listinn nauðsynlegt að leita nú allra leiða til að bregðast við þeirri hættu sem íbúum á Bakkabæjum skapast með tilliti til flóðahættu í Þverá. Til að tryggja öryggi íbúa á Bakkabæjum og í Landeyjum þarf að tengja Bakkabæi við Rangárþing ytra með vegtengingu við Oddaveg með brú eða ræsi yfir Þverá. Til að flýta málinu viljum við að málið sé nú tekið upp að nýju með það að leiðarljósi að veglagningin verði sem hagkvæmust og taki sem stytta tíma. Fyrst og fremst þarf að tryggja öryggi íbúa Bakkabæja og til viðbótar að tengja þá við sitt sveitarfélag Rangárþing ytra en vegurinn mun geta nýst íbúum og vegfarendum í Landeyjum.

Jafnframt þarf að huga að styrkingu Djúpósstíflu og taka þarf upp að nýju það brýna málefni að byggja upp og endurbæta Sandhólaferjuveg til samgöngubóta og sem öryggisleið fyrir íbúa í Þykkvabæ, m.a. vegna flóðahættu í kjölfar Kötlugoss, og koma honum aftur á vegaskrá.

*Sveitarstjóra falið að fá fund með þingmönnum Suðurkjördæmis og forsvarsmönnum Vegagerðarinnar sem allra fyrst til að vinna að því brýna máli að fá vegtengingu yfir Þverá, styrkingu Djúpósstíflu sem og uppbyggingu og endurbótum á Sandhólaferjuvegi.*

- b. Vínbúð á Hellu.

Í seinni hluta mars 2010 lokaði Vínbúðin á Hellu tímabundið vegna framkvæmda við tengibyggingu á Suðurlandsvegi 1-3. Nú hefur aðal verslunarhæð byggingarinnar verið opnuð og vitað er að rými hefur verið frátekið sérstaklega fyrir Vínbúðina á sama stað og áður. Sveitarstjórn telur að opnun vínbúðar sé nú tímabær þar sem öll aðstaða er gjörbreytt frá því sem áður var og hvetur forsvarsmenn ÁTVR til að opna vínbúð aftur á sama stað.

*Sveitarstjóra, í samráði við framkvæmdastjóra Suðurlandsveggar 1-3 ehf., er falið að koma á fundi með ÁTVR hið allra fyrsta.*

- c. Reiðvegur frá hesthúsahverfi á Hellu og að Suðurlandsvegi er varðar ofanfburð.

Nauðsynlegt er að laga reiðveg frá hesthúsahverfinu og að Gaddstaðaflatavegi til að bæta tengingu við athafnasvæði hestamanna á Gaddstaðafloötum. Fyrir liggur kostnaðaráætlun fyrir verkið og náist að klára þetta verk á þessu ári mun sú framkvæmd skoðast sem frávik frá fjárhagsáætlun. Í framhaldinu eru hestamenn hvattir til að nota reiðveginn en ekki akvegi eins og hefur komið fyrir innanbæjar á Hellu.

*Forstöðumanni eignaumsjónar falið að leita tilboða í verkið.*

- d. Hvamms- og Holtavirkjun í Þjórsá.

*Þar sem fyrir liggur lýsing vegna deiliskipulags virkjana þá telur sveitarstjórn rétt að fá fund með Landsvirkjun til að fá nánari upplýsingar varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir og samninga við landeigendur og hagsmunaaðila til að vera upplýst um stöðu mála.*

12. Niðurgreiðslur vegna tónlistarnáms, nemenda sveitarfélagsins, utan sveitarfélags – tillaga Á-lista.

Greinargerð:

Nýlega samþykktar reglur (31. ágúst 2011) “Um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda” greina svo á um að Jöfnunarsjóður greiði kennslugjöld þeirra sem stunda nám á hljóðfæri á framhaldsstigi og söngnám á miðstigi og framhaldsstigi við viðurkennda tónlistarskóla (1. grein). Þessi breyting dregur úr kostnaði sveitarfélaga í samræmi við fjölda nemenda sem um ræðir. Í 7. grein reglnanna er fjallað um nemendur sem vegna sérstakra aðstæðna, þurfa að stunda sitt tónlistarnám í öðru sveitarfélagi en sínu eigin. Ef fjárheimildir leyfa, mun Jöfnunarsjóður greiða niður hluta af kennslukostnaði þessara nemenda eftir forgangsröð sem tilgreind er í reglunum.

Tillaga Á-lista:

Sveitarstjórn samþykkir að greiða kennslukostnað tónlistarnemenda á framhaldsskólaaldri að frádregnum styrk Jöfnunarsjóðs sem afgreiddur verður sbr. reglur settar af innanríkisráðherra 31. ágúst 2011 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda. Þetta á við nemendur sem aðstöðu sinnar vegna geta ekki stundað tónlistarnám í Tónlistarskóla Rangæinga og stunda nám á grunn- og miðstigi á hljóðfæri og grunnstigi í söng í viðurkenndum tónlistarskólum. Þessi ákvörðun gildi fyrir skólaárin 2011-2012 og 2012-2013 í samræmi við samkomulag ríkisins við Samband Íslenskra Sveitarfélaga.

Bókun D-lista:

Fulltrúar D-lista telja að fara þurfi betur ofan í málið í heild, m.a. m.t.t. aldurs og jafnræðis, og munu þeir sitja hjá við afgreiðslu tillögunnar.

Tillagan borin undir atkvæði.

Fjórir samþykkja tillöguna, þrír sitja hjá (GIG, IPG, KS).

*Tillagan er samþykkt.*

13. Tónsmiðja Suðurlands; Umsókn um niðurgreiðslu tónlistarnáms, dags. 13. sept. 2011.

Vísað er til samþykktar í t.l. 12 hér að ofan þar sem samþykkt er að koma til móts við nemendur á aldrinum 16-20 ára, búsetta í Rangárþingi ytra sem stunda tónlistarnám utan sveitarfélagsins.

*Sveitarstjóra er falið að svara erindinu.*

14. Beiðni Eden Mining ehf. um heimild til að bora tilraunaholur í landi Merkihvols, skv. tölvupósti dags. 16. sept. 2011.

Í erindinu kemur m.a. fram að félagið óskar eftir heimild hreppsins til að taka 15-20 tilraunaholur til að kanna jarðlög vegna hugsanlegrar vikurvinnslu.

*Sveitarstjórn óskar eftir ýtarlegri skýringum á umfangi og frágangi tilraunahola í samræmi við erindið. Áður en afstaða verður tekin til leyfisveitingar skal umsögn Landgræðslu ríkisins liggja fyrir.*

15. Lögreglustjórnin á Hvolsvelli; Lögregluskýrslur vegna dýrbítmáls, skv. bréfi dags. 26. sept. 2011.

*Sveitarstjórn beinir þeim tilmælum til viðkomandi yfirvalda, lögreglu og héraðsdýralæknis, að farið sé að gildandi samþykktum og lögum í tilvikum sem þessum.*

16. Tillaga fulltrúa D-lista um gerð stuttrar skýrslu um stöðu í mötuneytismálum í grunn- og leikskólum Rangárþings ytra.

Fulltrúar D-listans í hreppsnefnd Rangárþings ytra leggja fram eftirfarandi tillögu um gerð skýrslu um stöðu í mötuneytismálum í grunn- og leikskólum Rangárþings ytra:

Sveitarstjóra verði falið að láta taka saman eftirfarandi upplýsingar og leggja fyrir hreppsráð á fundi í október 2011:

1. Borinn verði saman fjöldi stöðugilda eftir 15. október 2011 á móti fjölda nemenda og annarra sem neyta matar í mötuneytunum að Laugalandi annars vegar og á Hellu hins vegar.
2. Reiknað verði út meðalverð pr. máltíð í hvoru mötuneyti fyrir sig. Reikna skal með heildarlaunakostnaði (ræsting meðtalin), hráefniskostnaði, kostnaði við leigu á húsnæði og orkunotkun. Verðið skal reiknast út miðað við þessar kostnaðartölur á vorönn ársins 2011 eða janúar til júní þess árs.
3. Matseðlar allra skólanna á Hellu og að Laugalandi til fjögurra vikna verði birtir í skýrslunni.
4. Birt verði hverjir aðrir en nemendur og starfsfólk skólanna nýta þjónustu mötuneytanna.

Greinargerð:

Breytingar á mötuneytismálum grunn- og leikskólanna í Rangárþingi ytra eru að ganga yfir þessa daga. Leikskólinn Heklukot hefur gert samkomulag við Lund, hjúkrunar- og dvalarheimili um kaup á mat þaðan. Um nokkra hrið hafa þessi matarkaup verið gerð frá mötuneyti Grunnskólans á Hellu. Þessi breyting hefur valdið nokkru umróti á starfsmannahaldi í mötuneyti grunnskólans. Álitamál hafa komið upp í þessu sambandi um raunverulega hagræðingu og ávinning af þessum breytingum. Nauðsynlegt er fyrir sveitarstjórnina að hafa nákvæmar upplýsingar um þau atriði sem lagt er til í tillögunni að verði lögð fram á fundi hreppsráðs síðar í þessum mánuði. Gert er ráð fyrir að þessi breyting verði til reynslu í sex mánuði og því er nauðsynlegt að hafa þessar upplýsingar klárar í upphafi og svo í lok tímabilsins svo sveitarstjórnin geti metið og tekið ákvarðanir um bestu leiðir í þessum málum til framtíðar.

Fulltrúar D-listans:

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir, Ingvar Pétur Guðbjörnsson.

Tillagan borin undir atkvæði:

Þrír samþykkingar, fjórir eru á móti (GP, MHJ, ST, ÓEJ)

*Tillagan er felld.*

Bókun fulltrúa A-lista:

Fulltrúar A-lista eru sammála því að ávallt skuli leita hagkvæmstu leiða við allan rekstur hjá sveitarfélaginu. Breytingin á mötuneytismálum leikskólans er ekki einungis gerð í hagræðingarskyni, heldur til að liðka fyrir þróunarstarfi innan leikskólans með meira samstarf við eldri borgarana í huga. Í þeirri vinnu sem farin er í gang vegna fjárhagsáætlunar komandi rekstrarárs verður vandlega farið ofan í mötuneytismál í sveitarfélaginu og reynslan af þessari tilraun með viðskipti við Lund á vonandi eftir að reynast verðmæt í þeirri skoðun.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson, Ólafur Elvar Júlíusson.

17. Fyrirspurnir og umræðuefni sett fram að ósk fulltrúa D-lista.

1. Málefni heilsugæslu Rangárþings og samráð við Heilbrigðisstofnun Suðurlands um framtíðarhorfur og áætlanir.

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að óska eftir kynningu á málefnum Heilsugæslu í Rangárþingi fyrir sveitarstjórn Rangárþings ytra að höfðu samráði við Ásahrepp.*

2. Umhverfismálefni:

a) Staða sorphirðu- og sorpeyðingarmála í Rangárþingi og á Suðurlandi. Niðurstaða útboðs á verkefnum í Rangárþingi og væntanleg þróun í flokkun og hirðingu sorps í þéttbýli og dreifbýli.

*Vinna við kynningarefni er komin vel á veg hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu. Sveitarstjórn beinir þeim tilmælum til Sorpstöðvar Rangárvallasýslu að kynningarefni og fyrirkomulag kynningarmála vegna breyttrar tilhögunar sorphirðu liggi fyrir svo fljótt sem verða má.*

b) Staðan í fráveitumálum á Hellu.

*Stefnumótun og fjárfestingarþörf í fráveitumálum verður sérstaklega tekin fyrir við fjárhagsáætlunargerð.*

- c) Almenn umhirða opinna svæða á Hellu og í dreifbýli og tiltekt. Möguleiki á afmörkuðu (girtu) frálagssvæði að Strönd.

*Sveitarstjórn beinir því til umhverfisnefndar að fjalla um og koma með tillögur í samræmi við efnisliðinn sem hér um ræðir.*

3. Staðan í húsnæðismálum samstarfsverkefna sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu.

*Vísað er til annarra liða í fundargerðinni vegna þessara mála.*

18. Erindi frá Eddu Önfjörð Magnúsdóttur, dags. 3. okt. 2011.

Í erindinu kemur m.a. fram að bekkjum og lýsingu við göngustíga á Hellu er ábótavant. Þá telur bréfitari að gæta þurfi að öryggi vegfarenda vegna umferðar vélknúinna ökutækja innan Hellu.

*Bréfitara er þakkaður sýndur áhugi á málefnum sveitarfélagsins. Eftir því sem við á verður erindinu vísað til viðeigandi stofnana og fyrirtækja m.a. til hliðsjónar við fjárhagsáætlunarvinnu.*

19. Trúnaðarmál – tillaga um lokun fundar.

Fært í trúnaðarmálabók.

20. Trúnaðarmál – tillaga um lokun fundar.

Fært í trúnaðarmálabók.

#### **Fundargerðir til umsagnar og kynningar:**

21. 10. Stjórnarfundur á Lundi, dags. 8. sept. 2011.

22. 789. stjórnarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 9. sept. 2011.

23. 206. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 19. sept. 2011.

24. 26. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs., dags. 21. sept. 2011.

Í tl. 3 í fundargerðinni er eftirfarandi m.a. ritað:

„Umræða fór fram um það hvort athuga ætti með útvíkkun samstarfs á sviði skipulags- og byggingarmála og brunavarna yfir Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu. Stjórn óskar eftir viðbrögðum sveitarstjórna á samstarfssvæði brunavarna við slíkum hugmyndum.“

*Sveitarstjórn felur vinnuhópi um framtíðar fyrirkomulag embættis skipulags- og byggingarfulltrúa að huga að þessum þáttum samhliða skoðun á fyrirkomulagi embættisins. Hópur þessi var skipaður á 23. fundi sveitarstjórnar, dags. 1. sept. 2011, tl. 8 og í honum eiga sæti sveitarstjóri, oddviti og oddviti minnihluta sveitarstjórnar.*

25. 131. fundur í stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., dags. 22. sept. 2011.

26. 13. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu, dags. 22. sept. 2011.

*Varðandi tl. 2 í fundargerðinni samþykkir sveitarstjórn framlögð drög að reglum um fjárhagsaðstoð fyrir sitt leyti.*

27. 111. fundur barnaverndarnefndar Rangárvallasýslu bs., dags. 28. sept. 2011.

28. 27. fundur Brunavarna Rangárvallasýslu bs., dags. 29. sept. 2011.

29. 132. fundur í stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., dags. 30. sept. 2011.

#### **Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:**

30. Nýr kjarasamningur Sambands íslenskra sveitarfél. við Félag leikskólakennara, tölvup. dags. 13. sept. 2011.

31. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands; Reglubundið eftirlit í grunnskóla, dags. 13. sept. 2011.

32. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands; Afrit af bréfi til Rangárbakka, Hestamiðst. Suðurlands, dags. 13. sept. 2011.

33. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands; Bókun Heilbrigðisn. Suðurl. og beiðni um upplýsingar, dags. 14. sept. 2011.

34. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands; Eftirlit í leikskóla, dags. 15. sept. 2011.

35. Steinholt sf.; Ráðgjöf í skipulagsmálum, bréf dags. 15. sept. 2011.
36. Vegagerðin; Tilkynning um niðurfellingu þjóðveggar af vegaskrá, dags. 20. sept. 2011.  
 Í bréfunum, sem eru afrit send Rangárþingi ytra, kemur fram að Ketilsstaðavegur (nr. 2865) verður felldur út af vegaskrá sem þjóðvegur, sbr. 7. gr. vegalaga, frá og með næstu áramótum.  
*Sveitarstjórn felur samgöngu-, hálendis- og umhverfisnefnd að fjalla um þessa ákvörðun Vegagerðar.*
37. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands; Reglubundið eftirlit í tónlistarskóla, dags. 21. sept. 2011.
38. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga; Fjármál sveitarfélaga, dags. 21. sept. 2011.
39. Ásahreppur; Aðgerðaáætlun sveitarfélaga skv. tölvupósti dags. 23. sept. 2011.
40. Ásahreppur; 43. fundur stjórnar Félagsþj. Rang. og V. Skaft., skv. tölvupósti dags. 23. sept. 2011.
41. Auglýsing um umhverfismat tillögu samgönguráðs að samgönguáætlun 2011-2022, tölvupóstur dags. 23. sept. 2011.
42. Ungmennafélagið Hekla; Beiðni um styrk til íþróttastarfs, skv. erindi dags. 26. sept. 2011.  
*Sveitarstjórn þakkar bréfrítara og tekur vel í erindið. Erindinu er vísað til íþróttu og tómstundanevndar sem vinnur að endurskoðun styrkveitinga til félaga og því að móta reglur þar að lútandi. Vænst er tillagna frá nefndinni fyrir næsta fund sveitarstjórnar.*
43. Umhverfisráðuneytið; Undirbúningur að útgáfu landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs, dag.s 26. sept. 2011.
44. Greinargerð félagsmálastjóra Félagsþjónustu Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu dags. 5. sept. 2011, skv. tölvupósti dags. 27. sept. 2011.  
*Sveitarstjórn þakkar félagsmálastjóra faglega unna og upplýsandi greinargerð um starfsemi Félagsþjónustunnar.*  
*Sveitarstjórn tekur undir nauðsyn þess að finna viðeigandi húsnæði fyrir starfsemi Félagsþjónustunnar eins og fram kemur í greinargerð félagsmálastjóra. Á Hellu er laust húsnæði sem hentar mjög vel til starfseminnar og hefur öllum hlutaðeigandi aðilum verið kynnt það húsnæði. Sveitarstjórn skorar á stjórn Félagsþjónustunnar að taka ákvörðun um framtíðarhúsnæði fyrir lok þessa mánaðar.*
45. Samband íslenskra sveitarfélaga; Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2011, skv. tölvupósti dags. 27. sept. 2011.
46. Beiðni um fjárstyrk til Æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu, dags. 28. sept. 2011.  
 Í erindinu er óskað fjárstyrk til Æskulýðsnefndar kirkna í Rangárvallasýslu og þakkar færðar sveitarstjórn fyrir mikilvægan stuðning síðustu ára. Meginverkefni nefndarinnar hefur undanfarin ár verið mótshalds að hausti með væntanlegum fermingarbörnum í sýslunni.  
*Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu og veitir styrk að fjárhæð kr. 145.000,-*
47. Skaftárhreppur; 43. fundur stjórnar Félagsþj. Rang. og V. Skaft., skv. tölvupósti dags. 29. sept. 2011.
48. Jafnréttisstofa; Ítrekun – afhending á jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun, dags. 29. sept. 2011.  
*Erindinu er vísað til jafnréttisnefndar Rangárþings ytra.*
49. Landsvirkjun; Búðarhálsvirkjun – mótvægisáðgerðir – vettvangsferð 23. sept. 2011, dags. 30. sept. 2011.
50. Samband ísl. sveitarfélaga; Áhrif nýrra sveitarstjórnarlaga á stjórnsýslu sveitarfélaga, dags. 30. sept. 2011.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson er skipaður varamaður Guðmundar Inga Gunnlaugssonar á næsta fundi Héraðsnefndar Rangæinga sem haldinn verður þriðjudaginn 11. október 2011.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 18:58.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 25. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, þriðjudaginn 29. nóvember 2011, kl. 15:00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson, Ólafur E. Júlíusson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir og Sigríður Theodóra Kristinsdóttir í forföllum Ingvars Péturs Guðbjörnssonar. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð og Indriði Indriðason, aðalbókari.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Sigríður Theodóra Kristinsdóttir er boðin velkomin á hennar fyrsta sveitarstjórnarfund.

14. tl. í boðaðri dagskrá fellur út og er afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

1. 17. fundur hreppsráðs Rangárþings ytra, dags. 26. okt. 2011.

Varðandi 3. tl. í fundargerðinni:

Farið verður í vettvangsferð mánudaginn 5. des nk. og aðstæður skoðaðar.

*Fundargerðin staðfest.*

2. 18. fundur hreppsráðs Rangárþings ytra, dags. 10. nóv. 2011.

Varðandi 26 tl. í fundarferðinni: „Garpur; Beiðni um styrk á móti húsaleigu, skv. erindi dags. 20. okt. 2011“ sem vísað var til afgreiðslu sveitarstjórnar.

*Styrkir á móti húsaleigu til ungmennafélaga eru fyrst og fremst ætlaðir vegna íþrótt- og tómstundastarfs unglinga og barna 18 ára og yngri. Þeir sem eldri eru greiða alla jafna gjald fyrir afnot af íþróttahúsum. Sveitarstjórn hafnar því erindinu.*

*Fundargerðin staðfest.*

3. 13. fundur samgöngu-, hálendis- og umhverfisnefndar Rangárþings ytra, dags. 31. okt. 2011.

Varðandi 1. og 2. tl. í fundargerðinni:

*Sveitarstjórn ítrekar fyrri bókanir sínar um að ávallt skuli leitað hagstæðustu tilboða hjá verktökum í Rangárþingi ytra áður en ráðist er í framkvæmdir af þessu tagi.*

Varðandi 3. tl.:

*Sveitarstjórn óskar eftir upplýsingum hvað varðar hugmyndir um áætlaða fundarstaði og kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins í verkefninu, áður en fulltrúi er tilnefndur í nefndina.*

Varðandi 5. tl.:

*Sveitarstjórn felur formanni nefndarinnar að skila kostnaðaráætlun til sveitarstjórnar í samvinnu við forstöðumann Þjónustumiðstöðvar.*

Varðandi 6. tl.:

*Sveitarstjórn býður nefndarmönnum til viðræðna 30 mín. fyrir næsta fund sveitarstjórnar.*

*Fundargerðin er að öðru leyti staðfest.*

4. 11. fundur fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, dags. 21. nóv. 2011.

Varðandi 1. tl. í fundargerðinni:

*Sveitarstjórn fagnar því að vinna við nýja skólafestun sé hafin.*

Varðandi 3. tl.: „Vistun barna af skólادagheimili Grunnskólans á Hellu í Heklukoti kl.16-17 – mat skólástjórnumenda“

*Sveitarstjórn fagnar því að vistun barna af skólادagheimilinu gangi vel og samþykkir framhald þessa fyrirkomulags.*

Varðandi 4. tl.:

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu fræðslunefndar um að keypt verði umrædd segulspjöld og felur sveitarstjóra að afgreiða málið.*

*Fundargerðin er að öðru leyti staðfest.*

#### **Skipulagsmál og tengd erindi:**

5. Umsókn um lögbylisstofnun skv. erindi frá Unnsteini Gísla Oddssyni og Þórdísi Sigríði Hannesdóttur, frestað erindi frá 24. fundi sveitarstjórnar, tl. 5, dags. 6. okt. 2011.

Stóru-Vellir, lóð 3, landnúmer 214209. Fyrir liggur hnitsett loftmynd af framangreindri lóð. Vantar þó inn á hana aðkoma frá Landvegi nr. 26 til enn frekari glöggvunar.

Skilgreining á lögbyli skv. jarðalögum 819/2004 er „Lögbyli merkir í lögum þessum sérhverja jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða aðstöðu að unnt sé að stunda þar landbúnað eða aðra atvinnustarfsemi og var skráð í jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins 1. desember 2003. Lögbyli teljast enn fremur jarðir sem hljóta síðar viðurkenningu landbúnaðarráðuneytisins sem ný lögbyli, sbr. 16.–22. gr.

*Sveitarstjórn vísar erindinu til afgreiðslu skipulagsnefndar.*

*Sveitarstjórn leggur til að framvegis verður sá háttur hafður á að umsóknir um lögbyli verði sendar byggingar- og skipulagsfulltrúa til yfirferðar áður en óskað er eftir umsögn og afgreiðslu sveitarstjórnar.*

6. Þjónustumiðstöð; Beiðni um breytingu á lóð umhverfis Þrúðvang 36, skv. bréfi dags. 24. nóv. 2011.

Í erindinu er vísað í samþykkt fyrir stækkun frá fundi hreppsnefndar þann 10. apríl 2008.

*Sveitarstjórn leggur til í ljósi breyttra aðstæðna og aðhalds þá verði gengið frá lóðaleigusamningi við RARIK á grunni uppráttar sem lagður er fram á fundinum af sveitarstjóra.*

*Forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar falið að ganga frá lóðarblaði og lóðarleigusamningi til handa RARIK á grundvelli framangreinds uppráttar.*

#### **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

7. Álagningarhlutfall útsvars árið 2012, skv. 24. gr. 1. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

*Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall árið 2012 verði óbreytt frá fyrra ári, þ.e. 14,48%.*

8. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra – síðari umræða.

*Sveitarstjórn staðfestir nýja samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra og felur sveitarstjóra að koma henni til auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að fenginni staðfestingu Heilbrigðisnefndar og umhverfisráðherra.*

9. Skipun í vatnasvæðanefnd, skv. tölvupósti frá SASS, dags. 14. nóv. 2011.

*Vísad er til 3. dagskrárliðar hér að ofan.*

10. Leigusamningur milli Suðurlandsvegar 1-3 ehf. og Rangárþings ytra um húsnæði að Suðurlandsvegi 1.

Skv. drögum að leigusamningi leigir Rangárþing ytra skrifstofuhúsnæði, geymslu og aðgang að sameign af Suðurlandsvegi 1-3 ehf. Samningurinn er til 20 ára með upphafstíma 20. júní 2011 og hefðbundnum uppsagnarákvæðum.

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.*

11. Maritech; Tilboð í Sveitarstjóra í áskrift, skv. tölvupósti dags. 14. nóv. 2011.

Sveitarstjóri í áskrift er nýjung sem gefur kost á sveitarfélagalausnum í mánaðarlegri áskrift vegna reksturs fjárhags- og upplýsingakerfis. Með þessu móti stendur sveitarfélagið ekki frammi fyrir verulegri fjárfestingu við innleiðingu á nýju kerfi. Inntak tilboðs Maritech er greiðsla mánaðarlegs gjalds fyrir hugbúnað, uppfærslu og þjónustugjöld. Innifalið er vistun á gögnum, afritun, öryggisvarnir og SQL gagnagrunnur.

Megin tilgangurinn með nýju fjárhags- og upplýsingakerfi er að auka vinnuhagræði, aðgreina störf og stórauka upplýsingagjöf til sveitarstjórnarmanna og stjórnenda sveitarfélagsins.

*Sveitarstjórn samþykkir tilboð Maritech með verkþókhaldi og felur sveitarstjóra að undirrita samning þar um.*

12. Ferðamálastofa; Beiðni um stuðning vegna kortlagningar auðlinda í ferðaþjónustu, dags. 16. nóv. 2011.

*Sveitarstjórn fagnar framtakinu og samþykkir að veita Ferðamálastofu aðgengi að kortagögnum sem unnin hafa verið af svæðinu í tengslum við aðalskipulagsvinnu og aðra skipulagsvinnu, í samvinnu við skipulags- og byggingarfulltrúa.*

*Sveitarstjórn óskar eftir frekari upplýsingum um starfssvið samráðshópsins, fundartíðni og umfang vinnunnar áður en fulltrúar eru skipaðir í hann.*

13. Fjárhagsáætlun 2012 – fyrri umræða.

*Fjárhagsáætlun 2012 vísað til síðari umræðu.*

#### **Fundargerðir til umsagnar og kynningar:**

14. 2. fundur stjórnar Suðurlandsvegur 1-3 ehf., dags. 5. okt. 2011.

15. 42. aðalfundur SASS, dags. 28. og 29. okt. 2011.

16. 449. fundur stjórnar SASS, dags. 3. nóv. 2011.

17. Minnispunktar frá kynningarfundum, fyrir sveitarstjórnir í Rangárvallasýslu, um breytt fyrirkomulag sorphirðu, dags. 7. nóv. 2011.

18. 304. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands, dags. 10. nóv. 2011.

19. 135. fundur í stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., dags. 11. nóv. 2011.

20. Minnispunktar frá vinnufundi í Hvoli um breytt fyrirkomulag sorphirðu í Rangárþingi, dags. 14. nóv. 2011.

21. 3. fundur stjórnar Suðurlandsvegur 1-3 ehf., dags. 15. nóv. 2011.

Varðandi 7. tl. í fundargerðinni:

*Sveitarstjóra er falið að afla skriflegs rökstuðnings frá fulltrúa Verkalýðshússins ehf. í stjórn félagsins, Sigurbjarti Pálssyni, vegna 7. liðar fundargerðarinnar og kynna fyrir sveitarstjórn.*

22. 135. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands, dags. 17. nóv. 2011.

23. 28. fundur í stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu b.s., dags. 21. nóv. 2011.

24. 113. fundur barnaverndarnefndar Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, dags. 23. nóv. 2011.

#### **Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:**

25. Velferðarráðuneytið; Öryggi barna hjá dagforeldrum, skv. bréfi dags. 1. nóv. 2011.

26. Landgræðsla ríkisins; Dæluhús á Baðsheiði – Stóra-Klofa, bréf dags. 2. nóv. 2011.

Í erindinu kemur fram að Landgræðslan á ekki dæluhúsið á Baðsheiði, með fastanúmerið 219-6903.

Landgræðslan fer á hinn bóginn með umsjá lóðarinnar sem húsið stendur á. Landgræðslan lýsir sig fúsa til aðstoðar við að lögformlega rétt eigendaskráning fari fram á umræddu húsi.

*Sveitarstjóra og oddvita falið að gæta áfram hagsmuna sveitarfélagsins í málinu.*

27. Umhverfisráðuneytið; Beiðni um umsögn vegna nýrrar skipulagsreglugerðar, bréf dags. 3. nóv. 2011.

*Sveitarstjóra og Ólafi Júlíussyni er falið að setja saman umsögn og senda á ráðuneyti, en umsögn þarf að berast fyrir 1. des. nk.*

28. Snorraverkefnið; Beiðni um stuðning við Snorraverkefni sumar 2012, erindi dags. 7. nóv. 2011.

*Erindinu hafnað.*

29. Kvenfélagið Eining; Beiðni um styrk vegna aðventuhátíðar, erindi dags. 8. nóv. 2011.

Guðfinna Þorvaldsdóttir vekur athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu til afgreiðslu málsins og viku af fundi. Varaoddviti, Magnús H. Jóhannsson, tekur við stjórn fundar.



*Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk í formi afnota af húsnæði fyrir aðventuhátíðina. Þar sem erindið barst það seint að ekki var hægt að afgreiða það fyrir hátíðina þá sér sveitarstjórn sér ekki fært að verði við beiðni um fjárstyrk.*

Guðfinna Þorvaldsdóttir mætir aftur á fund og tekur við fundarstjórn.

30. Leikskólinn Laugalandi; Ársskýrsla skólaárið 2010-2011, mótt. 9. nóv. 2011.

*Sveitarstjórn þakkar ítarlega og upplýsandi skýrslu.*

31. Umsókn frá Rangárþingi ytra til Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis um byggðakvóta fiskveiðiársins 2011/2012, dags. 9. nóv. 2011.

Í framhaldi af auglýsingu, sem birtist í Morgunblaðinu 28. október 2011, var send inn umsókn um byggðakvóta fiskveiðiársins 2011/2012. Sveitarfélagið liggur að Suðurströnd Íslands og vísað er til sögulegra staðreynda og hnignandi byggðar við ströndina í umsókninni. Útræði var við ströndina öldum saman en vegna aðstæðna við setningu kvótagalanna var fótunum kippt undan útræðinu. Við setningu kvótagalanna var ekki tekið tillit til veiðireynslu Þykkvæinga í gegnum aldirnar og engar bætur hafa komið í staðinn. Í ljósi þessara staðreynda óskar sveitarfélagið eftir að tekið verði tillit til þessa og bætur komi fyrir.

32. Velferðarvaktin; Áskorun um aðgæslu þegar ákvarðanir eru teknar í hagræðingarskyni, dags. 14. nóv. 2011.

33. Samband ísl. sveitarfélaga; Minnisblað um forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012, dags. 14. nóv. 2011.

34. Þjóðskrá Íslands; Skýrsla um Fasteignamat 2012, skv. tölvupósti dags. 15. nóv. 2011.

Fram kemur í tölvupóstinum að inn á heimasíðu Þjóðskrár er komin skýrsla um fasteignamat 2012 en hana er að finna á slóðinni: „[skra.is/Fasteigna- og brunabótamat/Fasteignamat 2012](http://www.skra.is/Fasteigna-og-brunabotamat/Fasteignamat2012)“ (<http://www.skra.is/pages/1199>). Í skýrslunni eru m.a. upplýsingar um matsaðferðir, fræði og forsendur mats, niðurstöður mats, svæðisstuðlar og margt fleira.

35. LSS; Umsókn um styrk vegna Eldvarnaáttaksins 2011, skv. erindi dags. 17. nóv. 2011.

*Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að fjárhæð kr. 1.000,- á hvern nemanda úr sveitarfélaginu í 3. bekk grunnskóla vegna verkefnisins að því tilskyldu að nemendurnir hafi fengið heimsókn frá Eldvarnaátakinu.*

36. Orkustofnun; Nýtingarleyfi jarðhita úr borholu í landi Stóra-Klofa, dags. 17. nóv. 2011.

Fram kemur í erindinu að óskað er upplýsinga um ástand, afkastagetu og nýtingu jarðhitaborholu ásamt upplýsingum um rekstur á svæðinu. Einnig framsal nýtingarréttar og upplýsingar um fyrirkomulag hvað varðar endurgjald.

*Sveitarstjóra og oddvita falið að svara erindinu í samráði við aðila málsins.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 17:25.

# Hreppsnefnd Rangárþings ytra

## Fundargerð

### 26. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, haldinn að Suðurlandsvegi 1, Hellu, þriðjudaginn 8. desember 2011, kl. 15:00

Mætt eru Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson, Ólafur E. Júlíusson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir og Ingvar Pétur Guðbjörnsson. Einnig Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð og Indriði Indriðason, aðalbókari. Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi mætir undir 1. lið.

Oddviti setur fund og stjórnar honum.

Óskað er breytinga á boðaðri dagskrá og er það samþykkt. Erindi nr. 26 bætt inn en það er frestað erindi frá 16. fundi hreppsráðs, dags. 19. sept. 2011.

Sveitarstjóri og oddviti greina munnlega frá stöðu helstu mála utan dagskrár fundarins.

#### Fundargerðir hreppsráðs og fastanefnda:

#### Skipulagsmál og tengd erindi:

1. 46. fundur í skipulagsnefnd Rangárþings bs., dags. 1. des. 2011.

275 2011 Meiri-Tunga, Rangárþingi ytra, fuglaeldi, lýsing vegna deiliskipulagsáætlunar vegna tveggja fuglaeldishúsa.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

276 2011 Mykjunes, Rangárþingi ytra, deiliskipulag 3 frístundahúsalóða.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

277 2011 Matslýsing/lýsing deiliskipulags fyrir fiskeldi í Fellsmúla, Rangárþingi ytra

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

278 2011 Matslýsing/lýsing deiliskipulags fyrir fiskeldi í Galtalæk, Rangárþingi ytra.

*Í ljósi fyrirbyggjandi skýrslu frá Íslenskri matorku ehf. staðfestir sveitarstjórn viðkomandi lýsingu deiliskipulags.*

279 2011 Umsögn vegna rekstrarleyfis flugvallar við Skálavatn (Veidivötn)

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

280 2011 Borgartúnsnes í Þykkvabæ, Rangárþingi ytra, einkalandskipti.

Til kynningar.

281 2011 Ægissíða 1, Rangárþingi ytra, landskipti.

Ingvar P. Guðbjörnsson veur athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu til afgreiðslu erindisins og tekur ekki þátt í afgreiðslunni.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

282 2011 Marteinstunga lóð F3, Rangárþingi ytra, landskipti.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

215 2011 Heiðarbrún II, í Rangárþingi ytra, deiliskipulag tveggja sumarhúsa og skemmu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

226 2011 Lýtingur, Rangárþingi ytra, deiliskipulag 7 frístundahúsalóða.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

253 2011 Holtsmúli 4, Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss, tveggja frístundahúsa, gesthúsa, gripahúss, skemmu og vélaskemmu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

255 2011 Hrafnóttir, í Rangárþingi ytra, deiliskipulag 3ja íbúðarhúsa og hlöðu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

256 2011 Hraunhóll, landnr. 177568 í Rangárþingi ytra, deiliskipulag íbúðarhúss, geymslu, hesthúss og skemmu.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

## **Erindi til umsagnar og afgreiðslu:**

### **2. Málefni heilsugæslu í Rangárþingi.**

Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) sendi sveitarstjórnnum á þjónustusvæði HSU tilkynningu, dags. 24. nóv. 2011, um endurskipulagningu á heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi. Í þeirri tilkynningu kom m.a. fram að loka ætti Heilsugæslustöðinni á Hellu.

Heilsugæslustöðin á Hellu þjónar íbúum á stóru svæði í Rangárvallasýslu, hátt í 2.000 íbúum, hátt í 500 húsa sumarbústaðabyggð auk gríðarlegs fjölda ferðamanna. Að auki er Stjórnstöð Almannavarna og fjöldahjálparstöð staðsett á Hellu.

Í fréttatilkynningunni voru hvorki lögð fram fagleg eða fjárhagsleg rök til stuðnings þessari tillögu sem hlýtur að vera frumkrafa þegar svo stór árkvörðun er tilkynnt.

Á Hellu var nýlega ráðist í byggingu tengibyggingar til að mynda þjónustukjarna sveitarfélagsins, verslunar, heilsugæslu, apóteks o.fl. Framkvæmdin naut stuðnings ríkisvaldsins og var einn megin tilgangurinn með framlaginu að stórbæta aðgengi fyrir hreyfihamlaða að heilsugæslunni og hefur það nú þegar verið gert á myndarlegan hátt. Svo vitnað sé orðrétt til samnings Rangárþings ytra, heilbrigðis- og fjármálaráðuneytisins frá 28. des. 2009: “Tilgangurinn með byggingunni er m.a. að bæta aðgengi hreyfihamlaðra að þeirri þjónustu sem rekin er og veitt í framangreindum húsum sérstaklega að því er varðar aðkomu að heilsugæslustöðinni”. Í samningnum kemur einnig fram að afhending húsnæðisins eigi að vera 31. des. 2011.

Sveitarstjórnirnar hafa alfarið lagst gegn fyrirhuguðum breytingum til þess að gæta hagsmuna íbúa sveitarfélaganna og annarra þjónustuþega. Þessi ákvörðun HSU mætti mikilli gagnrýni í samfélaginu og sú gagnrýni náði athygli ráðamanna þjóðarinnar. Fjárlaganefnd Alþingis samþykkti áður en fjárlög voru staðfest að veita auknu fjármagni til HSU svo halda mætti Heilsugæslustöðinni á Hellu opinni. Forstjóri HSU hefur með símtali tilkynnt sveitarstjóra að þessi ákvörðun verði endurskoðuð og hætt verði við lokun stöðvarinnar.

*Sveitarstjórn krefst þess af ráðamönnum þjóðarinnar og forsvarsmönnum HSU að sú þjónusta sem boðið hefur verið upp á á Heilsugæslustöðinni á Hellu verði ekki skert. Nær væri fyrir samfélagið og þjóðarheill að efla þá starfsemi og styrkja.*

### **3. Málefni Stórolfsvallar/hvols.**

Lögð er fram tillaga frá Rangárþingi eystra, dags. 25. nóv. 2011, að landskiptum jarðarinnar Stórolfsvelli/hvols sem er í eigu Héraðsnefndar Rangæinga.

*Sveitarstjórn hafnar tillögunni.*

*Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa hlut Rangárþings ytra í jörðinni til sölu á almennum markaði.*

### **4. Hótel Rangá; Kalt vatn á Hótel Rangá, skv. erindi dags. 29. nóv. 2011.**

*Erindinu er vísað til stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps.*

### **5. Álagningarhlutfall fasteignaskatts árið 2012, skv. 3. gr. 1. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.**

Lögð er fram tillaga vegna álagningar fasteignaskatts og tengdra gjalda fyrir árið 2012:

Fasteignaskattur verði sem hér segir:

A – 0,39% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslu, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.

B – 1,32% af fasteignamati húsa og lóða.

C – 1,55% af fasteignamatí allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum, þó að undanskildum fasteignum í B flokki.

Fulltrúar D-lista leggja fram eftirfarandi breytingartillögu að álagningarprósentum fasteignaskatta:

A – 0,36%

B – 1,32%

C – 1,60%

Mismun kr. 3.422.033 verði mætt að helmingi með lækkun framlags til reksturs embættis skipulags- og byggingafulltrúa og komi að öðru leyti til lækkunar á heildarniðurstöðu rekstrar.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Anna María Kristjánsdóttir

Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Breytingartillagan borin undir atkvæði.

Þrír samþykkja og fjórir eru á móti (GP, MHJ, ST, ÓEJ).

*Tillagan er felld.*

Upphafleg tillaga borin undir atkvæði.

Fjórir samþykkja og þrír eru á móti (GIG, IPG, AMK).

*Tillagan er samþykkt.*

6. Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Rangárþingi ytra árið 2012.

Lögð er fram tillaga að reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Rangárþingi ytra árið 2012, með tilvísun í 5. gr. l. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Afsláttur nær einungis til íbúðar sem viðkomandi sannanlega býr í og miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambylisfólks.

*Samþykkt samhljóða.*

7. Tillögur að gjaldskrárbreytingum.

1. Gjaldskrá fyrir sorphirðu og -eyðingu í Rangárþingi ytra.

Lögð er fram eftirfarandi tillaga að gjaldskrá með tilvísun í 22. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgagns nr. 737/2003, sem innheimt verður með fasteignagjöldum:

	Heimili	Frístundahús	Lögbýli ***	Fyrirtæki
Grunngjald kr. *	14.884,-	10.615,-	6.383,-	13.024,-
Ílátagjald kr. **	18.395,-			
Samtals kr.	33.279,-	10.615,-	6.383,-	13.024,-

\* Grunngjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. rekstur gámostöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla grunngjalds veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

\*\* Ílátagjald er einungis lagt á heimili og innifelur það gjald leigu og losun á ílátum.

\*\*\* Grunngjald er lagt á lögbýli sem hafa umfang umfram hefðbundið heimili, þ.e. séu fasteignir umfram íbúð og bílskúr á lögbýli er lagt á það grunngjald.

*Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrá fyrir sorphirðu- og eyðingu í Rangárþingi ytra með fyrirvara um staðfestingu Heilbrigðisnefndar og samstarfssveitarfélaganna í Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. Gjaldskráin tekur gildi frá og með 1. janúar 2012.*

2. Gjaldskrá leikskóla.

Lögð fram tillaga að breytingu á gjaldskrá vegna leikskóla. Lagt er til að gjald verði hækkað um 15% frá því gjaldi sem gildi tók 1. febrúar 2011, til að mæta auknum rekstrarkostnaði við leikskólana.

Tillagan borin undir atkvæði.

Fjórir samþykkja, þrír sitja hjá (GIG, IPG, AMK)

*Tillagan er samþykkt.*

3. Gjaldskrá skólamötuneytis.

Lögð fram tillaga að breytingu á gjaldskrá skólamötuneytis. Lagt er til að meðalgjald pr. máltíð verði hækkað í 310 kr. sem jafngildir mánaðargjaldi kr. 5.580,- mv. 4 daga í viku.

Tillagan borin undir atkvæði.

Fjórir samþykkja, þrír sitja hjá (GIG, AMK, IPG).

*Tillagan samþykkt.*

4. Gjaldskrá skóladagheimilis.

Lögð fram tillaga að breytingu á gjaldskrá vegna skóladagheimilis. Lagt er til að gjald verði hækkað um 15% frá því gjaldi sem gildi tók í upphafi skólaárs.

Tillagan borin undir atkvæði.

Fjórir samþykkja, þrír sitja hjá (GIG, IPG, AMK).

*Tillagan samþykkt.*

5. Gjaldskrá frystihólfa.

Lögð fram tillaga að gjaldskrá fyrir leigu á frystihólfum í Þykkvabæ. Lagt er til að árgjald fyrir eitt hólf verði kr. 40.000,- og innheimt hjá leigutökum 1. júní ár hvert.

Ingvar P. Guðbjörnsson vekur athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu til afgreiðslu gjaldskrárinnar og tekur ekki þátt í atkvæðagreiðslu.

Tillagan borin undir atkvæði.

Fjórir samþykkja, tveir sitja hjá (GIG, AMK)

*Tillagan samþykkt.*

8. Tillögur Á-lista.

1. Brunavarnir og eldvarnaeftirlit.

Í samráði við samstarfsaðila Brunavarna Rangárvallasýslu bs. fari fram heildarendurskoðun á starfsemi og rekstri slökkviliðs á svæðinu og eldvarnaeftirliti. Markmið endurskoðunarinnar er að bæta þjónustu og það að koma í veg fyrir verulegan kostnaðarauka vegna aukinna krafna á hendur sveitarfélagunum.

*Samþykkt samhljóða.*

2. Íþrótt og æskulýðsmál.

Frístundakort:

Árið 2012 verða tekin upp frístundakort í sveitarfélaginu

Markmið og tilgangur er að koma til móts við börn og unglinga frá 5.-10. bekk til að þau geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþróttar-, lista- og tómstundastarfsemi. Samfella í 1-4. bekk er á vegum sveitarfélagsins, þannig að allur aldurshópur er tekinn.

Hver einstaklingur fær frístundakort að upphæð 5.000 kr. hvora önn eða fyrir samtals 10.000 kr. á ári. Ekki er um að ræða beingreiðslur til forráðarmanna heldur ávísun sem eingöngu er hægt að nota í nafni barns til niðurgreiðslu á þátttöku og æfingagjöldum fyrir íþróttar-, lista- og tómstundastarfi í Rangárvallasýslu. Ekki er hægt að flytja styrkinn á milli ára.

Útfærsla tillögunnar verður unnin í samráði við íþróttar- og tómstundanefnd.

*Samþykkt samhljóða.*

Íþróttir:

Steindór Tómasson vekur athygli á hugsanlegu vanhæfi sínu til afgreiðslu málsins og tekur Gunnar Aron Ólason sæti í hans stað á fundinum.

Samræma þarf gjaldskrá íþróttahúsa sveitarfélagsins. Gjaldinu þarf að stilla í hóf þannig að það virki sem hvatning fyrir alla íbúa til að stunda íþróttir.

Íþrótt- og tómstundanefnd er falið að vinna að útfærslu tillögunnar í samvinnu við forstöðumann íþróttamannvirkja.

Greinargerð:

Íþróttafélög fá styrk á móti húsaleigu til iðkunar íþróttar og æfinga í íþróttahúsum sveitarfélagsins. Gerð er sú krafa að íþróttafélögin í samvinnu við forstöðumann íþróttahúsanna, nýti salina sem best og að ungir iðkendur fái forgang að þeim.

Íbúar sveitarfélagsins greiða kr. 250/klst. pr. mann fyrir leigu á íþróttasal en skilgreina skal þó lágmarksfjölda. Íbúar utan sveitarfélagsins greiða fullt gjald, eða kr.750/klst.

Megin tilgangur með lágri gjaldtöku er að koma til móts við óskir íbúa um lægri salarleigu og til að styðja við íþróttaiðkun íbúa sveitarfélagsins.

*Samþykkt samhljóða.*

Steindór Tómasson tekur á ný sæti á fundinum.

Gunnar A. Ólason vikur af fundi

Framlög vegna íþróttafélaga 2011:

Þar sem breyting verður á fyrirkomulagi styrkja til íþróttafélaga 2012, með upptöku frístundakorts, verður íþróttafélögum sent bréf og óskað eftir upplýsingum um framlag félaganna 2011 er varðar íþróttastarf fyrir börn og unglinga. Samningar sem í gildi voru runnu út árið 2010, en gert verður upp á grundvelli þeirra árið 2011.

*Samþykkt samhljóða.*

### 3. Húsakynni.

Í samvinnu við meðeiganda fari fram heildarendurskoðun á starfsemi og rekstri Húsakynna. Forsendur fyrir rekstri Húsakynna hafa breyst og mikilvægt að losa um eignir ef aðstæður leyfa. Guðfinnu og Ingvari Pétri er falið að vinna að málinu.

*Samþykkt samhljóða.*

### 4. Skólamötuneyti.

Skólastjórum og leikskólastjórum er falið að skila inn tillögum til sveitarstjórnar fyrir 1. mars 2012 um það hvort og þá með hvaða hætti væri hægt að ná niður rekstrarkostnaði mötuneyta grunn- og leikskóla í sveitarfélaginu.

*Samþykkt samhljóða.*

### 5. Fasteignir sveitarfélagsins.

Tekinn verði saman listi yfir allar fasteignir sveitarfélagsins (húseignir, lóðir og lönd) með það að markmiði að koma þeim eignum í verð sem ekki gegna mikilvægu hlutverki fyrir rekstur sveitarfélagsins.

Stefnt skal að því að öll starfsemi á vegum sveitarfélagsins verði hýst í húsnæði í eigu sveitarfélagsins eða tengdra fyrirtækja, með það að markmiði að lækka útgjöld.

*Samþykkt samhljóða.*

### 6. Áhaldahús og Þjónustumiðstöð.

Lagt er til að heildarendurskoðun verði gerð á starfsemi og umfangi Þjónustumiðstöðvar sveitarfélagsins. Sveitarstjóra er falið að vinna að málinu og koma með fyrstu tillögum fyrir næsta fund hreppsráðs.

*Samþykkt samhljóða.*

### 7. Leiguhúsnæði.

Lagt er til að niðurgreiðsla á húsnæði starfsmanna hjá leik- og grunnskólum verði felld niður. Þeir samningar sem eru í gildi verða látnir standa út samningstímann. Markmið tillögunnar er að ná fram hagræði og gæta jafnræðis á meðal starfsmanna.

*Samþykkt samhljóða.*

9. Tillaga vegna embættis skipulags- og byggingarfulltrúa.

Lagt er til að gengið verði til samningaviðræðna við núverandi samstarfsaðila um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa. Þar verði allir rekstrarþættir kannaðir með það að markmiði að draga úr kostnaði sveitarfélagsins.

Sveitarstjóra og oddvita er falið að vinna að málinu.

*Samþykkt samhljóða.*

10. Fjárhagsáætlun 2012 – síðari umræða.

Á fundinum er lögð fram greinargerð með fjárhagsáætlun.

Sveitarstjóri og aðalbókari gerðu grein fyrir niðurstöðum fjárhagsáætlunar 2012.

Helstu niðurstöður áætlunarinnar í A- og B-hluta (samstæðu) eru með eftirfarandi hætti:

Rekstrartekjur:	Þús. kr.	% af heildartekjum
Skatttekjur .....	621.077,-	59,0%
Framlög Jöfnunarsjóðs .....	209.200,-	19,9%
Aðrar tekjur .....	222.250,-	21,1%
Heildartekjur .....	1.052.527,-	

Rekstrargjöld:

Laun og tengd gjöld.....	392.069,-	37,3%
Annar rekstrarkostnaður .....	446.693,-	42,4%
Afskriftir.....	72.218,-	6,9%
Heildargjöld án fjármagnsliða.....	910.980,-	86,6%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði .....	141.547,-	13,4%
Fjármagnsliðir .....	(137.292,-)	13,0%
Rekstrarniðurstaða .....	4.255,-	0,4%

Efnahagur:

Fastafjármunir .....	2.187.694,-
Veltufjármunir .....	186.103,-
Eignir samtals .....	2.624.125,-
Eigið fé .....	708.809,-
Lífeyrisskuldbindingar .....	20.756,-
Langtímaskuldir.....	1.489.672,-
Skammtímaskuldir.....	404.888,-
Heildar skuldir og skuldbindingar .....	1.915.316,-

Sjóðstreymi:

Veltufé frá rekstri .....	128.242,-
Afborganir langtímalána.....	108.241,-

Heildar fjárfestingar eru áætlaðar 70.075,- þús. kr.

Áætlaðar fjárfestingar í A-hluta eru 33.075 þús. kr. og greinast eftirfarandi: Gangbrautir og stígar 11.500 þús. kr., Opin svæði 2.000 þús. kr., Grunnskólinn Hellu 12.000 þús. kr., Skrifstofa 3.500 þús. kr., Leikskólinn Heklukot 1.200 þús. kr., Íþróttahúsið Hellu 2.000 þús. kr. og Leikskólinn Laugalandi 875 þús. kr.

Áætlaðar fjárfestingar í B-hluta eru 37.000 þús. kr. greinast eftirfarandi: Vatnsveita 7.500 þús. kr., Fráveita 11.500 þús. kr. og Suðurlandsvegur 1-3 ehf. 18.000 kr.

Ekki er gert ráð fyrir langtímalántöku á árinu. Ekki er í áætluninni gert ráð fyrir sértekjum, s.s. vegna styrkja eða sölu eigna. Framlegð samstæðu er áætluð 213.765 þús. kr. eða 20,3%. Skuldahlutfall samstæðu er áætlað 182%.

Bókun fulltrúa D-lista við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012:

Því er fagnað að áætluð heildarniðurstaða af rekstri samstæðu Rangárbings ytra sé jákvæð þó afgangur sé ekki mikill. Það er markverður áfangi að ekki er áætluð ný langtímalántaka og að stefnt er markvisst að lækkun skulda.

Áfram þarf að gæta hámarks aðhalds í rekstri allra stofnana og sameiginlegs rekstrar. Leita þarf leiða til þess að lækka framlög til samstarfsverkefna með hagræðingaraðgerðum.

Starfsfólki sveitarfélagsins er þakkað fyrir mikla vinnu við gerð þessarar áætlunar sem unnin er við erfið rekstrarskilyrði og þröngan fjárhag.

Guðmundur Ingi Gunnlaugson

Anna María Kristjánsdóttir

Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Bókun Á-lista vegna fjárhagsáætlunar 2012:

Mjög þröng fjárhagsstaða sveitarfélagsins hefur sett mark sitt á stefnu og ákvarðanatöku við gerð fjárhagsáætlunar 2012.

Því skal haldið skýrt til haga að aðal ástæða erfiðrar fjárhagsstöðu sveitarfélagsins nú má rekja til ákvarðanatöku á kjörtímabilinu 2006-2010 og ber þar hæst kostnað sveitarfélagsins vegna byggingu tengibyggingar á milli húsanna við Suðurlandsveg 1 og 3 á Hellu. Rekstur byggingarinnar og félag um byggingu hússins hefur verulega neikvæð fjárhagsleg áhrif í bókum sveitarfélagsins þegar A- og B-hluti samstæðu er skoðaður.

Eins og sjá má er áætlun um niðurstöðu reksturs A-hluta sveitarfélagsins jákvæð sem nemur um 19 milljónum en neikvæð rekstrarniðurstaða í B-hluta étur þann hagnað upp og vegur þar neikvæð rekstrarniðurstaða Suðurlandsvegur 1-3 ehf. upp á 18 milljónir þyngst. Af þessu má draga þá augljósu ályktun að rekstur sveitarfélagsins er í góðum farvegi ef rekstur vegna Suðurlandsvegur 1-3 ehf. er undanskilinn. Mjög brýnt er þó að halda áfram uppbyggingu félagsins og markaðssetningu húsnæðisins, sem býður upp á ný atvinnutækifæri og styrkingu þjónustu.

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga hefur óskað eftir upplýsingum og fylgist með framvindu mála. Það er alvarleg staða sem stjórnendur sveitarfélagsins þurfa að glíma við þessi misserin.

Áætlunin er sett fram með ábyrgum hætti og mikilvægt er að snúa vörn í sókn en ljóst er að gæta þarf aðhalds á öllum sviðum.

Sveitarstjóra, starfsfólki og forstöðumönnum eru þökkuð frábær störf og samvinna við gerð fjárhagsáætlunar 2012. Einnig er minnihluta sveitarstjórnar þakkað fyrir samstarfið við gerð og afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson, Ólafur E. Júlíusson.

Bókun D-lista vegna bókunar fulltrúa Á-lista við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2012 8. desember 2011:

Í bókun Á-listans er vísað til ákvarðanatöku í sveitarstjórninni á síðasta kjörtímabili varðandi byggingu tengibyggingar Suðurlandsvegur 1 - 3 ehf. Ekki er ljóst hvaða ákvarðanatöku er verið að vitna í og því er eðlilegt að álykta að um sé að ræða upphaflega ákvörðun um að ráðast í verkefnið að byggja tengibyggingu á milli húsanna Suðurlandsvegur 1 og 3. Rétt er að minnast þess að sú ákvörðun var samþykkt samhljóða en ekki eingöngu af þáverandi meirihluta.

Fulltrúum Á-listans er eindregið óskað þess að þeim auðnist um komandi jólahátíð að líta upp úr fortíðinni og koma inn í nútímann og horfa til framtíðar.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Anna María Kristjánsdóttir

Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Fjárhagsáætlun 2012 borin undir atkvæði.



*Fjárhagsáætlun 2012 samþykkt samhljóða.*

11. Trúnaðarmál – tillaga um lokun fundar.

*Fært í trúnaðarmálabók.*

**Fundargerðir til umsagnar og kynningar:**

12. 209. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., dags. 22. nóv. 2011.

Til kynningar.

13. 113. fundur barnaverndarnefndar Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, dags. 23. nóv. 2011.

Til kynningar.

14. Stofnfundur Sambands orkusveitarfélaga, dags. 25. nóv. 2011.

Í fundargerðinni er m.a. sagt frá kynningu á markmiðum félagsins en þar er m.a. sagt að mikilvægt sé að sveitarfélögin hafi sameiginlegan vettvang til að vinna í þessum málaflokki. Í þessu sambandi eru sérstaklega nefndir fasteignaskattar, nýtingarsamningar og mikilvægi þess að starfa saman. Meginsjónarmið varðandi meðferð auðlinda eigi við hvort sem það er á vegum ríkis eða sveitarfélaga. Ítrekað er mikilvægi þess að arður verði eftir í sveitarfélaginu þar sem orkuframleiðsla fer fram.

Tillaga um árgjald ársins 2012 er eftirfarandi:

300.000 kr. fyrir sveitarfélög með yfir 10.000 íbúa

200.000 kr. fyrir sveitarfélög með 5.000-10.000 íbúa

100.000 kr. fyrir sveitarfélög með undir 5.000 íbúa

*Sveitarstjórn staðfestir stofnaðild að Sambandi orkusveitarfélaga.*

15. Stjórnarfundur í Húsakynnum bs., dags. 29. nóv. 2011.

*Vegna þess sem fram kemur í fundargerðinni vísar sveitarstjórn í tl. 8.3. og 8.5 hér að ofan.*

16. 15. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, dags. 30. nóv. 2011.

17. Aðalfundur byggingar- og skipulagsfulltrúaembætti Rangárþings bs., dags. 6. des. 2011.

18. Fundur í stjórn byggingar- og skipulagsfulltrúaembættis Rangárþings bs., dags. 6. des. 2011.

19. 46. fundur stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, dags. 8. des. 2011.

*Sveitarstjórn fagnar þeirri niðurstöðu að búið sé að leysa húsnæðisvanda Félagsþjónustunnar.*

**Fundaboð, styrkumsóknir og kynningarefni:**

20. Drög að verkáætlun fyrir rammaskipulag norðan Mýrdalsjökuls.

Steinholt sf. hefur unnið drög að verkáætlun fyrir rammaskipulag norðan Mýrdalsjökuls. Verkáætlunin er fylgigagn með styrkumsókn sem send var stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vegna verkefnisins.

21. Fornleifavernd ríkisins; Heysholt í Rangárþingi ytra – DSKL fyrir lóðir 2-5, dags. 14. nóv. 2011.

22. Fornleifavernd ríkisins; Hraunhóll í Rangárþingi ytra – DSKL, dags. 14. nóv. 2011.

23. Fornleifavernd ríkisins; Holtsmúli 4 í Rangárþingi ytra – DSKL, dags. 16. nóv. 2011.

24. Veritas lögmenn; Varðandi fasteignagjöld skv. erindi dags. 25. nóv. 2011.

Til kynningar.

25. Veritas lögmenn; Varðandi fjallskilagjöld skv. erindi dags. 25. nóv. 2011.

*Erindinu er vísað til fjallskilanevndar Landmannaafreittar.*

26. Markaðsskrifstofa Suðurlands, Samstarfssamningur við markaðsstofu Suðurlands, dags. 8. september 2011.

Erindið var áður tekið fyrir á 16. fundi hreppsráðs, dags. 19. september 2011, og var því vísað til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

Tillaga að afgreiðslu:

Sveitarstjórn leitar nú allra leiða til að bæta fjárhag sveitarfélagsins og sér því ekki færi á því að gera samstarfssamning við Markaðsstofu Suðurlands að svo stöddu.

Tillagan borin undir atkvæði.

Fjórir samþykkja, þrír sitja hjá (GIG, IPG, AMK).

*Tillagan er samþykkt og erindinu því hafnað.*

27. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS); Fyrirspurn vegna rekstrarársins 2011, skv. tölvupósti dags. 29. nóv. 2011.

Í póstinum kemur fram að EFS óskaði eftir fjárhagsupplýsingum frá sveitarstjóra vegna rekstrarársins 2011 og hafa þær upplýsingar verið veittar. Ástæður fyrirspurnar EFS um fjármálin eru meðal annars þær að á liðnum árum hefur skuldahlutfall sveitarfélagsins verið að hækka. EFS hefur sett sér 150% skuldaviðmið vegna fjárhagsskoðunar á fjármálum sveitarfélaga. Þetta viðmið er einnig að finna í sveitarstjórnarlögum sem taka gildi um áramót.

Niðurstaða EFS er að miðað við áætlað sjóðstreymi 2011 og áframhaldandi rekstur á svipuðum nótum og árið 2011, ætti að myndast svigrúm til niðurgreiðslu skulda.

EFS óskar ekki eftir frekari upplýsingum að sinni en við gerð fjárhagsáætlana næstu ára, hvetur EFS sveitarfélagið til lækkunar skulda og mun nefndin yfirfara fjárhagsáætlun 2012 og þriggja ára áætlun sveitarfélagsins vegna áframhaldandi upplýsingaöflunar.

*Sveitarstjórn mun áfram gæta aðhalds í rekstri og fjárfestingum.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin yfir og fundi slitið kl. 18:48.